



Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030

Viðauki 1
Umhverfisskýrsla

16.11.2010

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030

Nóvember 2010

Sveitarfélagið Norðurþing

Ráðgjafarfyrtækið Alta

Gögn aðalskipulagsins

Aðalskipulag Norðurbings 2010–2030 samanstendur af eftirtöldum gögnum:

1. Greinargerð sem er sett fram í þremur heftum:
 - 1.-22. kafli: Meginforsendur og stefna
 23. kafli: Skipulag dreifbýlis
 24. kafli: Skipulag þéttbýlis
2. Skipulagsuppráttum sem eru:
 - Sveitarfélagsuppráttur í mkv. 1:100.000.
 - Þéttbýlisuppráttur fyrir Húsavík í mkv. 1:10.000.
 - Þéttbýlisuppráttur fyrir Kópasker í mkv. 1:10.000.
 - Þéttbýlisuppráttur fyrir Raufarhöfn í mkv. 1:10.000.
3. **Viðauka 1** sem er þessi **umhverfisskýrsla** sem lýsir forsendum og áhrifum tillögunnar.
4. Viðauka 2 sem inniheldur heimildaskrá, lista yfir ítarefni og yfirlit yfir skipulagsferlið.

Efnisyfirlit

1	Um umhverfisskýrsluna	1	6.4	Samgöngur	18
1.1	Hlutverk umhverfisskýrslu	1	6.5	Vatn og sjór	19
1.2	Uppbygging umhverfisskýrslu	1	6.6	Land og sjávarbotn.....	20
2	Tengsl aðalskipulagsgreinargerðar og umhverfisskýrslu.....	2	6.7	Vistkerfi og líffræðileg fjölbreytni	24
2.1	Skipulagsgögn	2	6.8	Náttúruvá	26
2.2	Uppbygging stefnu aðalskipulagsins	2	6.9	Matvælaöryggi	27
3	Aðferðir og nákvæmni umhverfismatsins	4	6.10	Landslag, náttúruminjar og menningarmínjar	28
3.1	Uppbygging umhverfismatsins	4	6.11	Byggðarmynstur og yfirbragð byggðar	30
3.2	Gögn.....	6	7	Nýr hornsteinn	31
3.3	Vinnuferlið, samráð og kynning	6	7.1	Stóriðja á Bakka	31
4	Tengsl aðalskipulagsins við aðrar áætlanir.....	7	7.2	Athafnastarfsemi á Bakka.....	33
4.1	Alþjóðlegar samþykktir.....	7	7.3	Ný höfn við Húsavíkurhöfða	33
4.2	Áætlanir og stefna á landsvísu	8	8	Pingeysk matvæli	34
4.3	Áætlanir og stefna á svæðisvísu og aðliggjandi sveitarfélaga	10	8.1	Verðmæt landbúnaðarsvæði	34
4.4	Áætlanir sveitarfélagsins	11	8.2	Ylrækt	34
5	Umhverfisþættir og umhverfisviðmið.....	12	8.3	Fiskeldi	35
5.1	Umhverfisþættir.....	12	8.4	Berja- og grasalönd	36
5.2	Umhverfisviðmið.....	14	9	Framsækin ferðaþjónusta	38
6	Samfélags- og umhverfisaðstæður í Norðurþingi.....	16	9.1	Lykilatvinnuvegur	38
6.1	Meginforsendur aðalskipulagsins.....	16	9.2	Fjölbreytt afþreying	39
6.2	Ástand einstakra umhverfisþátta og líkleg þróun án skipulags.....	16	10	Vaxandi sérþekking	40
6.3	Samfélag.....	17	10.1	Sérsvið Norðurþings	40

10.2	Möguleikar til fjarvinnslu	41	15.4	Tómstundabúskapur	53
11	Öruggar samgöngur	42	15.5	Tómstundaveiðar	53
11.1	Vegakerfi	42	15.6	Frístundabyggð	54
11.2	Almenningsamgöngur	43	16	Litríkt menningarlíf	55
11.3	Flugsamgöngur	43	16.1	Söfn, félagsstarfsemi og menningarviðburðir	55
11.4	Hafnir	44	16.2	Menningararfur	55
11.5	Göngu- og reiðleiðir	44	17	Traust velferðarþjónusta	56
12	Góð þjónustukerfi	46	17.1	Félagsþjónusta	56
12.1	Fjarskipti	46	17.2	Heilbrigðisþjónusta	56
12.2	Rafveita	46	17.3	Öryggi	56
12.3	Hitaveita	47	18	Vönduð stjórnýsla	57
12.4	Vatnsveita	47	18.1	Miðstöð stjórnýslu	57
12.5	Fráveita	48	18.2	Aðgengi að upplýsingum	57
12.6	Sorphirða og sorpförgun	48	18.3	Umhverfisstarf	57
13	Fjölbreytt íbúðarhúsnæði	50	19	Heilbrigð vistkerfi	58
13.1	Búsetukostir	50	19.1	Varnir gegn mengun vatns	58
13.2	Hönnun og bygging íbúðarhúsnæðis	50	19.2	Loftgæði og loftslagbreytingar	59
14	Skapandi skólasterfsemi	51	19.3	Verndun líffræðilegrar fjölbreytni	59
14.1	Skólar	51	19.4	Umgengni, umhirða og vistvænn lífsstíll	60
14.2	Háskólanám og símenntun	51	20	Sjálfbær auðindanýting	62
15	Fyrirmyndar tómstundaðstaða	52	20.1	Neysluvatn	62
15.1	Almenn útivistarsvæði	52	20.2	Nýting fallvatna	63
15.2	Leiksvæði barna	52	20.3	Jarðhiti og jarðgas	63
15.3	Íþróttasvæði og íþróttamannvirki	53	20.4	Jarðefni	64

21	Fjölbreytt búsetulandslag í dreifbýli.....	66
21.1	Fjölbreytni landslags og verðmæt svæði.....	66
21.2	Menningarlandslag og menningarminjar	67
21.3	Skógrækt	67
21.4	Landgræðsla	70
22	Vandað skipulag og sterk bæjarmynd í þéttbýli	72
22.1	Gönguvæn og aðlaðandi byggð	72
22.2	Virðing fyrir náttúru og menningararfi	72
22.3	Fjölbreytt og aðgengileg útivistarsvæði	73
23	Samræmi við gildandi skipulag	74
23.1	Skipulag á sveitarfélagamörkum	74
23.2	Breytingar frá gildandi aðalskipulagi í Norðurþingi	74
24	Samantekt og niðurstaða	75

24.1	Samanlögð áhrif á einstaka umhverfispætti	75
24.2	Niðurstaða	77
Heimildaskrá		78

1 Um umhverfisskýrsluna

1.1 Hlutverk umhverfisskýrslu

Tillaga að markmiðum, stefnu og skipulagsákvæðum Aðalskipulags Norðurlands 2010-2030, er sett fram í aðalskipulagsgreinargerð, á sveitarfélagsuppdrætti og þremur þéttbýlisuppdráttum. Í þessari skýrslu er stefna aðalskipulagstillögunnar dregin saman og gerð grein fyrir forsendum hennar og áhrifum á umhverfi og samfélag. Skýrslunni er ætlað að vera bakgrunnsskýrsla fyrir aðalskipulagstillögununa um leið og hún er umhverfisskýrsla í samræmi við ákvæði laga nr. 105/206 um umhverfismat áætlana og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun 2007 og 2009). Samkvæmt framangreindum lögum er skylt að meta umhverfisáhrif við gerð skipulagsáætlana í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og tryggja að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða.

1.2 Uppbygging umhverfisskýrslu

Umhverfisskýrslan skiptist í 4 hluta: Inngang, forsendur, umhverfismat og niðurstöðu. Hver hluti hefur nokkra undirkafli.

Í inngangi er gerð grein fyrir hlutverki og uppbyggingu umhverfisskýrslu (1. kafli) og tengslum hennar við aðalskipulagsgreinargerð (2. kafli). Þar er einnig gerð grein fyrir hvernig stefna aðalskipulagstillögunnar er byggð upp og hvaða aðferðum er beitt við umhverfismatið (3. kafli).

Í forsenduhluta er í fyrsta lagi tilgreindar þær áætlanir og þau stefnuskjöl sem aðalskipulagstillagan byggir á og liggja til grundvallar skipulagstillögunni og umhverfismatinu (4. kafli). Í öðru lagi er settur fram listi yfir þá umhverfisþætti sem eru til skoðunar í matinu og viðmið fyrir þá (5. kafli). Í þriðja lagi er gerð grein fyrir umhverfisaðstæðum í Norðurlandi út frá þeim umhverfisþáttunum og reynt að meta hver þróun þeirra er líkleg til að verða ef aðalskipulagstillagan kæmi ekki til framfylgdar (svokallaður 0-kostur) (6. kafli).

Meginhluti skýrslunnar, sjálft umhverfismatið, er byggður upp með líkum hætti og aðalskipulagsgreinargerðin, þ.e. út frá leiðarvísunum 16 (7.-22. kafli) sem lýsa meginmarkmiðum fyrir alla helstu málaflokka sveitarfélagsins. Í hverjum kafla er stefna í málaflokknum dregin saman, gerð grein fyrir forsendum hennar og mögulegum áhrifum á umhverfi og samfélag (sjá nánar 3. kafla).

Í fjórða og síðasta hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir samræmi við gildandi skipulag á sveitarfélagamörkum (23. kafli). Síðan eru áhrif allra stefnumiða á einstaka umhverfisþætti dregin saman (24. kafli), komist að niðurstöðu um samanlögð áhrif tillögunnar á umhverfið sem heild. Heimildir sem nýttar voru við vinnslu umhverfisskýrslunnar eru í viðauka 2 með aðalskipulagsgreinargerð.

2 Tengsl aðalskipulagsgreinargerðar og umhverfisskýrslu

2.1 Skipulagsgögn

Þessi umhverfisskýrsla er viðauki við tillögu að Aðalskipulagi Norðurbings 2010-2030 sem samanstendur af eftirfarandi skipulagsgögnum:

Aðalskipulagsgreinargerð.

Sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:100.000.

Þéttbýlisuppdráttum fyrir Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn í mkv. 1:10.000.

Viðauki 2 með skipulagstillögunni inniheldur:

Heimildaskrá og ítarefni fyrir aðalskipulagsgreinargerð og umhverfisskýrslu.

Skipulagsferli aðalskipulagsins.

2.2 Uppbygging stefnu aðalskipulagsins

Stefna aðalskipulagstillögunnar er sett fram með leiðarljósi fyrir öll svið og allt land Norðurbings í heild, leiðarvísun (meginmarkmiðum) fyrir alla helstu málaflokka og markmiðum og stefnu í fyrir einstök viðfangsefni innan hvers málaflokks. Stefnan er síðan útfærð nánar með landnotkunarákvæðum og skipulagsskilmálum fyrir einstök svæði eftir því sem við á.

Til að gera aðalskipulagsgreinargerð aðgengilega og einfalda og stefnu hennar sem sýnilegasta inniheldur sú greinargerð einungis stefnu. Í umhverfisskýrslu er hinsvegar gerð grein fyrir forsendum og áhrifum stefnunnar. Til að auðvelt sé að lesa skýrslurnar saman er umhverfisskýrslan byggð upp með sama hætti og aðalskipulagsgreinargerðin, sbr. yfirlit á næstu blaðsíðu.

Efnisyfirlit aðalskipulagsgreinargerðar:

INNGANGUR

- 1 Hlutverk og áherslur aðalskipulags Norðurlands
- 2 Uppbygging aðalskipulagsins

FORSENDUR

- 3 Styrkleikar Norðurlands
- 4 Áskoranir og tækifæri
- 5 Áætlun um byggðapróun

STEFNA

- 6 Framtíðarsýn og meginmarkmið
- 7 Nýr hornsteinn
- 8 Þingeysk matvælaframleiðsla
- 9 Framsækin ferðarþjónusta
- 10 Vaxandi sérþekking
- 11 Öruggar samgöngur
- 12 Góð þjónustukerfi
- 13 Fjölbreytt íbúðarhúsnæði
- 14 Skapandi skólastarfsemi
- 15 Fyrirmyndar tómstundaaðstaða
- 16 Litríkt menningarlíf
- 17 Traust velferðarþjónusta
- 18 Vönduð stjórnsýsla
- 19 Heilbrigð vistkerfi
- 20 Sjálfbær auðlindanýting
- 21 Fjölbreytt landslag í dreifbýli
- 22 Vandað skipulag og sterk bæjarmynd í þéttbýli

SKIPULAGSÁKVÆÐI

- 23 Skipulag dreifbýlis. Sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1:100.000.
- 24 Skipulag Húsavíkur. Þéttbýlisuppdráttur í mkv. 1:10.000.
- 25 Skipulag Miðbæjar Húsavíkur. Skýringaruppdráttur.
- 26 Skipulag Kópaskers. Þéttbýlisuppdráttur í mkv. 1:10.000.
- 27 Skipulag Raufarhafnar. Þéttbýlisuppdráttur í mkv. 1:10.000.

VIÐAUKAR

- 1 Umhverfisskýrsla: Forsendur og áhrif Aðalskipulags Norðurlands 2010-2030.
- 2 Heimildaskrá og ítarefni. Skipulagsferlið.

Efnisyfirlit umhverfisskýrslu:

INNGANGUR

- 1 Um umhverfisskýrsluna
- 2 Tengsl aðalskipulagsgreinargerðar og umhverfisskýrslu
- 3 Aðferðir og nákvæmni umhverfismatsins

FORSENDUR

- 4 Tengsl aðalskipulagsins við aðrar áætlanir
- 5 Umhverfisþættir og umhverfisviðmið
- 6 Umhverfis- og samfélagsaðstaða í Norðurlandi

UMHVERFISMAT

- 7 Nýr hornsteinn
- 8 Þingeysk matvælaframleiðsla
- 9 Framsækin ferðarþjónusta
- 10 Vaxandi sérþekking
- 11 Öruggar samgöngur
- 12 Góð þjónustukerfi
- 13 Fjölbreytt íbúðarhúsnæði
- 14 Skapandi skólastarfsemi
- 15 Fyrirmyndar tómstundaaðstaða
- 16 Litríkt menningarlíf
- 17 Traust velferðarþjónusta
- 18 Vönduð stjórnsýsla
- 19 Heilbrigð vistkerfi
- 20 Sjálfbær auðlindanýting
- 21 Fjölbreytt landslag í dreifbýli
- 22 Vandað skipulag og sterk bæjarmynd í þéttbýli

SAMANTEKT OG NIÐURSTAÐA

- 23 Skipulag á sveitarfélagamörkum
- 24 Samantekt og niðurstaða

VIÐAUKAR

Sjá viðauka 1 og 2 með aðalskipulagsgreinargerð

3 Aðferðir og nákvæmni umhverfismatsins

3.1 Uppbygging umhverfismatsins

Umfjöllun um hvern leiðarvísi (meginmálaflokk) aðalskipulagstillögunnar og þau markmið og stefnu sem honum tilheyra er skipt upp í nokkra undirkafla. Fyrst er stefnan í málaflokknum dregin saman, þá er gerð grein fyrir helstu forsendum hennar og síðan fjallað um hvaða áhrif á umhverfi og samfélag stefnan kunni að hafa. Þegar fjallað hefur verið um alla málaflokka með þessum hætti er leitast við að gera grein fyrir hugsanlegum samanlögðum áhrifum allra stefnumiða á einstaka umhverfisþætti og á umhverfið í heild. Að lokum er sett fram áætlun um vöktun þeirra umhverfisþátta sem kunna að verða fyrir verulegum áhrifum. Nánar er fjallað um þessa uppbyggingu umhverfismatsins í kafla 3.1.1-3.1.5 að neðan.

Stefnan í hnotskurn

Greint er frá hver stefna aðalskipulagstillögunnar varðandi viðkomandi málaflokk er í hnotskurn, þ.e. gerð er grein fyrir helstu atriðum stefnunnar og einkum þeim sem talið er að skoða þurfi m.t.t. hugsanlegra verulegra umhverfisáhrifa. Vísað er í aðalskipulagsgreinargerð varðandi innihald allrar stefnu tillögunnar og gildir sá texti ef ósamræmi er talið vera á milli texta í umhverfisskýrslu og aðalskipulagsgreinargerð. Í nokkrum tilvikum er sleppt að gera grein fyrir ef stefnan er það almenn að ekki þótti ástæða til að gera nánari grein fyrir forsendum hennar og áhrifum.

Forsendur stefnunnar

Í umfjöllun um forsendur hvorrar stefnu er fjallað um núverandi stöðu eða ástand og tilgreint hvaða stefna eða áætlanir liggja til grundvallar viðkomandi stefnu og gerð grein fyrir ef um ósamræmi er að ræða.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Í umfjöllun um umhverfisáhrif er annars vegar gefið yfirlit í töflu yfir hugsanleg jákvæð og neikvæð áhrif stefnumiða á einstaka umhverfisþætti og hinsvegar er fjallað um þau áhrif sem mestu máli skipta í texta. „Einkunnagjöf“ í töflu er aðallega ætlað að draga fram þá stefnu sem kann að hafa veruleg umhverfisáhrif á einstaka eða marga umhverfisþætti. Töfluna þarf í öllum tilvikum að lesa í samhengi við texta um möguleg áhrif á umhverfi og samfélag.

Í þeim tilvikum sem stefna var talin geta valdið verulegum umhverfisáhrifum skal skv. lögum um umhverfismat bera saman raunhæfa valkosti, þ.e. að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs. Samanburður kosta er leið til að velja þann kost sem veldur minni neikvæðum áhrifum og framfylgir leiðarljósi og meginstefnu sveitarfélagsins með fullnægjandi hætti. Þar sem fá af stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar voru talin valda verulegum umhverfisáhrifum og að sú stefna sem helst kann að gera það, þ.e. stefna um stóriðju að Bakka, hefur þegar verið fest í aðalskipulagi, var samanburður kosta ekki stór hluti

af umhverfismatinu. Hinsvegar er gerð grein fyrir 0-kostinum, þ.e. líklegri þróun án aðalskipulagstillögunnar í forsendu hluta umhverfisskýrslunnar.

Í umhverfismatinu er leitast við að fjalla almennt um umhverfisáhrif þeirrar stefnu sem sett er fram í aðalskipulagstillögunni og miða upplýsingar og nákvæmni við það almenna stig sem stefna í aðalskipulagi er. Þetta þýðir að matið er fremur almennt og í mörgum tilvikum er einungis unnt að segja til um hvaða þættir gætu orðið fyrir áhrifum og hvers eðlis þau áhrif kunna að verða, fremur en að segja nákvæmlega til um hver áhrifin verða. Þau þarf að skoða nánar á deiliskipulagi og við framkvæmdaleyfisveitingu og í mati á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í umfjöllun um umhverfisáhrif er gerð grein fyrir hvaða framkvæmdir í málafloknum háðar þeim lögum.

Í mörgum tilfellum er stefnan almenn, t.d. um nýtingu grunnvatns, fallvatns og jarðhita og gera þarf breytingu á aðalskipulagi ef fram koma tillögunar um nýtingu á tilteknum stöðum. Við þá málsmeðferð við mun verða fjallað um umhverfisáhrif breytingartillögunnar skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Samanlögð áhrif tillögunnar

Í kafla um samanlögð áhrif tillögunnar er annarsvegar skoðað hver heildaráhrif af stefnu tillögunnar á hvern umhverfisþátt kunna að verða og hinsvegar á umhverfið í heild, þ.e. alla umhverfisþætti samanlagt. Leitast er við að svara hver sammögnun áhrifa gætu orðið og hvernig megi draga úr þeim. Greiningin miðar að því að draga fram veruleg umhverfisáhrif líkt og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir. Stefnumið sem kunna að valda verulegum umhverfisáhrifum eru þau sem líkleg eru til að: hafa veruleg neikvæð bein eða óbein áhrif á náttúrufar, samfélag, efnahag eða náttúruauðlindir; vara lengi; ná yfir stór svæði, yfir landamæri eða til fjölda fólks; hafa áhrif á heilsu fólks; leggjast saman með öðrum stefnumiðum, aðgerðum eða umhverfisbreytingum eða vera í ósamræmi við samþykka stefnu á heims-, lands- eða svæðisvísu.

Vöktun

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana skal í umhverfisskýrslu gera grein fyrir hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda. Í vöktunaráætlun komi fram hvaða áhrif þarf að vakta, hvaða umhverfisvísa á að nota til að mæla/meta áhrifin og hver á að vakta áhrifin.

3.2 Gögn

Við aðalskipulagsgerðina hefur verið byggður upp landfræðilegur upplýsingabanki fyrir Norðurþing, bæði til að auðvelda greiningu á landi sem grunn að stefnumörkun og til að auðvelda mat á áhrifum skipulagstillögunnar á umhverfið. Safnað hefur verið saman gögnum frá opinberum stofnunum s.s. varðandi vatnafar, gróðurfar, berggrunn, jarðveg, lífríki, menningarminjar, ræktun og aðra landnýtingu. Á grundvelli þessara gagna hefur verið gerð greining á náttúrufari og landslagi Norðurþings, sbr. 3.-4 og 19.-21. kafla aðalskipulagsgreinargerðar. Þessi gögn hafa verið nýtt við matið auk ritaðra heimilda sem varða einstök stefnumið, sbr. heimildaskrá í viðauka 2 með aðalskipulaginu.

3.3 Vinnuferlið, samráð og kynning

Norðurþing hefur unnið að aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið síðan vorið 2008 og til hægðarauka var vinnunni skipt upp í nokkra áfanga. Haldnir voru tveir íbúafundir í Skúlagarði (apríl 2008 og febrúar 2009) og einn á hverjum þéttbýlisstaðanna (febrúar 2009) til að ræða forsendur og drög að tillögu. Á vef Norðurþings voru á tímabilinu febrúar til júní 2009 kynntar áfangaskýrslur um meginforsendur og framtíðarsýn, landslag og verndarsvæði og skipulag þéttbýlanna. Ný heildstæð drög að sýn, stefnu og skipulagsákvæðum fyrir sveitarfélagið í heild, dreifbýli og þéttbýli, ásamt matslýsingu voru kynnt á vef sveitarfélagsins í september 2009 og voru íbúar, landeigendur, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki í Norðurþingi og aðrir sem áhuga kynnu að hafa eða teldu sig eiga hagsmuna að gæta, hvattir til að kynna sér drögin og matslýsingu og senda inn athugasemdir og ábendingar fyrir 22.10.2009. Jafnframt var sendur tölvupóstur til stofnana í Norðurþingi, á Norðurlandi og landsvísu og óskað eftir umsögnum um drögin.

Umsagnir við tillögur sem birtar voru í september 2009 bárust frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Landsneti, Náttúrustofu Norðausturlands, Norðurlandsskógum, Siglingastofnun Íslands, Skógrækt ríkisins, svæðisráði norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og Vegagerðinni. Fornleifavernd og Landgræðsla ríkisins létu vita að ekki væru gerðar athugasemdir á þessu stigi. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust frá almenningi þegar tillögudrög og matslýsing voru til kynningar á vef Norðurþings frá 21.9.-22.10. 2009.

Aðalskipulagsráðgjafar lögðu mat á umhverfisáhrif aðalskipulagstillögunnar og höfðu til hliðsjónar þær umsagnir sem bárust við drög að aðalskipulagstillögu sem kynnt var í september 2009. Matið byggði einnig á sjónarmiðum og ábendingum sem fram komu á íbúafundum, en á þeim var m.a. leitast við að kalla fram mat íbúa á kostum og göllum einstakra stefnumiða. Drög að mati skipulagsráðgjafa á umhverfisáhrifum aðalskipulags- tillögunnar voru rýnd af skipulags- og byggingarnefnd og skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings.

Lokatillaga að aðalskipulagi ásamt umhverfisskýrslu voru send til umsagnar lögbundinna umsagnaraðila í lok desember 2010. Umsagnir bárust frá Flugstoðum, Fornleifavernd ríkisins, Hafnanefnd Norðurþings, Kirkjugarðaráði, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Húsafriðunarnefnd, Landsneti, Landgræðslu ríkisins, Rarik, Siglingastofnun, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun Vegagerðinni, Fljótsdalshéraði, Skútustaðahreppi, Tjörneshreppi og Þingeyjarsveit.

Tillagan var kynnt á almennum íbúafundi á Húsavík 8. febrúar 2010 í samræmi við ákvæði 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga. Tillagan var síðan tekin fyrir í skipulags- og byggingarnefnd 9. febrúar 2010 og framkomnar umsagnir afgreiddar. Nefndin lagði til við sveitarstjórn að samþykka tillöguna til auglýsingar með þeim breytingum sem koma fram í fundargerð nefndarinnar. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 23.2.2010 að auglýsa tillöguna og senda hana til Skipulagsstofnunar til athugunar sbr. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Umsögn Skipulagsstofnunar barst með bréfi dags. 14.4.2010 og var í kjölfarið gerðar nokkrar lagfæringar á skipulagstillögunni og umhverfisskýrslunni, sbr. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar dags. 26.4.2010 og sveitarstjórnar dags. 29.4.2010.

4 Tengsl aðalskipulagsins við aðrar áætlanir

4.1 Alþjóðlegar samþykktir

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra samþykktanna liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Norðurlands og eru höfð til viðmiðunar við umhverfismat tillögunnar:

Heiti áætlunar	Markmið/stefna sem tengist aðalskipulagsgerðinni
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (París 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar varðgar vargfugla.
Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar 1971).	Mývatnssveit og öll Laxá (20.000 ha) njóta verndar á grundvelli samningsins.
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Río 1992).	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
Rammasamningur sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Río de Janeiro 1992).	Stemmt verði stígu við auknum gróðurhúsahrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995) http://whc.unesco.org	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.

4.2 Áætlanir og stefna á landsvísu

Aðalskipulag Norðurlands tekur mið af eftirfarandi áætlunum, stefnuskjöllum og leiðbeiningaskjöllum á landsvísu, auk markmiða og ákvæða þeirra laga sem helst varða skipulagsgerðina, s.s. skipulags- og byggingarlaga, þjóðminjalaga, laga um náttúruvernd, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga um Vatnajökulsþjóðgarð og laga um verndun Mývatns og Laxár (sjá heimildaskrá). Þessar áætlanir eru jafnframt hafðar til viðmiðunar við umhverfismat einstakra stefnumiða.

Heiti áætlunar	Markmið/stefna sem tengist aðalskipulagsgerðinni
Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006–2009 (Alþingi 2006).	Stefnt er að aðgerðum sem beinast að bættum samgöngum og fjarskiptum, eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar, uppbyggingu þekkingarsetra/háskólasetra, eflingu dreifmenntunar, símenntunar og menningarstarfsemi, bættari heilbrigðisþjónustu, efling þjónustu við innflytjendur, aukinni fjölmenningu, uppbyggingu ferðaþjónustu og efling umhverfisstarfs með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21.
Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 (Alþingi 2007).	Í áætluninni eru skilgreind verkefni sem miða að hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, umhverfislega sjálfbærum samgöngum, öryggi í samgöngum og jákvæðri byggðapróun. Það verkefni sem sveitarfélög geta helst tekið til sín er að meta áhrif bættra samgangna á byggðapróun. Áætlunin flokkar jafnframt samgöngumannvirki og setur fram fjárveitingar til framkvæmda við hafnir, flugvelli, vegi og sjóvarnir eftir sveitarfélögum og tilteknum verkefnum. Í tillögu að aðalskipulagi Norðurlands er gerð grein fyrir framkvæmdum á samgöngumannvirkjum í kafla um samgöngur.
Þingsályktun um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 (Alþingi 2008).	Áætlunin setur fram fjárveitingar til framkvæmda við hafnir, flugvelli, vegi og sjóvarnir eftir sveitarfélögum og tilteknum verkefnum. Í aðalskipulagi Norðurlands er gerð grein fyrir framkvæmdum á samgöngumannvirkjum í kafla um samgöngur.

Þingsályktun um [tölf ára] **samgönguáætlun** fyrir árin 2003–2014

(Alþingi 2003).

Aukin flytjanleiki [hreyfanleiki] í samgöngukerfinu með bættu aðgengi, aukinni afkastagetu og með því að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3½ klst.

Grunnetið verði byggt upp skv. tillögum um röð framkvæmda. Þjónusta í grunnetinu verði aukin.

Almenningssamgöngur í lofti, á sjó og á landi verði skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um það bil 200 íbúum eða fleiri.

Hagkvæmni verði í uppbyggingu og rekstri samgangna.

Umhverfislega sjálfbærar samgöngur: Notkun á endurnýjanlegum auðlindum sé undir endurnýjunarhraða og ekki sé gengið hraðar á óendurnýjanlegar auðlindir en svo að mögulegt sé að þróa og skipta yfir í endurnýjanlegar auðlindir. Umhverfisáhrifum samgangna, hnattrænum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka. Losun CO₂ frá samgöngum árið 2010 verði ekki meiri en árið 1990. Dregið verði úr hávaða frá samgöngum og loftmengun verði haldið innan viðmiðunargildum í stöðlum Evrópusambandsins.

Stuðla verði að nýtingu umhverfisvænna orkugjafa.

Öryggi í samgöngum: Öryggi verði eins og best gerist með öðrum þjóðum. Banaslysum og öðrum alvarlegum slysum í umferðinni verði fækkað um 40% til 2012 miðað við meðaltal árunna 1996–2000 í samræmi við umferðaröryggisáætlun 2001–2012.

Götur og vegir og umhverfi vega gert öruggara, meðal annars með endurskoðun staðla, bættari öryggishönnun, aðskilnaði bílaumferðar og óvarinna vegfarenda þar sem umferðin er mest og fækkun hættulegra staða í vegakerfinu.

<p>Fjarskiptaáætlun 2005-2010 (Samgönguráðuneytið 2005).</p>	<p>Löggð verði áhersla á að þau tækifæri sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun verði nýtt til að skapa störf og auka hagsæld um land allt.</p> <p>Allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggar fjarskiptaþjónustu.</p> <p>Öryggi vegfarenda verði bætt með auknu aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum.</p>
<p>Þingsályktun um ferðamál (Alþingi 2005) og Ferðamálaáætlun 2006-2015 (Samgönguráðuneytið 2005).</p>	<p>Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir þróun íslenskra ferðamála. Tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.</p> <p>Álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarkasamræmi við niðurstöður rannsókna.</p> <p>Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.</p> <p>Ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum.</p> <p>Ísland verði í forystu í umhverfisvænni ferðaþjónustu.</p> <p>Fylgt verði eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðaþjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd.</p> <p>Ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu verði aukin í umhverfismálum.</p>
<p>Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008 (Alþingi 2004).</p>	<p>Í Norðurþingi verði unnið að friðlýsingu búsvæða fugla í Öxarfirði og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði stækkaður um allt að 78 km² þannig að hann myndi samfellda heild um gljúfrin. Stækkunin nái einkum til lands vestan við núverandi þjóðgarðsmörk þannig að Meidavallaskógur, nærliggjandi svæði við norðvesturmörk hans og landræma sunnan núverandi marka verði innan þjóðgarðs.</p>

<p>Tillaga Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004-2008</p>	<p>Auk þeirra svæða sem eru í samþykkttri náttúruverndaráætlun lagði Umhverfisstofnun til að svæði á Melrakkasléttu yrði friðlýst. Svæðið nær frá Presthólalóni norður í Kollufjall og þaðan austur í Klíningsskarð. Þá norður með Leirhafnarfjöllum austanverðum yfir í Geflu, þaðan austur í Þrætuvatn, yfir í Hafnarvötn og þaðan í Gegnisvík. Frá Gegnisvík með ströndinni í vestur og síðan í suður allt í Vörsluvík (mörk sett fram með fyrirvara).</p>
<p>Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013</p>	<p>Unnið verði áfram að friðlýsingu þeirra svæða sem eru á náttúruverndaráætlun 2004-2008. Stefnt er aðfriðlýsingu 24 tegunda háplantna, 45 teg. mosa, 90 teg. flétta og þriggja teg. hryggleysinga.</p>
<p>Náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996).</p>	<p>Sjá um náttúruverndarsvæði í köflum 23.16, 24.3.18, 26.2.16 og 27.2.17 í aðalskipulagsgreinargerð. m náttúruverndarsvæði í.</p>
<p>Líffræðileg fjölbreytni Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni (Ríkisstjórn Íslands 2008).</p>	<p>Stefnan miðar að því að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni Íslands og koma í veg fyrir frekari skerðingu hennar, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkisins og endurheimta þá þætti þess sem spillst hafa eða horfið vegna umsvifa mannsins.</p>
<p>Velferð til framtíðar (Umhverfisráðuneytið 2002 og 2007).</p>	<p>Sjá kafla 5.4 að neðan.</p>
<p>Stefnumörkun í loftslagsmálum (Umhverfisráðuneytið 2008).</p>	<p>Íslensk stjórnvöld munu standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar innan ramma Loftslagsamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunarinnar.</p> <p>Leitað verður allra hagkvæmra leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.</p> <p>Markvisst verður stuðlað að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, en þess í stað nýtt endurnýjanleg orka og loftslagsvænt eldsneyti.</p> <p>Stuðlað verður að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og</p>

	<p>breyttri landnotkun.</p> <p>Undirbúin verður aðlögun að loftslagsbreytingum jafnhliða því sem leitað verður leiða til að draga úr hraða þeirra og styrkleika.</p>
<p>Lög um landshlutabundin skógræktarverkefni (Alþingi 2006).</p>	<p>Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli.</p>
<p>Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar. (Umhverfisráðuneytið 2007).</p>	<p>Lagt er til að beitarstýring verði aukin, unnið verði að friðun birkiskóga og að sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins og að birki verði gróðursett í auknum mæli á skógræktarsvæðum þar sem lögð hefur verið áhersla á innfluttar tegundir.</p> <p>Lagt er til að rannsóknir á íslenskum birkiskógum verði eflaðar, að fræðsla um gildi birkiskóga verði aukin og að gefnar verði út leiðbeiningar um hvernig forðast má eða draga úr röskun birkiskóga í tengslum við framkvæmdir.</p>
<p>Þingsályktun um Landgræðsluáætlun 2003-2014</p>	<p>Markmið landgræðslustarfs séu:</p> <p>Að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll.</p> <p>Að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf.</p> <p>Að öll landnýting verði sjálfbær.</p> <p>Að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda.</p>
<p>Kerfisáætlun Landsnets Fimm ára áætlun 2010-2014</p>	<p>Í áætluninni er að finna yfirlit yfir áætlaða þróun raforkunotkunar og -framleiðslu tengdri flutningskerfinu auk þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er í flutningskerfinu til næstu fimm ára.</p>

4.3 Áætlanir og stefna á svæðisvísu og aðliggjandi sveitarfélaga

Aðalskipulag Norðurlandshrepps tekur mið af eftirfarandi áætlunum á svæðisvísu og aðalskipulagi nágrennasveitarfélaga:

Heiti áætlunar	Markmið/stefna sem tengist aðalskipulagsgerðinni
Norðurlandsskógar – landshlutabundið skógræktarverkefni	Stefnt skal að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli á starfssvæði Norðurlandsskóga, sbr. lög nr. 95/2006 um landshlutabundin skógræktarverkefni. Svæði Norðurlandsskóga nær frá Hrutáfirði austur á Langanes.
Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 (samvinnunefnd um svæðisskipulag háhita í Þingeyjarsýslum 2007).	Skipulagið tekur til orkuvinnslusvæða, svæða fyrir flutningslínur raforku, tengivirkis á Hólasandi, hitaveitulagnar frá Þeistareykjum að Húsavík, virkjanavega og verndarsvæða og verndarákvæða vegna náttúruvafars og minja.
Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 1995-2015	Stefna um landnotkun og mannvirkjagerð á sveitarfélagamörkum.
Aðalskipulag Fjóttsdalshéraðs 2008-2028	
Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015	
Aðalskipulag Svalbarðshrepps – ekkert aðalskipulag í gildi	
Aðalskipulag Tjörneshrepps 2008-2028 - tillaga í vinnslu	
Aðalskipulag Vopnafjarðahrepps – 2006-2026	
Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 – tillaga í vinnslu	
Langanesbyggð:	
Aðalskipulag Þórshafnarhrepps 2003-2023	
Aðalskipulag Skeggjastaðahrepps 2004-2024	
Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 – tillaga í vinnslu	

4.4 Áætlanir sveitarfélagsins

Aðalskipulag Norðurbings tekur mið af eftirfarandi áætlunum sveitarfélagsins Norðurbings:

Heiti áætlunar	Markmið/stefna sem tengist aðalskipulagsgerðinni
Tillaga að Umhverfisáætlun Norðurbings. Staðardagskrá 21 (drög 17.12.2007)	Öll stefna í drögum sem tengist aðalskipulagi eru tekin upp í tillögu að Aðalskipulagi Norðurbings 2010-2030.
Allt hefur áhrif, einkum við sjálf. Stefna og aðgerðaáætlun Norðurbings 2007 – 2010 (samþ. í sveitarstjórn 19.6.2007.	Stefnan tekur til lýðheilsu barna og unglinga og setur fram tímasett markmið varðandi næringu, hreyfingu, skipulag-umhverfi og íþróttahreyfinguna. Stefna sem sérstaklega varðar aðalskipulagsgerðina fjallar um aðgengi að útivistarsvæðum, göngu- og hjólréiðastíga, reiðleiðir, aðgengi að skólum og íþróttamannvirkjum og umferðaröryggi.
Aðalskipulag Húsavíkurbæjar 2005-2025	Stefna um landnotkun og mannvirkjagerð.
Aðalskipulag Kelduneshrepps 1995-2007	
Aðalskipulag Kópaskers 1990-2010	
Aðalskipulag Raufarhafnar 1996-2016	

5 Umhverfisþættir og umhverfisviðmið

5.1 Umhverfisþættir

Umvhverfisþáttur er sá þáttur sem talin er geta orðið fyrir áhrifum af framfylgd áætlunar, t.d. gróðurfar, landslag, menningarminjar eða hljóðvist.

Við mat á einstökum stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar verður farið yfir eftirfarandi umhverfisþætti, en leitast verður við að draga fram þá þætti sem líklegt er talið að verði fyrir *verulegum áhrifum* af framkvæmd viðkomandi stefnu og gera grein fyrir hvaða þættir eru ekki taldir þarfnast sérstakrar athugunar. Listinn byggir á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar, stefnu ríkisins um sjálfbæra þróun sem sett er fram í „Velferð til framtíðar“ og umhverfisaðstæðum og –vandamálum í Norðurþingi.

Umvhverfisþáttur	Undirþáttur
LOFT	
Andrúmsloft og veðurfar	Gróðurhúsaáhrif Svifryk
VATN	
Yfirborðsvatn, grunnvatn, strandsvæði	Vatnsgæði Vatnsbúskapur
LAND	
Land og sjávarbotn	Jarðmyndanir Jarðvegur Jarðhitasvæði
VISTKERFI	
Gróður Dýralíf Líffræðileg fjölbreytni	Vistgerðir og/eða búsvæði Gróðurfar Dýralíf Líffræðileg fjölbreytni
SAMFÉLAG	
Hagrænir og félagslegir þættir	Atvinnulíf Íbúaþróun Þjónusta Samgöngur

LÝÐHEILSA	
Heilsa og öryggi	Heilsufar íbúa Óþægindi vegna t.d. hávaða, lyktar, birtu eða ryks Náttúruvá Umferðaröryggi og slyshætta Matvælaöryggi Útivist og íþróttir
LANDSLAG OG MINJAR	
Náttúruminjar	Friðlýst svæði Svæði í Náttúruverndaráætlun Svæði háð 37. gr. laga um náttúrvernd Svæði sem njóta hverfisverndar Önnur svæði á náttúruminjaskrá Aðrar náttúruminjar
Menningarminjar	Friðlýstar og aðrar fornleifar Friðuð hús Minjar sem njóta hverfisverndar Önnur menningarverðmæti
Náttúrulegt landslag	Víðerni Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð Fjölbreytileiki landslags Andstæður í landslagi Sérstaða/fágæti (Verðmæt svæði á heims-, lands- eða svæðisvísu) Upplifun, sjóngrænt gildi, ásýnd Vísindagildi, fræðslugildi
Menningarlandslag	Saga/sögulegt gildi
BYGGÐARMYNSTUR	
Einkenni og yfirbragð byggðar	Einkenni byggðar, s.s. þéttleiki og ásýnd eða yfirbragð Útsýni Tengsl við þjónustu og opin svæði

5.2 Umhverfisviðmið

Val á umhverfisviðmiðum byggir á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar, stefnu ríkisins um sjálfbæra þróun sem sett er fram í „Velferð til framtíðar“, umhverfisaðstæðum í Norðurþingi og markmiðum sveitarfélagsins eins og þau eru sett fram í aðalskipulagstillögunni. Eftirfarandi viðmið verða höfð til hliðsjónar við matið (skammstafanir vísa í stefnuskjal, lög eða reglugerðir, sjá skýringar neðst í töflunni). Einungis eru tekin þau markmið úr hverju stefnuskjali sem talin eru varða aðalskipulagsgerðina eða ná til þeirra umhverfisþátta sem taldir eru geta orðið fyrir mestum áhrifum í Norðurþingi. Frumtexti markmiðanna eru stytur en leitast við að halda í efnislega merkingu. Vísað er til frumtexta varðandi nákvæma orðun markmiða, sjá heimildaskrá.

Umhverfisþáttur	Viðmið / umhverfismarkmið
LOFT Andrúmsloft og veðurfar	<ul style="list-style-type: none"> Heilnæmt andrúmsloft m.v. ströngustu mörk á EES (VTF). Lágmarks loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi (VTF). Losun ósoneyðandi efna verði hætt árið 2010 (VTF).
VATN Yfirborðsvatn, grunnvatn, strandsvæði	<ul style="list-style-type: none"> Heilnæmt og ómengað vatn til neyslu og annarra nytja (VTF). Engin eða lítil mengun í ám og vötnum (VTF). Endurnýjanlegar orkulindir nýttar með hagkvæmni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi (VTF). Stuðlað að aukinni orkunýtni (VTF).
LAND Land og sjávarbotn	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni jarðmyndana varðveitt m.þ.a. vernda sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu (VTF). Jarðvegur verði nýttur á sjálfbæran hátt (VTF). Endurnýjanlegar orkulindir nýttar með hagkvæmni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi (VTF). Stuðlað að aukinni orkunýtni (VTF). Dregið úr myndun og meðhöndlun úrgangs og meðhöndlun hans valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið (VTF). Spilliefni berist ekki út í umhverfið (VTF). Aukin endurnýting úrgangs, s.s. umbúða, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja (VTF). Losun skaðlegra efna í hafið hverfi með öllu (VTF).
VISTKERFI Gróður Dýralíf Líffræðileg fjölbreytni	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytileiki tegunda og vistgerða (VTF). Forðast skerðingu votlendis, birkiskóga og annarra lykilvistkerfa (VTF). Endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem talið er mögulegt (VTF).

	<ul style="list-style-type: none"> Gróður, þ.m.t. skógur, nýttur á sjálfbæran hátt (VTF). Beit stjórnað m.t.t. nýtingarþols og hættu á jarðvegseyðingu (VTF). Skipuleg landgræðsla á eyddum og rofskemmdum svæðum, í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar á hverju svæði. Hraðfara jarðvegseyðing stöðvuð (VTF). Nytjaskógar falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins (VTF). Líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaaðlindir þeirra og búsvæði (VTF). Öll nýting lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt (VTF). Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki (VTF). Endurnýjanlegar orkulindir nýttar með hagkvæmni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi (VTF). Stuðlað að aukinni orkunýtni (VTF). Dregið úr myndun og meðhöndlun úrgangs og meðhöndlun hans valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið (VTF). Spilliefni berist ekki út í umhverfið (VTF). Aukin endurnýting úrgangs, s.s. umbúða, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja (VTF).
LANDSLAG OG MINJAR Náttúruminjar	<ul style="list-style-type: none"> Markmið og ákvæði laga um náttúruvernd.
LANDSLAG OG MINJAR Menningarminjar	<ul style="list-style-type: none"> Markmið og ákvæði þjóðminjalaga. Fornleifar sem taldar eru verðmætar í fyrirliggjandi skrá yfir fornleifar í Norðurþingi.
LANDSLAG Náttúrulegt landslag	<ul style="list-style-type: none"> Stór samfelld viðerni verði áfram að finna í óbyggðum landsins (VTF). Reynt að byggja mannvirki utan skilgreindra viðerna en annars verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun (VTF). Markmið og ákvæði laga um náttúruvernd.
LANDSLAG Menningarlandslag	<ul style="list-style-type: none"> Markmið og ákvæði þjóðminjalaga og laga um náttúruvernd.
LÝÐHEILSA Heilsa og öryggi	<ul style="list-style-type: none"> Heilnæm og örugg matvæli úr hágæða hráefnum í ómenguðu umhverfi (VTF). Notkun efna og efnavöru ógni ekki heilsu mann og umhverfi

	<p>(VTF).</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt innan aldarfjórðungs (VTF). ▪ Ásættanlegt öryggi íbúa m.t.t. náttúruvár (VTF). ▪ Landnýting taki tillit til náttúruvár (VTF).
LÝÐHEILSA Útivist og íþróttir	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Óskertur aðgangur almennings að náttúru landsins nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða (VTF). ▪ Tillit tekið til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu (VTF).
SAMFÉLAG Hagrænir og félagslegir þættir	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Vöxtur í ferðabjónustu en komið í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar (VTF). ▪ Uppbygging nytjaskóga efli byggð og atvinnu í dreifbýli (VTF).
BYGGÐARMYNSTUR Einkenni og yfirbragð byggðar	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Markmið og ákvæði skipulags- og byggingarlaga. ▪ Markmið og stefna viðeigandi áætlana á landsvísu, s.s. samgönguáætlunar, byggðaáætlunar, ferðamálaáætlunar og fjarskiptaáætlunar.
<p>Skýring á skammstöfun:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ VTF: Velferð til framtíðar, sjá heimildaskrá. 	

6 Samfélags- og umhverfisaðstæður í Norðurþingi

6.1 Meginforsendur aðalskipulagsins

Vísað er til eftirfarandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð en þeir fjalla um aðstæður í sveitarfélaginu og þau meginviðfangsefni sem aðalskipulagstillagan fæst við:

- 4 Styrkleikar Norðurþings
- 5 Áskoranir og tækifæri
- 5.1 Fækkun íbúa og uppbygging atvinnulífs
- 5.2 Sameining samfélags og sérstaða svæða
- 5.3 Vatnajökulsþjóðgarður og ferðþjónusta
- 5.4 Landnotkun og náttúru- og landslagsvernd
- 5.5 Landeyðing og landgræðsla
- 5.7 Náttúruvá, vísindi og ferðaþjónusta
- 5.9 Stóriðja og áhrif á samfélag og umhverfi

6.2 Ástand einstakra umhverfisþátta og líkleg þróun án skipulags

Lýsing á núverandi ástandi umhverfis í Norðurþingi er sá grunnur sem hafður er til viðmiðunar þegar umhverfisáhrif einstakra stefnumiða og tillögunnar í heild sinni eru metin. Lýsingin er jafnframt grunnur á mati á 0-kostinum svokallaða en það er sú þróun sem má vænta að verði ef stefnu og ákvörðunum aðalskipulagstillögunnar verður ekki framfylgt.

Í næstu köflum er gefin gróf mynd af ástandi þeirri umhverfisþátta sem matið nær til, sbr. kafla 5.1 að framan. Einnig er reynt að meta 0-kostinn, þ.e. líklega þróun viðkomandi umhverfisþátta ef aðalskipulagstillagan kæmi ekki til framfylgdar.

6.3 Samfélag

Íbúar í Norðurþingi voru 3001 þann 1. janúar 2009. Í þéttbýli bjuggu 2639, þar af 2279 á Húsavík, 137 á Kópaskeri og 223 á Raufarhöfn. Í dreifbýli bjuggu 362 manns. Svæðið hefur átt við fólksfækkun að glíma í alllangan tíma. Áföll hafa orðið í sjávarútvegi eins og víða annarsstaðar á landinu. Einnig hefur úrvinnsla landbúnaðarafurða sem áður var á Húsavík dregist saman en hún er þó enn mikil í héraðinu. Á síðustu 10 árum (1999-2009) hefur íbúum fækkað um 527 eða rúm 17%. Norðurþing er því eitt af þeim sveitarfélögum sem hafa glímt við „viðvarandi fólksfækkun“ eins og hún hefur verið skilgreind í nýlegri skýrslu Byggðarstofnunar (2008).


Aldursdreifing íbúafjöldans er skekkt miðað við landið í heild, þar sem hlutfall ungs fólks og yngstu barna er lægra en á landsvísu en elstu aldurshóparnir eru hlutfallslega fjölmennari. Eðlilegt er að ungt fólk fari burt til að mennta sig en leita þarf leiða til að það geti snúið til baka í störf við hæfi.

Störf í Norðurþingi eru hlutfallslega flest í þjónustu og hefur þeim fjölgað á meðan fækkun hefur orðið í frumvinnslu og iðngreinum. Sú fjölgun hefur þó fyrst og fremst verið í vesturhluta sveitarfélagsins. Þjónustustig í Norðurþingi er hátt miðað við önnur sveitarfélög með viðvarandi fólksfækkun, en þjónusta og verslun stendur vel á Húsavík. Ferðamannastraumur þangað og í þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum hefur verið mikill og vaxandi. Þar eru því tækifæri til sóknar. Landbúnaður og sjávarútvegur eru sterkar greinar en fleiri grunnstoðir vatnar og miklar væntingar eru til uppbyggingar orkufrekrar atvinnustarfsemi og starfsemi í tengslum við sérstöðu svæðisins, sem felst í náttúrunni, hnattrænni staðsetningu, auðlindum í formi ferskvatns og heits vatns, hafnaraðstöðu og hagstæðri staðsetningu hafna.


Stærð sveitarfélagsins miðað við íbúafjölda hefur talsvert fjárhagslegt óhagræði í för með sér. Fjarlægð Norðurþings frá helstu markaðssvæðum er veikleiki sem m.a. kemur fram í miklum flutningskostnaði. Gott samgöngukerfi og öflugt fjarskiptakerfi eru því mikilvægar grunnstoðir í Norðurþingi. Talsverðar úrbætur verða í samgöngumálum með tilkomu Hólaheiðarvegur en fjarskipti í dreifbýli eru ekki í viðunandi horfi og hamla samvinnu í atvinnulífi og stjórnsýslu.

Lítleig þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins


Vænta má svipaðrar atvinnu- og íbúapróunar og verið hefur ef stefna aðalskipulagsins um uppbyggingu stóriðju og eflingu annarra atvinnugreina, s.s. ferðaþjónustu og fiskeldis, verður ekki framfylgt.



Íbúapróun í Norðurþingi 1993-2007



Þróun atvinnulífs í Norðurþingi 1998-2005



Vegakerfi Norðurlþingis

6.4 Samgöngur

Samgöngur til Húsavíkur teljast ágætar en munu batna til muna ef Vaðlaheiðargöng verða að veruleika. Austurhluti Norðurlþingis er eitt þeirra svæða landsins sem afskipt hefur verið í endurbótum þjóðvegakerfisins og vegsamband því enn slakt til Raufarhafnar og sveitarfélögin austan Norðurlþingis. Breyting er þó að verða þar á með nýjum vegi yfir Hólaheiði með tengingu til Raufarhafnar og vegtenginu úr Kelduhverfi að Þjóðvegi 1 með nýjum Dettifossvegi. Þegar þessar vegbætur eru orðnar að veruleika verða allir stofnvegir í sveitarfélaginu með bundnu slitlagi auk tengivegar úr Kelduhverfi suður á Þjóðveg 1.

Alvarleg umferðarslys í Norðurlþingum eru ekki algeng, en þó hafa frá árinu 2001 orðið 2 banaslys og 4 alvarleg slys.

Flugvöllur er í Aðaldal u.þ.b. 10 km sunnan við Húsavík, en áætluðarflug um völinn lagðist af árið 2000. Völlurinn er með 1600 m langri upplýstri flugbraut og stórrum og vel búinni flugstöð.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins


Þar sem helstu samgöngubætur eru þegar í framkvæmd eða ráðgerðar, s.s. Hólaheiðarvegur og Dettifossvegur og aðalskipulagið gerir ekki ráð fyrir öðrum nýjum vegum heldur fyrst og fremst viðhaldi og endurbótum á núverandi vegum, er líklegt að þróun samgangna verði svipuð hvort heldur sem aðalskipulagið kemur til framfylgdar eða ekki. Ólíklegt er að áætluðarflug hefjist að nýju um Húsavíkurflugvöll ef ekki kemur til uppbyggingar stóriðju á Bakka.

6.5 Vatn og sjór


Vatnafar í Norðurþingi mótast einkum af eiginleikum jarðgrunns svæðisins og landslagi. Á yngstu svæðunum svo sem í Kelduhverfi, seytlar yfirborðsvatnið beint niður í jarðgrunnin og kemur fram sem lindarvatn undan hraunjöðrum einnig er lítið um rennandi yfirborðsvatn á stórum sléttum eins og á Hólsfjöllum og Melrakkaslétu. Samkvæmt flokkun Vatnamælinga á vatnasviðum er stærstur hluti vatnasviða innan sveitarfélagsins lindár, ýmist á hriplegum eða treglekum svæðum.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins

Vænta má aukins áhuga á nýtingu vatns t.d. til fiskeldis eða fyrir ferðaþjónustu og frístundabyggð, óháð stefnu aðalskipulagsins. Einnig kann áhugi á nýtingu vatnsafls til orkuframleiðslu að vaxa, s.s. fyrir heimarafstöðvar og aðrar smávirkjarnir, sbr. nýleg námskeið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands fyrir landeigendur um virkjun eigin orku, t.d. bæjarlæk.



Vatnsauðlindir og nýting þeirra (uppl. um lindasvæði í nágrenni Húsavíkur og í Reykjahverfi eru ekki fáanlegar)



Berggrunnur

6.6 Land og sjávarbotn

Jarðmyndanir

Berggrunnurinn undir Norðurþingi er tiltölulega ungur, eða yngri en 0,8 miljón ára, þar af eru stór svæði frá nútíma eða yngri en 10.000 ára, en það eru helst hraunlaugin á heiðunum sunnan Kelduhverfis, einnig eru sandarnir í Óxarfirði yngri en 10.000 ára. Elstu jarðlögin eru á Tjörnesi en þar finnst blágrýti eldra en 3,3 miljón ára. Meirihluti berggrunnins er gosberg, en þó eru fjallgarðarnir austast í sveitarfélaginu móbergshryggir sem myndast hafa við gos undir jökli.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins


Jarðmyndanir munu að öllum líkindum verða nær óbreyttar, án framfylgdar aðalskipulagsins, þar sem ekki yrði um umfangsmikla efnistöku að ræða.

Jarðvegsgerðir


Algengasta jarðvegsgerðin í Norðurþingi er brúnjörð sem jafnframt er langalgengasti þurrlandisjarðvegur á Íslandi, þó er blautjörð í bland við brúnjörðina á hlutum Melrakkaslétta, en blautjörð er jarðvegur votlendis með tiltölulega litlu kolefnisinnihaldi. Lítið er um jarðveg með háu lífrænu innihaldi í Norðurþingi, hann er helst að finna í votlendunum á norðausturhorni Melrakkaslétta og austan við Laufskálafjallgarð (svartjörð). Brúnjörð, blautjörð og svartjörð eru einkum á landi þar sem gróðurþekjan er að mestu órofin, en á rofsvæðum Norðurþings eru sandjörð og melajörð langalgengust, en þessir flokkar einkennast af grófri kornastærð og mjög litlu af lífrænu efni.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins


Líklegt er að skógrækt og landgræðsla verði í sveitarfélaginu óháð stefnu skipulagsins, sem munu leiða til þess að hlutur brúnjarðar mun aukast eitthvað á kostnað sandjarðar og melajarðar.



Jarðvegsgerðir



Jarðvegsrof



- Talsverður sandur
- Mikill sandur
- Mjög mikill sandur

Sendin svæði

Jarðvegsrof

Í Norðurlþingi finnast svæði með mjög miklu jarðvegsrofi en einnig vel gróin svæði með litlu sem engu jarðvegsrofi. Samkvæmt rofkortlagningu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins er yfirleitt lítið jarðvegsrof á láglendi nema helst á aurum Jökulsár. Helstu rofsvæðin liggja hærra, svo sem Hólsfjöll Grjótháls og Reykjaheiði. Einnig er talsvert mikið rof í og við Leirhafnarfjöll. Mörg hálendari svæði sveitarfélagsins eru með lítið sem ekkert rof, svo sem heiðarnar sunnan Kelduhverfis, hlutar fjallgarðanna austast í sveitarfélaginu og votlendissvæðin austan Laufskálafjallgarðs. Samkvæmt kortlagningu ofangreindra stofnana falla 54% sveitarfélagsins í rofflokka 0-2 eða lítið eða ekkert rof og 46% sveitarfélagsins fá einkunnina 3-5 sem er talsvert til mjög mikið rof.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgðar aðalskipulagsins

Landgræðslan og bændur munu líklegast vinna að uppgræðslu lands óháð stefnu skipulagsins, þannig að gróðurþekja mun aukast á verst rofnum svæðum sveitarfélagsins.

Jarðhiti


Mikill jarðhiti er í Öxarfirði en um héraðið liggja þrjú sprungubelti sem öll tengjast virkum eldstöðvakerfum og ráða þau miklu um uppruna og dreifingu jarðhitans á svæðinu, þótt þar séu ekki eiginleg háhitasvæði. Jarðhiti finnst víða á yfirborði á láglandinu í Kelduhverfi og Öxarfirði og er þar um að ræða bæði sjálfstæð hitasvæði og volgt lindavatn (Lúðvík S. Georgsson o.fl. 1989, 1993, 2000).

Jarðhitinn í Öxarfirði getur ekki talist til hefðbundinna háhitakerfa en hefur heldur ekki helstu einkenni lághitakerfa. Hann er því einskonar millistig milli kerfa, sem best má lýsa sem litlum staðbundnum háhitablettum þar sem hitinn nær e.t.v. um 200°C en vart mikið þar yfir. Kringum þessa háhitabletti eru síðan svæði, sem bera ýmis einkenni vatnmikilla lághitasvæða. (os.is, Lokaskýrsla ÍSOR vegna TEM mælinga í Öxarfirði 2005).


Jarðhiti í Reykjahverfi hefur lengi verið nýttur á Hveravöllum til ylræktar á grænmeti og blómaplöntum í gróðurhúsum. Þaðan var lögð hitaveita til Húsavíkur árið 1970. Yfirhiti á vatni úr Reykjahverfi er notaður til rafmagnsframleiðslu í Orkustöð (OH) á Kaldbaksleiti sem tekin var í notkun í júlí árið 2000.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins

Vænta má aukins áhuga á nýtingu jarðhita t.d. fyrir heilsutengda ferðaþjónustu og frístundabyggð. Einnig kann áhugi á nýtingu jarðhita til orkuframleiðslu að vaxa, s.s. fyrir heimarafstöðvar og aðrar smávirkjarnir, sbr. nýleg námskeið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands fyrir landeigendur um virkjun eigin orku, t.d. hitareits.



Jarðhitasvæði



Gróðurfar

6.7 Vistkerfi og líffræðileg fjölbreytni

Gróðurfar

Þar sem jarðvegsrof er ekki vandamál er ástand gróðurs yfirleitt gott. Gróðurfar er fjölbreytt þar sem gróskumestu svæðin eru birkiskógarnir í Öxarfirði. Sunnan byggða Kelduhverfis er eitt stærsta svæði á landinu af ríku mólendi þar sem fjalldrapi og birki eru ríkjandi tegundir. Á Melrakkasléttu er samfelld mólendi sem þó er ekki mjög grösugt, þar eru einnig mestu votlendissvæðin í Norðurþingi en votlendi er helst að finna á aurum Jökulsár og austan Laufskálafjallgarðs. Þá er einnig búið að ræsa fram mest af votlendinu í Reykjahverfi þó enn séu leifar þar. Á Hólsfjöllum eru gróðurleifar með tiltölulega fjölbreyttu gróðurfari, en melgresi er ráðandi á stórum svæðum þar sem sandfok er mest. Í Norðurþingi finnast 12 plöntutegundir sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Dýralíf


Ekki hefur verið gerð nein sérstök úttekt á dýralífi í Norðurþingi. Allar helstu tegundir villtra landspendýra finnast í sveitarfélaginu nema hreindýr þó þau slæðist inn á syðsta hluta svæðisins einstaka sinnum. Fuglalíf í Norðurþing er óvenju fjölbreytt og nokkrir staðir þar eru mikilvægir vegna fuglalífs. Það eru helst Melrakkaslétta vegna rjúpunnar, Víkingavatn vegna flórgoðans og fjölskrúðugs andalífs og Jökulsárgljúfur vegna fálka. Auk þess eru einu heimkynni skúms á Norðurlandi á aurum Jökulsár. Víða eru merkileg fuglabjörg, svo sem í Rauðanúpi, Snartarstaðarnúpi og á Tjörnesi. Sjávarspendýr eru mikilvæg í Norðurþingi, einkum vegna hvalaskoðunar frá Húsavík, en mikið er af smáhvelum á Skjálfanda auk þess sem selir kæpa í Bakkahlaupi í Öxarfirði. Í ám og vötnum þrífast bæði laxar og silungar. Helstu veiðiárnar eru Laxá í Aðaldal, Litlaá í Kelduhverfi, Brunná í Öxarfirði, Hólsá og Ormarsá á Sléttu, auk þess sem mikið er af silungi í vötnum á Sléttu sem eru nýtt til veiði.

Líffræðileg fjölbreytni


Fjölbreytni landslags í Norðurþingi gerir það að verkum að náttúruleg fjölbreytni er mikil. Það má skipta Norðurþingi í nokkra landslagsheildir sem hafa sem mismunandi eiginleika er skapa skilyrði fyrir ýmsar tegundir dýra og plantna. Í Jökulsárgljúfrum er mikil fjölbreytni í landmótun sem skapar skilyrði fyrir mismunandi fugla og gróðurtegundir, aftur á móti er Melrakkasléttan tiltölulega einsleit, en hentar gróðurfarslega vel fyrir rjúpu og varp hennar.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins

Líklegt er að skógrækt og landgræðsla verði í sveitarfélaginu, óháð stefnu aðalskipulagsins, sem kann að breyta gróðurfari og lífríki á einstökum svæðum.




Mikilvæg búsvæði



þéttleiki vatna og votlenda

6.8 Náttúruvá

Náttúruvá í Norðurþingi er fyrst og fremst af völdum flóða í Jökulsá, jarðskjálfta og eldgosa. Svæðið er mjög virkt og þar hafa í gegnum tíðina orðið miklar hamfarir og er ljóst að náttúran mun halda áfram að móta og umbylta landinu. Reglulega koma flóð í Jökulsá, ýmist vegna jökulstíflaðra lóna, bráðnunar frá jarðhita eða eldgosum. Flóðin geta verið allt frá því að vera tiltölulega lítil svo sem árið 2000 þegar flóð kom í Bakkahlaup og Sandá yfir í hamfarahlaup lík þeim er mynduðu Jökulsárgljúfur samfara eldgosum í Vatnajökli. Jarðskjálftar eru tíðir í Norðurþingi, þó flestir séu þeir smáir en tvö skjálftabelti liggja um sveitarfélagið, með stefnuna suðaustur norðvestur. Eystra beltíð liggur frá austurhluta Öxarfjarðar með stefnu á Grímsey og á því beltí varð Kópaskersskjálftinn 1976. Aðrir stórir skjálftar sem má staðsetja á þessu beltí urðu 1885 fyrir vestanverðum botni Öxarfjarðar og trúlega stór skjálfti árið 1910. Vestara skjálftabeltið nær frá Reykjaheiði um Húsavík, Flatey og að mynni Eyjafjarðar þar sem það sveigir til norðurs. Árin 1755 og 1872 urðu miklir skjálftar á Skjálftanda og Húsavík sem eru tengjast þessu skjálftabelti. Áhrifa eldvirkni gætir greinilega í Norðurþingi, þó ekki séu neinar megineldstöðvar innan sveitarfélagsins. Virka gosbeltíð liggur um Öxarfjörð þar sem þrjár sprungureinar ganga út í sjó auk þess sem ein liggur austur um Melrakkasléttu. Þessar sprungureinar eru kenndar við Þeistareyki, Kröflu, Fremrináma og Öskju talið frá vestri til austurs. Á tveimur vestustu sprungureinunum eru megineldstöðvarnar Þeistareykir og Krafla og frá þeim hafa runnið hraun á nútíma (yngri en 10.000 ára) norður í átt að Öxarfirði. Yngsta hraunið frá Þeistareykjaeldstöðinni er um 2500 ára gamalt, en yngsta hraunið frá Kröflueldstöðinni rann í Kröflueldum 1975-1984 og nær nyrsti hluti þess inn í Norðurþing. Á austustu sprungureinunum eru gossprungur sem hefur gosið úr á nútíma, á Fremrinámareininni er Hljóðaklettagíguröðin og á Öskjureininni er Randahólagíguröðin sem teygir sig allt norður á Öxarfjarðarheiði þar sem eru upptök hraunanna á Melrakkasléttu, auk þess sem hraun frá þessari gossprungu hafa runnið niður í Öxarfjarðarsveit.




Skipting Norðausturlands í hröðunarsvæði vegna jarðskjálfta miðað við 500 ára endurkomutíma. Kort í þjóðarskjali með forstaðli um þolhönnun (FS ENV 1998-1-1:1994). Rauð svæði eru með hæsta hönnunarhröðun en græn og hvít með lægsta (Heimild: Páll Halldórsson 2005: Jarðskjálftavirkni á Norðurlandi).

6.9 Matvælaöryggi

Matvælaöryggi verður að teljast gott í Norðurþingi. Stöndug fyrirtæki eru í matvælaiðnað, eins og sláturhús og kjötvinnsla Fjallalambs á Kópaskeri og sláturhús og kjötvinnsla Norðlenska á Húsavík. Fjallalamb byggir m.a. sína markaðssérstöðu á grundvelli náttúrugæða svæðisins og einangrunar frá algengum sauðfjársjúkdómum. Þá gegna fiskveiðar, fiskeldi og fiskvinnsla mikilvægu hlutverki og jarðvarmi er nýttur til ylræktar og fiskeldis. Í ám og vötnum þrífast bæði laxar og silungar. Helstu veiðiárnar eru Laxá í Aðaldal, Litlaá í Kelduverfi, Brunná í Öxarfirði, Hólsá og Ormarsá á Sléttu, auk þess sem mikið er af silungi í vötnum á Sléttu sem eru nýtt til veiði.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins

Reiknað er með að sauðfjárrækt verði áfram ráðandi í landbúnaði svæðisins en að vænta megi aukins áhuga á skógrækt, ylrækt, fiskeldi og ferðaþjónustu sem aukabúgrein.



Matarbúr Norðurþings

6.10 Landslag, náttúruminjar og menningarminjar

Eftirfarandi svæði eru friðlýst, á náttúruminjasrá eða Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Að öðru leyti er vísað í umfjöllun í landslag í köflunum að framan og í 4. kafla og kafla 23.16 í aðalskipulagsgreinargerð.

N1: Mývatn og Laxá. Friðlýst samkvæmt lögum nr. 97/2004.

N2: Vatnajökulsþjóðgarður, sbr. lög nr. 60/2007.

N3: Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni, Öxarfirði. Friðlýst náttúruvætti.

N4: Bakkafjara og Bakkahöfði, norðan Húsavíkur. Á náttúruminjasrá.

N5: Meiðavallaskógur. Á náttúruminjasrá.

N6: Jökulsárgljúfur austan á. Á náttúruminjasrá.

N7: Votlendi við Öxarfjörð. Á náttúruminjasrá.

N8: Röndin við Kópasker. Á náttúruminjasrá.


N9: Melrakkaslétta norðanverð. Á náttúruminjasrá.

N10: Öxarfjörður, fuglasvæði. Á Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

N11: Stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs. Á Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgðar aðalskipulagsins

Unnið kann að verða að friðlýsingu svæða á náttúruminjasrá og svæða á náttúruverndaráætlun óháð stefnu aðalskipulagsins.




Friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá og svæði á Náttúruverndaráætlun 2004-2008


Helstu landslagsheildir í Norðurþingi eru (sjá nánar 4. kafla í aðalskipulagsgreinargerð):

1. Norðurströnd Melrakkaslétta.
2. Melrakkaslétta.
3. Ásaland Öxarfjarðar.
4. Hólsfjöll.
5. Dimmifjallgarður,
6. Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi.
7. Gjástykki.
8. Keldhverfsku heiðarnar.
9. Aurar Jökulár á Fjöllum í Öxarfirði.
10. Húsavík og nágrenni,
11. Reykjahverfi.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins

Reiknað er með að landslagsheildirnar standi nokkuð óbreyttar um langan tíma þó svo einkenni einstakra þeirra kunni að breytast eitthvað, t.d. vegna frístundabyggðar, skógræktar og landgræðslu.





Péttleiki byggðar (svartir punktar) og eyðibýggðar (rauðir punktar)

6.11 Byggðarmynstur og yfirbragð byggðar

Byggð í Norðurland eystra dreifist á þrjá þéttbýlisstaði, Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn og fimm megin svæði í dreifbýlinu: Reykjahverfi, Kelduhverfi, Öxarfjörð, Núpasveit og Melrakkaslétu. Byggðin hefur gisnað í sveitunum, einkum í Kelduhverfi og á Sléttu. Ekki er mikið um íbúðarbyggð án tengsla við búskap í sveitum.

Jarðir í Reykjahverfi eru fremur litlar og býlin þétt. Í Kelduhverfi mynda bæirnir nokkur hverfi en jarðirnar stækka eftir því sem austar dregur og lengra er á milli bæja í Núpasveit og á Sléttunni. Landbúnaðarland einkennist almennt ekki af framræslu, nema helst í Reykjahverfi.

Líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins

Líklegt er að byggðarmynstur haldist svipað og það er.

7 Nýr hornsteinn

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðar mynstur	Lýðheilsa
Stóriðja á Bakka (7.1)	++	÷?	÷	÷	÷	÷	+	0
Athafnastarfsemi á Bakka (7.2)	++	÷?	÷?	÷?	÷	÷	+	0
Ný höfn við Húsavíkurhöfða (7.3)	++	÷?	÷?	÷?	÷	÷	+	0
Skýringar: Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð. Flokkun áhrifa: ++ jákvæð + nokkuð jákvæð 0 hlutlaus ÷÷ neikvæð ÷ nokkuð neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu								

7.1 Stóriðja á Bakka

Stefnan í hnotskurn

Stefnt er að uppbyggingu stóriðju á iðnaðarsvæði á Bakka norður af Húsavík, Gert er ráð fyrir álveri með framleiðslugetu allt að 346.000 tonn á ári sem verði hugsanlega byggt í áföngum. Áfangaskipting liggur ekki fyrir á þessu stigi en hún mun ráðast af framboði á orku frá jarðhitasvæðum í Þingeyjarsýslu eða af landsnetinu og afhendingartíma orkunnar. Helstu mannvirki álvers eru kerskálar, hreinsivirki, steypuskáli, skautsmiðja, súrálssíló og aðrar hráefnisgeymslur (Mannvit 2009a). Gert er ráð fyrir iðnaðarlóð á Bakka, háspennulínunum frá Kröflu og Þeistareykjum að álverslóð og virkjunarvegi sem fellur að miklu leyti saman við núverandi Reykjaheiðarveg. Iðnaðarsvæðið er jafnframt skilgreint sem þýnningarsvæði álversins. Skilgreind eru efnistökusvæði vegna virkjunarveggar og háspennulína.

Forsendur stefnunnar

Stefna um uppbyggingu álvers á Bakka var fest í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 og var tilheyrandi landnotkun og framkvæmdir nánar útfærðar og festar með breytingu á aðalskipulaginu sem auglýst var 25.11.-23.12.2009 og staðfest 31.3.2010. Tillaga að Aðalskipulagi Norðrþings 2010-2030 tekur þessa stefnu og landnotkunarákvæði upp óbreytta en henni er ætlað að treysta atvinnulíf og byggð á svæðinu.

Stefna um háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka og virkjunarveg er í samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 og framangreinda breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur.

Afmörkun iðnaðarsvæðisins byggist m.a. á niðurstöðum rannsókna á jarðfræði svæðisins og útreikningum á dreifingu útblásturs frá álveri allt að 346.000 tonn að stærð.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Áhrif af uppbyggingu stóriðju á Bakka eru líkleg til að verða veruleg á samfélag vegna umsvifa á framkvæmdatíma og beinna og óbeinna starfa sem munu skapast til langs tíma litið. Samkvæmt frummatsskýrslu (apríl 2010) er áætlað er að um 5.000-5.500 ársverk verið til við byggingu árvers og að í heild skapist 650-960 bein og afleidd störf. Reiknað er með að fjölgun íbúa á Húsavíkursvæðinu geti orðið 700-1200 manns, sem gæti skapað þörf fyrir 21-57 þús m² af nýju íbúðarhúsnæði m.v. 350 þú tonna álver (Hjalti Jóhannesson o.fl. janúar 2009).

). Reiknað er með að fjölgun starfa muni styrkja byggð á svæðinu, bæði í þéttbýli og dreifbýli og þar með stuðla að því að núverandi byggðarmynstur viðhaldist og eflist til lengri tíma.

Varðandi mat á áhrifum á lýðheilsu þá var á þessu stigi einkum horft til áhrifa sem kunna að verða af starfsemi álversins en ekki til áhrifa á framkvæmdatíma þar sem gert er ráð fyrir að um þau verði fjallað í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna og beitt viðeigandi mótvægisáðgerðum. Til langs tíma litið er talið að jákvæð áhrif bættis atvinnuöryggis á

heilsufar íbúa vegi upp á móti mögulegum neikvæðum áhrifum starfseminnar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um möguleg óþægindi vegna hávaða, lyktar, birtu eða ryks. Ekki er því hægt að segja nánar til um áhrif á lýðheilsu á þessu stigi og er gert ráð fyrir að þau verði nánar metin við deiliskipulagsgerð og við mat á framkvæmdunum, sbr. lög um umhverfismat áætlana og lög um mat á umhverfisáhrif framkvæmda.

Eftirfarandi umfjöllun um önnur áhrif stefnunnar er byggð á umhverfismati Mannvits (2009b) um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 sem var auglýst 25.11.-23.12.2009 og samþykkt af sveitarstjórn Norðurbings. Frummatsskýrsla vegna álvers hefur nýlega verið kynnt (apríl 2010) og þar er fjallað nánar um samfélagsáhrif og er vísað til þeirrar umfjöllunar. Auk þess sem deiliskipulag álverslóðar mun háð lögum um umhverfismat áætlana.

Mannvirkjagerð veldur varanlegri röskun á landi og ný mannvirki breyta ásýnd þess sem getur með því haft neikvæð áhrif á upplifun á áhrifasvæði breytinganna. Það hefur varanleg neikvæð áhrif á náttúrufar að taka landsvæði sem njóta sérstakrar verndar undir mannvirki. Við val á efnistökusvæðum var dregið úr áhrifum með því að staðsetja efnistökusvæði í nágrenni framkvæmdasvæða og huga að verndargildi og sýnileika. Talið er að efnistaka og framkvæmdir vegna háspennulínu, Reykjaheiðarvegur og álvers muni hafa óveruleg áhrif á vatnsból og vatnasvið Laxár.

Lágmarksfjarlægð iðnaðarsvæðis að núverandi íbúðarbyggð á Húsavík verður um 1,25 km, en að skipulagðri íbúðarbyggð nyrst í bænum verður hún um 1,0 km.

Talið er að áhrif á menningarmínjar á iðnaðarlóð geti orðið varanleg neikvæð, en óvissa er um hvert umfang áhrifa verði af uppbyggingu nýrra mannvirkja. Jafnframt er óvissa um hvort áhrifa muni gæta á menningarmínjar á áhrifasvæði háspennulína.

Uppbygging virkjunarvegur bætir aðkomu að fyrirhuguðu útivistarsvæði við Höskuldsvatn og að háhitasvæði við Þeistareyki. Gera má ráð fyrir aukinni umferð um Þverholt annars vegar tímabundið á framkvæmdatíma og hins vegar varanlega vegna betri vegar um Reykjaheiði að útivistarsvæðum. Umferð um Þverholt er talin hafa tímabundin neikvæð áhrif á íbúðarbyggð á framkvæmdatíma. Ekki er talið að ónæði vegna umferðar um Reykjaheiðarveg að framkvæmdum loknum muni hafa áhrif á íbúðarbyggð í nágrenni Þverholts umfram það sem hlutverk hans gerir ráð fyrir.

Fyrirhugaðar framkvæmdir samræmast þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar um að stuðla að atvinnu innan sveitarfélagsins og víðar á Norðausturlandi.

Hvert umfang áhrifa verður og hvort áhrifa mun gæta á aðra umhverfisþætti vegna fyrirhugaðra framkvæmda er ekki hægt að segja til um á þessu stigi. Það verður háð útfærslu.

Gerð verður nánari grein fyrir útfærslu framkvæmda og áhrifum þeirra í deiliskipulagi iðnaðarlóðar og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, sbr. tillögu að matsáætlun fyrir álver (HRV Engineering 2008) og tillögu að sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum álvers á Bakka, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjun II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka (Mannvit 9a).

Því verður beint til framkvæmdaaðila að í stað auðlinda er felast í gróðri og jarðvegi sem glatast við framkvæmdir sé brýnt að framkvæmdaaðilar komi af stað gróðri og/eða hraði gróðurframvindu á lítt grónu eða örfoka landi þannig að verði gróðurfarslega ígildi þess lands sem raskast.

Vegna skerðingar á votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka verður því beint til framkvæmdaaðila að endurheimta jafnstórt votlendi og mun raskast í nágrenni Bakka (Mannvit 2009c).

7.2 Athafnastarfsemi á Bakka

Stefnan í hnotskurn

Gert er ráð fyrir að iðnaðarsvæðinu á Bakka, sé auk álvers heimilt að reisa mannvirki og starfrækja atvinnufyrirtæki sem hafa hag af nálægð við álver eða við þjóðveg og höfn. Iðnaðarsvæðið er alls 188 ha, þar af 134 ha vestan þjóðveg og 54 ha austan hans. Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um vandað útlit mannvirkja, frágang umhverfis og umgengni á svæðinu.

Forsendur stefnunnar

Iðnaðarsvæðið stækkar úr 105 í 188 ha frá Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 en sú breyting á aðalskipulaginu var auglýst 25.11.-23.12.2009 og staðfest 31.3.2010. Stækkunin til suðurs er gerð til að svæðið rúmi það álver sem er í undirbúningi en það er stærra en áður var gert ráð fyrir. Iðnaðarsvæðið er einnig látið ná til alls þynningarsvæðis álversins.

Reiknað er með að stóriðja á Bakka muni leiða til vaxtar í ýmiskonar iðnaðar- og athafnastarfsemi og er því gert ráð fyrir svigrúmi fyrir slíka starfsemi í grennd við stóriðjuna.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Uppbygging á svæðinu mun einkum breyta ásýnd þegar komið er að Húsavík úr norðri en skipulagsákvæðum fyrir svæðið segir að í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um vandað útlit mannvirkja, frágang umhverfis og umgengni á svæðinu. Ekki liggur ljóst fyrir á þessu stigi hvert eðli og umfang starfseminnar verður. Á þessu stigi er þó hægt að reikna með að áhrifin kunni að verða neikvæð á land, loft og vatn, m.a. vegna aukinnar umferðar og þess að vænta má einhvern grófrar iðnaðarstarfsemi á svæðinu. Sjá að öðru leyti umfjöllun áhrif stóriðju á Bakka að framan en umhverfismat Mannvits (2009b) um breytingu á Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 fjallaði um stækkun iðnaðarsvæðisins í heild sinni. Nánari umfjöllun um umhverfisáhrif uppbyggingar á svæðinu er vísað til deiliskipulags, sbr. lög um umhverfismat áætlaða.

7.3 Ný höfn við Húsavíkurhöfða

Stefnan í hnotskurn

Gert er ráð fyrir 700 m hafnargarði og athafnarými sem tryggir góða aðstöðu fyrir flutninga og þjónustu tengda stóriðju á Bakka.

Forsendur stefnunnar

Hafnargarðurinn er nauðsynlegur ef til uppbyggingar álvers á Bakka kemur.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Garðurinn mun auka skjól í núverandi höfn og hafa áhrif á fjöruna undir Húsavíkurbökkum sunnan við Húsavík, þannig að gert er ráð fyrir að byggja þurfi sandfangara í fjörunni til að koma í veg fyrir flutning efnis úr syðri hluta fjörunnar í hlé við garðinn.

Reiknað er með að um 1,0 milljón rúmmetra að grjóti þurfi í hafnargarðinn og hefur frumathugun á mögulegu grjótnámi farið fram en ekki hefur verið ákveðið hvar efni verður tekið. Þeir staðir sem hafa verið kannaðir eru á Hellum austan við Höfuðreiðarmúla, á svæði norðan við Höfuðreiðarmúla, svæði norður af Galtarskarði og á Reykjaheiði (Stapi 2008). Einnig kann grjót úr Kötllum við Húsavík að koma til greina.

Gert er ráð fyrir að vegur sem lagður verður að grjótnámi nýtist við línulögn og að nota veg sem tengja á höfnina við stóriðjulóðina sem aðkomuleið að garðinum þannig að grjótf lutningur fari ekki í gegnum bæinn.

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) og verður gerð nánari grein fyrir umhverfisáhrifum hennar í því ferli og í deiliskipulagi, sbr. lög um umhverfismat áætlaða.

8 Þingeysk matvæli

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðar mynstur	Lýðheilsa
Verðmæt landbúnaðarsvæði (8.2)	++	0	0	0	÷?	++	++	++
Ylrækt (8.3)	++	?	0	?	0	0	+	++
Fiskeldi (8.5)	++	?	0	÷?	÷?	0	+	++
Berja- og grasalönd (8.6)	+	0	+	0	++	++	0	++
Skýringar: Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð. Flokkun áhrifa: ++ jákvæð + nokkuð jákvæð 0 hlutlaus ÷÷ neikvæð ÷ nokkuð neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu								

8.1 Verðmæt landbúnaðarsvæði

Stefnan í hnotskurn

Aðalskipulagstillagan miðar að því að svæði sem eru talin sérstaklega verðmæt landbúnaðarsvæði, s.s. til ræktunar túna eða korns, séu ekki tekin til notkunar sem skerðir möguleika til að nýta þau síðar fyrir landbúnaðarframleiðslu. Sjá nánar kafla 8.2 og 23.12 í aðalskipulagsgreinargerð.

Forsendur stefnunnar

Stefnan tekur mið af ályktun Búnaðarþing 2008 um að fundnar verði leiðir til þess að tryggja varðveislu góðs ræktarlands til framtíðar. Við gerð aðalskipulagsins var ekki unnt að skilgreina nánar eða kortleggja verðmæt landbúnaðarsvæði. Stefnunni er því ætlað að vera til viðmiðunar við ákvarðanir um landnotkunarbreytingar og framkvæmdir, þ.e. að við þær ákvarðanir sé því velt upp hvort viðkomandi land telst verðmætt landbúnaðarland og hvort breytt landnotkun getur skert möguleika til hefðbundins landbúnaðar. Að öðru leyti gilda á þessum svæðum þau ákvæði sem almennt gilda á landbúnaðarsvæðum, sjá kafla 23.12 í aðalskipulagsgreinargerð.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefna um varðveislu verðmæts landbúnaðarlands getur haft áhrif á byggða- og atvinnuþróun með því að stuðla að góðum möguleikum til áframhaldandi búskapar og kjöt- og mjólkurframleiðslu í sveitarfélaginu. Viðhald og aukning framleiðslu matvæla í héraði stuðlar að matvælaöryggi og að sveitarfélagið sé sjálft sér nógt um matvæli. Varðveisla verðmæts landbúnaðarlands stuðlar einnig að varðveislu búsetulandslags sveitarfélagsins.

Neikvæð áhrif stefnunnar gætu orði þau að skógrækt beindist frekar að óröskuðu landi, s.s. mólendi sem þýddu breytingar á vistkerfi þeirra svæða. Sjá nánar um möguleg áhrif skógræktar í kafla 21.3 að aftan.

8.2 Ylrækt

Stefnan í hnotskurn

Stefna aðalskipulagstillögunnar er að ræktun í gróðurhúsum og á landi með volgum jarðvegi geti aukist. Heimilt er að reisa gróðurhús á landbúnaðarsvæðum og á iðnaðarsvæðum í þéttbýli. Sjá nánar kafla 8.3 og 23.12 í aðalskipulagsgreinargerð.

Forsendur stefnunnar

Jarðhiti í Reykjahverfi og Öxarfirði býður upp á möguleika til frekari ræktunar sem getur styrkt atvinnulíf og matvælaöryggi.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Meiri ræktun í gróðurhúsum getur stutt við byggða- og atvinnuþróun í sveitarfélaginu. Stór upplýst gróðurhús geta hafa neikvæð áhrif á ásýnd byggðar. Aukin framleiðsla matvæla í héraði stuðlar að matvælaöryggi og að sveitarfélagið sé sjálft sér nógt um matvæli.

8.3 Fiskeldi

Stefnan í hnotskurn

Stefna aðalskipulagstillögunnar er að fiskeldi geti aukist í sveitarfélaginu. Fiskeldi skal fara fram á skilgreindum iðnaðarsvæðum. Í skipulagstillögunni eru skilgreind þrjú iðnaðarsvæði fyrir fiskeldi í dreifbýli: I1 Laxamýri, I3 Rifós og I4 Núpsmýri og I5 Sigtún. Svæði A7 Haukamýri við Húsavík er einnig skilgreint fyrir fiskeldi. Á svæðunum er fiskeldi í dag og gert er ráð fyrir að það verði áfram í samræmi við starfsleyfi hverju sinni. Sjá nánar kafla 9.5 og 24.12 í aðalskipulagsgreinargerð. Það að auki eru minniháttar fiskeldisstöðvar heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til stefnu um heilbrigð vistkerfi (sbr. kafla 19 í aðalskipulagsgreinargerð) og verðmæt svæði og landslag (sbr. kafla 21).

Forsendur stefnunnar

Reynsla af fiskeldi í sveitarfélaginu, einkum Öxarfirði, hefur verið góð og eru frekari möguleikar taldir vera fyrir hendi, m.a. með nýtingu bæði ferskvatns og sjávar auk jarðhita til eldisins.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Efling fiskeldis getur stutt við byggða- og atvinnuþróun í dreifbýli og viðhald og aukning framleiðslu matvæla í héraði stuðlar að matvælaöryggi og að sveitarfélagið sé sjálft sér nógt um matvæli. Almenn séð geta ýmis konar neikvæð umhverfisáhrif fylgt fiskeldi, t.d. vegna fódurnotkunar, lyfjanotkunar, flutninga til og frá stöð, frárennismála og förgunar á dauðum fiski og sláturúrgangi. Helstu áhyggjuefni geta m.a. verið tengd uppsöfnun lífrænna efna, uppsöfnun eitrefna og erfðablöndun við villta stofna t.d. vegna slyssleppinga Hávaði frá eldiskvíum og mögulega hávaða frá rafstöðvum, hakkavélum fyrir dauðan fisk og hugsanlega þvottavélum þar sem nætur eru hreinsaðar á staðnum (www.ust.is 8.10.2003, Valdimar Ingi Gunnarsson o.fl. 2007). Þessa þætti þarf að skoða við ákvarðanir um nýjar fiskeldisstöðvar en við flestum þeirra er hægt að bregðast með vönduðum aðferðum við eldið og ströngu eftirliti.

Ef ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri á ársgrundvelli og fráveita er til sjávar er skylt að tilkynna fiskeldið til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Um fiskeldi á svæði I2 og I3 hefur verið fjallað skv. lögum um umhverfisáhrif framkvæmda og þar eru starfsleyfi í gildi. Á svæði I2 er starfsleyfi fyrir 700 tonnum á ári og á svæði I3 fyrir 1600 tonnum á ári. Ef til frekara fiskeldis kemur er líklegt að það verði í Öxarfirði og þarf þá að skoða möguleg sammögnunaráhrif með því fiskeldi sem fyrir er, t.d. hvað varðar lífríki á botni undir og í grennd við sjókvíar, fisksjúkdóma, röskun á stofnum villtra laxa í næstu ám, atvinnu og frístundaiðkun við sjó.

8.4 Berja- og grasalönd

Stefnan í hnotskurn

Stefna aðalskipulagstillögunnar er að forðast verði að skerða berja- og grasalönd. Til þess að framfylgja þeirri stefnu er sett fram krafa um að í byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknum og í tilkynningu um skógrækt komi fram hvort berja- og grasalönd eru á viðkomandi svæði og hver áhrif fyrirhugaðrar landnotkunar eða framkvæmda kunni að verða á þau. Sjá nánar kafla 8.6, 21, 23.12 og 23.13 í aðalskipulagsgreinargerð.


Forsendur stefnunnar

Berjalönd er helst að finna í grennd Húsavíkur, Kelduhverfi og Öxarfirði, sjá einnig gróðurkort í kafla 6.7 að framan. Berjatínsla er góð fjölskylduþrótt og ber geta verið mikilvæg búbót á heimilum. Góð berjalönd geta laðað að ferðamenn sem þá nýta sér fleira á svæðinu í leiðinni.

Grasalönd er helst að finna á heiðum Kelduhverfis og á Melrakkasléttu. Áður fyrr var grasatekja mjög mikil á heiðum, sérstaklega upp af Kelduhverfi. Grastekjan lagðist niður vegna oftínslu þegar illa áraði auk þess sem öskugos skemmdu fyrir (Auður Aðalbjarnardóttir 2004). Þó svo fjallagrös séu að takmörkuðu leyti nýtt í dag þá eru þau auðlind sem vert er að huga að. Þau eru líka hluti af líffræðilegri fjölbreytni svæðanna.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Skerðing berjalanda er fyrst og fremst líkleg til að verða vegna skógræktar. Það gæti t.d. gerst í Kelduhverfi en þegar áformuð skógrækt á vegum Norðurlandsskóga er ekki umfangsmikil. Einnig getur landgræðsla í nágrenni berjalanda skert þau með því að þær jurtir sem notaðar eru í landgræðslunni dreifa úr sér inn á gróið land. Það hefur þegar gerst t.d. í nágrenni Húsavíkur.



Helstu berjalönd í Norðurland eystra

við að fella byggingar og vegi vel að landi og vanda allan umhverfisfrágang (sbr. kafla 21 í aðalskipulagsgreinargerð og kafla 20.3 í þessari umhverfisskýrslu).

9.2 Fjölbreytt afþreying

Stefnan í hnotskurn

Áhersla er lögð á að ferðamenn eigi kost á fjölbreyttri afþreyingu og upplifun. Í þeim tilgangi er t.d. sett fram stefna um verndun og bætt aðgengi sögustaða og búsetuminja um strandmenningu, eflingu matartengdrar ferðaþjónustu m.a með því að heimila bændamarkaði og minni veitingahús á landbúnaðarsvæðum, nýtingu jarðhita til heilsutengdrar ferðaþjónustu, skipulagningu torga og samkomusvæða í þéttbýli fyrir viðburði ýmis konar og merkingar áhugaverðra áfangastaða. Að auki má nefna að tillagan gerir ráð fyrir stækkun golfvallar á Húsavík, nýjum golfvelli í Ási í Kelduhverfi og nýjum golfvelli á Kópaskeri auk golfvallarins á Raufarhöfn, auk nýs skíðasvæði við Reyðarárhjúk í grennd við Húsavík (sjá kafla 15 að aftan um fyrirmyndar tómsundaaðstöðu).

Forsendur stefnunnar

Til þess að tækifæri til vaxtar í ferðaþjónustu nýtist sem best og dreifa álagi á náttúruna er mikilvægt að byggja á fjölbreyttum grunni og dreifa uppbyggingu um sveitarfélagið. Nú þegar hefur verið lögð áhersla á strandmenningu og náttúruskoðun sem grundvöll ferðaþjónustu í héraðinu og heilsutengd ferðaþjónusta byggð á jarðhita hefur verið til skoðunar, auk þess sem þingeysk matvæli hafa þegar ákveðinn sess í hugum þjóðarinnar. Tækifæri er til frekari þróunar á þessum sviðum. Sjá einnig forsendur í kafla 9.1 að ofan.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Uppbygging fjölbreyttra útivistar- og afþreyingarmöguleika ýmis konar, hjálpar til við að lengja ferðamannatímann og styður þannig við atvinnulíf og búsetu. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar nýtast íbúum jafnt sem ferðamönnum og styðja þannig við lýðheilsu íbúa. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru talin óveruleg eða háð útfærslu á deiliskipulagsstigi. Um áhrif nýrra golfvalla og skíðasvæðis er fjallað í kafla 15 að aftan.

10.2 Möguleikar til fjarvinnslu

Stefnan í hnotskurn

Stefnt er að því að tryggja að fjarskipti séu með þeim hætti að auðvelt sé að stunda fjarnám og fjarvinnslu, sbr. einnig kafla 12.1.

Forsendur stefnunnar

Möguleikar til fjarvinnslu eru mikilvægir til að jafna tækifæri innan sveitarfélagsins til atvinnu og náms óháð búsetu. Rannsóknarvinna og nám ýmis konar er vel til þess fallið að stunda í fjarvinnslu.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Góðir möguleikar til fjarvinnslu getur stutt við möguleika á búsetu í sveit og dregið úr akstri á milli staða og þar með loftmengun og álagi á aðra umhverfiþætti.

11 Öruggar samgöngur

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðar mynstur	Lýðheilsa
Vegakerfi (11.1, 23.21.2 og 24.3.15)	++	÷?	+	0	0	÷?	+	++
Almenningssamgöngur (11.2)	++	0	+	0	0	0	0	++
Flugsamgöngur (11.3)	++	0	÷	0	0	0	0	+÷
Hafnir (11.4)	++	0	÷	0	0	0	0	+÷
Göngu- og reiðleiðir (11.5)	++	+÷	++	0	+÷	0	0	++
Skýringar: Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð. Flokkun áhrifa: ++ jákvæð + nokkuð jákvæð 0 hlutlaus ÷÷ neikvæð ÷ nokkuð neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu								

11.1 Vegakerfi

Stefnan í hnotskurn

Löggð er áhersla á almennar endurbætur vega í sveitarfélaginu til að stuðla að greiðum og öruggum samgöngum, þ.m.t. eru eftirfarandi breytingar á stofn- og tengivegum í dreifbýli og þéttbýli miðað við núverandi ástand og/eða gildandi aðalskipulag (sbr. kafla 23.21.2, 24.3.15, 26.2.13 og 27.2.14 í aðalskipulagstillögu):

- Lítilsháttar færsla á Norðausturvegi nr. 85 við Haukamýrarás sunnan við Húsavík og Klifshaga í Öxarfirði.
- Undirgöng undir Norðausturveg nr. 85 á milli sundlaugar og íþróttasvæðis á Húsavík og við Lund í Öxarfirði.
- Nýr tengivegur í Vesturdal frá Dettifossvégi við Lönguhlíð að Langavatnshöfða og nýr afleggjari í Hólmatungur.
- Nýr tengivegur um Suðurfjöru á Húsavík, um hafnarsvæði, að Snásugarði, upp Höfðann og að iðnaðarsvæði á Bakka.
- Nýr tengivegur frá Höfðavegi á Húsavík að Þjóðvegi 85.
- Framlenging Stóragarðs á Húsavík sem tengivegar um Skógargerðismel að Þverholti.
- Nýr virkjunarvegur til Þeistareykja sem fellur að mestu leyti saman við núverandi Reykjaheiðarveg.

Forsendur stefnunnar

Færslur á Norðausturvegi og undirgöng undir hann miða að auknu umferðaröryggi. Færsla við Haukamýrarás er í samræmi við Aðalskipulag Húsavíkur 2005-2025 og er ætlað að minnka hæðarbreytingar í akstri en breytingin mun einnig verða til þess að smám saman sést til bæjarins í stað þess að hann birtist ekki fyrir en komið er á norðurbrún ássins. Breytingum á gatnakerfi Húsavíkur er ætlað að tryggja gott flæði umferðar um bæinn og í gegnum hann, aðskilja þungaumferð frá innanbæjarumferð og auka umferðaröryggi. Breytingarnar eru í samræmi við Aðalskipulag Húsavíkur 2005-2025 nema tengivegurinn frá Snásugarði, nýjum hafnargarði við Húsavíkurhöfða að iðnaðarsvæði á Bakka víkur lítillaga frá legu í gildandi aðalskipulagi þar sem þar var ekki gert ráð fyrir Snásugarði.

Breyting á legu tengivegar í Vesturdal (Tv888) með nýrri aðkomu að Hljóðaklettum hefur verið í vinnslu hjá Vegagerðinni í samráði við Þjóðgarðsýfirvöld. Núverandi vegur liggur um tjaldsvæðið í Vesturdal sem er ekki talið æskilegt.

Breyting á Reykjaheiðarvegi er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 sem var auglýst 25.11-23.12.2009 og staðfest 31.3.2010.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Breytingar á vegakerfi í dreifbýli eru ekki taldar hafa veruleg áhrif á einstaka umhverfisþætti enda er um minniháttar breytingar á ræða. Helst er breytingin á tengivegi við Vesturdal, sem er 1,5 km tenging frá Dettifossvégi út á Höfðaföt. Tengingin fylgir núverandi vegi að hluta,

en um 500 metrar nýlagningar liggja um rofna mela og aðrir 500 metrar um vel gróid mólendi. Út frá tengingunni er 250 m tenging inn á gamla veginn í Vesturdal sem liggur á rofnum melum. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/200 er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar alla nýja vegi utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruinnskákra auk enduruppbyggingar vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.

Uppbygging virkjunarvegjar, Reykjaheiðarvegjar, bætir aðkomu að fyrirhuguðu útivistarsvæði við Höskuldsvatn og að háhitasvæði við Þeistareyki. Gera má ráð fyrir aukinni umferð um þverholt annars vegar tímabundið á framkvæmdatíma og hins vegar varanlega vegna betri vegar um Reykjaheiði að útivistarsvæðum. Umferð um þverholt er talin hafa tímabundin neikvæð áhrif á íbúðarbyggð á framkvæmdatíma. Ekki er talið að ónæði vegna umferðar um Reykjaheiðarveg að framkvæmdum loknum muni hafa áhrif á íbúðarbyggð í nágrenni þverholts umfram það sem hlutverk hans gerir ráð fyrir (Mannvit 2009c).

Stofnbrautir í þéttbýli eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 en aðalskipulagstillagan gerir ekki ráð fyrir breytingum á stofnbrautum í þéttbýli. Skv. lögnum er skylt að tilkynna framkvæmdir við nýjar tengibrautir í þéttbýli til Skipulagsstofnunar sem metur hvort þær skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Undir þetta fellur ný tengibraut um Suðurfjöru.

Við gerð Aðalskipulags Húsavíkur 2005-2025 var fjallað um mismunandi kosti varðandi tengiveg um fjöru og ofan Húsavíkur og vísast til þeirrar umfjöllunar þar sem hér er ekki lögð til breyting frá gildandi aðalskipulagi. Tengivegur meðfram Suðurfjöru kann að skerða möguleika til nýtingar fjörunnar til útivistar en það veltur þó á útfærslu vegarins og tengingum yfir hann. Fyrir svæði A3, Suðurfjöru, er sett það skipulagsákvæði að tryggja skuli gönguleið meðfram sjónum milli Suðurgarðs og fjörunnar sunnan við svæðið, sbr. kafla 24.3.8 í aðalskipulagsgreinargerð kemur fram. Einnig er í skipulagsákvæðum fyrir opin svæði haldið opnum þeim möguleika að Búðará geti runnið til sjávar ofanjarðar um Árgil og tengsl við sjó þannig styrkt og um leið aðgengi að fjörunni (sbr. kafla 24.3.11).

Framlenging Stóragarðs á Húsavík mun að einhverju leyti skera bæinn frá fjallshlíðinni en í skipulagsákvæðum fyrir götuna (sbr. kafla 24.3.15 í aðalskipulagsgreinargerð) er gert ráð fyrir að hönnun hennar miðist við hæga umferð og taki mið af áætluðu umferðarmagni fremur en hefðbundnum stöðlum um tengibrautir. Þannig er leitast við að tryggja að bærinn verði áfram í nánnum tengslum við opnu svæðin umhverfis.

Tengivegur frá Snásugarði að Bakka hefur fyrst og fremst áhrif á landslag og fornleifar. Vegurinn fer um land sem er óbyggt í dag en áður var nýtt og teljast ellefu minjastaðir í hættu vegna vegarins. Þar er t.d. um að ræða útihús, gerði, fjárhús, leið, garðlög, mógrafir, beitarhúsatóftir, dys, verbúðir, kofa og hleðslur (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir 2003).

11.2 Almenningsamgöngur

Stefnan í hnotskurn

Í aðalskipulagstillögunni er sett fram stefna um að stuðlað verði að reglubundnum áætlunarferðum á milli Raufarhafnar og Akureyrar með viðkomu á helstu áfangastöðum í sveitarfélaginu.

Forsendur stefnunnar

Almenningsamgöngur tryggja jafna möguleika allra til að fara á milli staða í sveitarfélaginu og til annarra sveitarfélaga, t.d. til að stunda vinnu eða nám.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Ef almenningsamgöngur eru í boði kann það að draga að einhverju leyti úr akstri einkabifreiða og þar með úr álagi á vegi og vistkerfi en aðaláhrifin verða væntanlega á lýðheilsu með því að skapa tækifæri til þátttöku í samfélaginu.

11.3 Flugsamgöngur

Stefnan í hnotskurn

Stefnt er það því að Húsavíkurflugvöllur gegni aftur lykilhlutverki í samgöngum á svæðinu og geti þjónað millilandaflugi. Flugbrautum við Raufarhöfn, Kópasker og Grímsstaði verði viðhaldið (sbr. kafla 23.21.1 í aðalskipulagsgreinargerð).

Forsendur stefnunnar

Áætlunarflug um Húsavíkurflugvöll hefur legið niðri síðan árið 2000 en þar eru góðar aðstæður fyrir bæði innanlands og millilandaflug. Völlurinn nýtist sem varaflugvöllur fyrir Akureyri og sinnir sjúkraflugi og tilfallandi leiguflugi. Samkvæmt samgönguáætlun telst völlurinn til flugvalla utan grunnnets en ef til stóriðjuframkvæmda á Húsavíkursvæðinu kemur, er mögulegt að reglulegt flug verði milli Reykjavíkur og Húsavíkur, a.m.k. tímabundið.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Ef áætlunarflug væri um Húsavíkurflugvöll myndi það bæta verulega aðgengi íbúa að þjónustu á höfuðborgarsvæðinu og gera ferðalöngum auðveldara að fara til Húsavíkur t.d. í helgarferðir um vetur. Áhrif á ferðaþjónustu gætu því orðið jákvæð. Staðbundin loftmengun kynni að aukast bæði vegna flugsins sjálfs og aksturs til og frá flugvelli.

11.4 Hafnir

Stefnan í hnotskurn

Skipulagstillagan miðar við að Húsavíkurbær verði aðalhöfn sveitarfélagsins en að hafnir á Kópaskeri og Raufarhöfn geti þjónað vel sem fiskihafnir. Sett er fram stefna um að möguleikar hafnanna til að þjónusta leit og vinnslu olíu norðaustur af landinu verði kynntir. Tillagan gerir ráð fyrir einum nýjum hafnargarði, Snásugarði á Húsavík, sbr. kafla 7.3 að framan (sbr. einnig kafla 24.3.9 í aðalskipulagsgreinargerð).

Forsendur stefnunnar

Núverandi aðstæður hafnanna og staðsetning þeirra innan sveitarfélagsins ráða áherslum í verkaskiptingu hafna.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Um umhverfisáhrif Snásugarð er fjallað í kafla 7.3 að framan en stefna tillögunnar um hafnir að öðru leyti felur ekki í sér neinar meiriháttar framkvæmdir og er því ekki talin hafa veruleg umhverfisáhrif.

11.5 Göngu- og reiðleiðir

Stefnan í hnotskurn


Stefnt er að því að bæta aðstæður fyrir hjólandi og gangandi og aðgengi fatlaðra í þéttbýli m.a. með því að skilgreina aðalgönguleiðir í aðalskipulagi og aðrar einnig í deiliskipulagi, lækka kantsteina og bæta aðgengi við gangbrautir og að skólalóðum. Í dreifbýli er stefnt að því að stígar geti þjónað sem samgönguleiðir, t.d. fyrir hjólandi og ríðandi ferðalanga, annars vegar með lagningu stíga á milli eftirsótttra áfangastaða og hinsvegar með merkingu og nýtingu fornra þjóðleiða, gamalla vega og smalaslóða.

Forsendur stefnunnar

Gott stígakerfi í þéttbýli og á jaðri þess veitir möguleika til útivistar og að nota aðra fararmáta en bílinn. Í dreifbýli skiptir gott göngu- og reiðleiðanet máli bæði fyrir íbúa og ferðamenn.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Góðar aðstæður til göngu- og hjóleiða í þéttbýli bæta lýðheilsu með því hvetja til hreyfingar og draga þannig úr akandi umferð sem dregur úr loftmengun og bætir hljóðvist. Vel skilgreint og kynnt göngu- og reiðleiðanet bætir í dreifbýli kann að fjölga ferðamönnum á svæðinu með tilheyrandi áhrifum á atvinnulíf. Umferð hestamanna í stórum hópum getur farið illa með gróður ef ekki er farið varlega en merktar eða vel kynntar leiðir hjálpa til við að halda umferðinni á tilteknum svæðum þar sem hægt er að hafa eftirlit og bregðast við eftir því sem þarf.



Helstu ferðaleiðir

12 Góð þjónustukerfi

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðar mynstur	Lýðheilsa
Fjarskipti (12.2)	++	0	0	0	?	++	++	++
Rafveita (12.3)	++	0	0	?	0	0	?	++
Hitaveita (12.4)	++	0	0	÷?	÷?	0	+	++
Vatnsveita (12.5)	+	+	0	0	++	++	+	++
Fráveita (12.6)	0	+	0	+	+	0	0	+
Sorphirða og sorpförgun (12.7)	+	÷?	0	÷?	+	0	0	+

Skýringar:
Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð.
Flokkun áhrifa:
++ jákvæð + nokkuð jákvæð 0 hlutlaus
÷÷ neikvæð ÷ nokkuð neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu

12.1 Fjarskipti

Stefnan í hnotskurn

Markmið aðalskipulagstillögunnar er að fjarskipti verði með besta móti í öllu sveitarfélaginu, þ.m.t. farsímasamband og samband við veraldarvefinn. Í þeim tilgangi er heimilt að reisa allt að 30 m há fjarskiptamöstur á öllum landnotkunarflokkum í dreifbýli nema hverfisverndarsvæðum og svæðum sem eru skilgreind sem verðmæt að undangengnu deiliskipulagi eða grenndarkynningu. Ef reisa á stærrri möstur kallar það á breytingu á aðalskipulagi. Stofnljósleiðara þvert yfir sveitarfélagi er festur í aðalskipulagi en lagning leiðara yfir styttri leiðir heimil á grundvelli framkvæmdaleyfis. Mannvirki í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuflutning, s.s. spennistöðvar og fjarskiptastöðvar, eru heimil á landbúnaðarsvæðum.

Forsendur stefnunnar

Öflugt fjarskiptakerfi eru mikilvæg grunnstoð í Norðurþingi ekki síst vegna stærðar sveitarfélagsins og þar með fjarlægðar frá milli staða. Þörf er á úrbótum í fjarskiptamálum dreifbýlisins m.a. til að styðja við samvinnu í atvinnulífi og stjórnsýslu og möguleika fólks til að stunda fjarvinnu og fjarnám.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Ný fjarskiptamannvirki kunna helst að hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæða en jákvæðu áhrifin eru helst á atvinnulíf og búsetu í dreifbýli og öryggi íbúa og ferðafólks.

12.2 Rafveita

Stefnan í hnotskurn

Aðalskipulagið tekur til stofnlína sem eru 66 kV og meira og liggja frá upptökum að dreifikerfi. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur nýjum 220 kV háspennulínum, Hólasandslínu 1 og Þeistareykjalínu. Sett er fram stefna um línur verði lagðar í jörð þar sem þess er kostur og því að vandað sé til staðsetningar og frágangs loftlína og jarðstrengja. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt sé að reisa heimarafstöðvar og smávirkanir á landbúnaðarsvæðum með allt að 200 kW uppsett afl að teknu tilliti til stefnu um verndun náttúru og landslags (sbr. umfjöllun í kafla 20.2 að aftan).

Forsendur stefnunnar

Staðsetning háspennulína er í samræmi við Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, staðfest 16.1.2008 og breytingu á Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 sem var auglýst 25.11-23.12.2009 og staðfest 31.3.2010.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Um áhrif Hólasandslínu 1 og Þeistareykjalínu var fjallað í umhverfismati Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 (Samvinnunefnd o.fl. 2007) og umhverfismati breytingar á Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 (Mannvit 2009c). Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna sbr. tillögu að matsáætlun fyrir línurnar (Landnet og VGK

Hönnun 2008) og tillögu að sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum álvers á Bakka, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjun II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka (Mannvit 9a).

Í umhverfismati aðalskipulagsbreytingar (Mannvit 2009c) kemur fram að línuleið og vegstæði norðan Þeistareykja inn á skipulagssvæði Norðurþings einkennist af melagróðri og lyngmóum en hluti þess er afar gróðursnauður, þá sérstaklega í nágrenni við Höskuldsvatn. Er nær dregur Húsavíkurfjalli einkennist línuleið og vegstæði af blágrýtisklöppum og jökulruðningi. Hluti þessa svæðis er lítt eða ógróin en er nær dregur Bakka norðan Húsavíkur tekur við lyngmói og meiri gróður (VGK-Hönnun 2008). Háspennulínur, virkjunarvegur og tilheyrandi efnistökusvæði eru innan svæða sem eru skilgreind sem grann- og fjarsvæði vegna vatnsból Húsavíkur í aðalskipulaginu og inn á vatnasviði Mývatns og Laxár, sbr. lög nr. 97/2004.

Samkvæmt deiliskráningu fornleifa sem fram fór í september 2007 eru minjar í hættu á áhrifasvæði línustæðis. Matið byggist á fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu en ekki gerð fornleifa (Uggi Ævarsson 2007c). Óvissa er því um hvort áhrifa muni gæta á menningarminjar á áhrifasvæði háspennulína. Gerð er nánari grein fyrir útfærslu framkvæmda og áhrifum þeirra í deiliskipulagi og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda (Mannvit 2009c).

Uppbygging háspennulína og tilheyrandi efnistaka er talin breyta ásýnd og geta með því haft neikvæð áhrif á upplifun á áhrifasvæði breytinganna. Hvert umfang áhrifa verður er ekki hægt að segja til um á þessu stigi, það verður háð útfærslu framkvæmda og gerð grein fyrir því í mati á umhverfisáhrifum þeirra (Mannvit 2009c).

Umferð um Þverholt á Húsavík vegna uppbyggingar Reykjaheiðarveggar, háspennulína og Þeistareykjavirkjunar er talin hafa tímabundin neikvæð áhrif á íbúðarbyggð aðlægt Þverholti vegna ónæðis af umferð ökutækja á framkvæmdatíma. Ekki er talið að ónæði vegna umferðar um Reykjaheiðarveg að framkvæmdum loknum muni hafa áhrif á íbúðarbyggð í nágrenni Þverholts umfram það sem hlutverk hans gerir ráð fyrir (Mannvit 2009c).

Þar sem raforka er nauðsynleg rekstri orkufreks iðnaðar á Bakka er það talið hafa jákvæð áhrif á atvinnuframboð á Norðausturlandi að leggja háspennulínur frá háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum að iðnaðarsvæðinu við Bakka. Það samræmist markmiðum byggðaáætlunar og aðalskipulagsins (Mannvit 2009c).

Því verður beint til framkvæmdaaðila, í samræmi við 17. og 18. gr. landgræðslulaga að í stað auðlinda er felast í gróðri og jarðvegi, sem glatast við framkvæmdir er brýnt að framkvæmdaaðilar komi af stað gróðri og/eða hraði gróðurframvindu á lítt grónu eða örfoka landi þannig að verði gróðurfarslega ígildi þess lands sem raskast. Samráð verði haft við Landgræðslu ríkisins og sveitarstjórn um fyrirkomulag landbóta og mat á árangri (Mannvit 2009c).

Um áhrif heimarafstöðva og smávirkjana er fjallað í kafla 20.2, um nýtingu fallvatna, að aftan.

12.3 Hitaveita

Stefnan í hnotskurn

Aðalskipulagið tekur til legu stofnæða hitaveitu frá upptökum að dreifikerfi. Gert er ráð fyrir möguleika á nýrri stofnæð hitaveitu frá Þeistareykjum að Húsavík. Einnig er gerð ráð fyrir breikkun æðar frá Skógalóni að Kópaskeri eða nýrri æð meðfram þeirri sem fyrir er (sbr. kafla 23.22.2 í aðalskipulagsgreinargerð). Skoðuð verði hagkvæmni þess að leggja hitaveitu frá Öxarfirði þvert yfir Sléttu til Raufarhafnar og Langanesbyggðar.

Forsendur stefnunnar

Stefna um nýja stofnæð hitaveitu frá Þeistareykjum að Húsavík er í samræmi við stefnu í gildandi Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Nýrri eða breikkaðri æð frá Skógalóni að Kópaskeri er ætlað að styðja við mögulega nýtingu heita vatnsins til fiskeldis eða annarrar atvinnuuppbyggingar.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Áhrif nýrrar lagnar frá Skógalóni að Kópaskeri eru talin óveruleg þar sem hún mun verða lögð í sömu legu eða meðfram núverandi æð. Hitaveituæð frá Þeistareykjum að Húsavík mun liggja meðfram vegi og hafa lítil áhrif á náttúruvarspætti.

12.4 Vatnsveita

Stefnan í hnotskurn

Aðalskipulagstillagan tekur til legu stofnæða vatnsveitu frá upptökum að dreifikerfi í þéttbýli en ekki á minni vatnsveitum í dreifbýli. Engar breytingar á stofnæðum eru ráðgerðar.

Forsendur stefnunnar

Núverandi stofnæðar í þéttbýli eru taldar duga fyrir þá nýju byggð sem skipulögð í þéttbýlunum. Ekki eru til kortaupplýsingar um minni stofnæðar í dreifbýli og er reiknað með að um þær sé fjallað í deiliskipulagi og/eða framkvæmdaleyfisgögnum.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Þar sem engar nýjar stofnæðar við þéttbýli eru fyrirhugaðar er áhrif stefnu um vatnsveitu óveruleg.

12.5 Fráveita

Stefnan í hnotskurn

Aðalskipulagið tekur til útrása fráveitu í þéttbýli og setur almenna stefnu um fráveitumál í dreifbýli en þar eru aðallega rotþrær. Nýjar fráveituframkvæmdir sem tillagan gerir ráð fyrir er eins þreps skólphreinsistöð við Bökugarð á Húsavík en þar er aðalútrás bæjarins.

Forsendur stefnunnar

Flokkun strandsvæða og skilgreining viðtaka fráveitu liggur ekki fyrir hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Rannsóknir á hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi eiga eftir að fara fram.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefna um úrbætur í fráveitumálum mun einkum hafa jákvæð áhrif á land, vatn, sjó, vistkerfi og lýðheilsu.

12.6 Sorphirða og sorpförgun

Stefnan í hnotskurn


Stefna aðalskipulagstillögunnar er að flokkun og endurnýting heimilissorps verði gerð aðgengilegri fyrir íbúa, m.a. með staðsetningu gámasvæða í dreifbýli. Urðunarstaðir verði áfram þar sem þeir eru nú og haldið verði yfirlit yfir gamla urðunarstaði, s.s. þar sem urðaður hefur verið sláturúrgangur og fé vegna riðuniðurskurðar. Skoðaðir verði möguleikar á gasvinnslu úr eldri urðunarsvæðum. Móttöku-, flokkunar- og brennslustöð verði áfram á Húsavík.

Forsendur stefnunnar

Ekki liggur fyrir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem vinna skal skv. lögum nr. 53/2003 en sorpförgunarmál sveitarfélagsins eru talin í góðu horfi. Tvö sorpförgunarsvæði eru í sveitarfélaginu og gildir starfsleyfi þeirra til 2012. Starfsleyfi móttöku-, flokkunar- og brennslustöðvar gildir til 2018 (sjá nánar kafla 23.15 í aðalskipulagsgreinargerð). Reiknað er með að svæðin og sorpförgunarstöðin geti nýst út skipulagstímabilið.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefna um sorpförgun er talin geta haft almennt jákvæð áhrif á samfélag, vistkerfi og lýðheilsu en staðbundin neikvæð áhrif geta orðið á förgunarsvæðum á land, vatn og gróður.



Helstu veitur

14 Skapandi skólastarfsemi

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðar myndur	Lýðheilsa
Skólar (14.1)	++	0	0	0	0	0	+	++
Háskólanám og símenntun (14.2)	++	0	0	0	0	0	+	++
Skýringar: Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð. Flokkun áhrifa: ++ jákvæð + nokkuð jákvæð 0 hlutlaus ÷÷ neikvæð ÷ nokkuð neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu								

14.1 Skólar

Stefnan í hnotskurn

Aðalskipulagstillagan miðar við að tryggja nægjanlegt rými fyrir framtíðarþróun leik-, grunn- og framhaldsskóla. Sett er fram stefna um að allur umhverfisfrágangur verði vandaður þannig að aðstæður til leikja, íþróttar og annarrar útiveru séu sem bestar. Gott aðgengi verði tryggt með öruggum samgöngum í dreifbýli og vel upplýstum göngu- og hjólaleiðum í þéttbýli. Lögð verði áhersla á fræðslu um náttúruvar og landslag sveitarfélagsins og skólar verði hvattir til að móta sér umhverfisstefnu.

Forsendur stefnunnar

Grunnskólahúsnæði er á Húsavík, í Lundi, á Kópaskeri og Raufarhöfn en árið 2009 var ákveðið að fella niður skólastarf á Kópaskeri og reka í staðinn allt grunnskólastarf fyrir Öxarfjörð og Kelduhverfi í Lundi. Skólahúsnæðið og -svæðið á Kópaskeri er þó áfram skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnun og getur þar verið skólastarfsemi eða önnur þjónustustofnun í framtíðinni.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Góð aðstaða fyrir grunnskóla og aðgengi að þeim er líkleg til að styðja við búsetu og stöðugleika í lífi fjölskyldna.

14.2 Háskólanám og símenntun

Stefnan í hnotskurn

Stutt verði við þekkingarsetur þingeyinga sem miðstöð háskólanáms, símenntunar og rannsókna á Norðausturlandi og góðar samgöngur og öflug fjarskipti verði tryggð til að jafna möguleika til náms óháð búsetu.

Forsendur stefnunnar

Þekkingarsetur þingeyinga er á Húsavík en starfssvæði þess er en starfssvæði þess er frá Vaðlaheiði í vestri og austur fyrir Bakkafjörð. Setrið býður upp á námskeiðahald, hefur milligöngu um námsleiðir og námsframboð fyrir fólk og vinnustaði og rekur háskólanámssetur. Einnig er setrið miðstöð rannsókna og hýsir til lengri og skemmri tíma fólk, stofnanir og fyrirtæki sem stunda rannsóknir í héraðinu.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Góð aðstaða fyrir framhaldsmenntun er líkleg til að styðja við búsetu með því að leggja grunn að fjölbreyttara atvinnulífi og auka lífsgæði með því að veita fólki tækifæri til þroska sig og efla.

15 Fyrirmyndar tómsundaðstaða

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðar mynstur	Lýðheilsa
Almenn útivistarsvæði (15.1, 24, 26 og 27)	++	0	0	0	0	++	++	++
Leiksvæði barna (15.2, 24, 26 og 27)	++	0	0	0	0	0	+	++
Íþróttasvæði og íþróttamannvirki (15.3, 24, 26 og 27)	++	0	0	0	0	0	+	++
Tómsundabúskapur (15.4, 24 og 27)	++	0	0	0	0	0	+	++
Tómsundaveiðar (15.5)	++	0	0	0	?	0	+	++
Frístundabyggð (15.6 og 24)	++	0	0	÷?	÷?	÷?	+?	++
Skýringar: Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð. Flokkun áhrifa: ++ jákvæð + nokkuð jákvæð 0 hlutlaus ÷÷ neikvæð ÷ nokkuð neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu								

15.1 Almenn útivistarsvæði

Stefnan í hnotskurn

Aðalskipulagstillagan miðar að því að tryggja gott aðgengi almennings að áhugaverðum svæðum í dreifbýlinu, einkum þeim sem skilgreind eru sem verðmæt svæði. Gert er ráð fyrir að leiðir verði merktar og stígar gerðir þar sem ágangur er mikill. Áningarstöðum verði fjölgað með tilheyrandi aðstöðu. Allur umhverfisfrágangur þar verði til fyrirmyndar. Heimilt er að reisa allt að 20 m² hús til náttúruskoðunar á útivistarsvæðum. Í þéttbýli er stefnt að því að tengja opin svæði innan saman með grænum geirum, stígum eða gróðri í götum þannig að þau myndi eina samhangandi heild. Gert er ráð fyrir stíganeti liggja um opin svæði innan þéttbýlis og í grennd við þéttbýli og áningarstöðum með tilheyrandi aðstöðu á völdum stöðum.

Öll opin svæði innan þéttbýlismarka eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota en innan þeirra eru svo afmörkuð svæði til sérgreindra nota eins og íþróttar, tómsundabúskapar eða tjaldsvæða. Nokkur svæði í þéttbýli eða í grennd þéttbýlis eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði m.a. til að vernda gildi þeirra sem útivistarsvæðis, þ.m.t. svæði Hv1 Botnsvatn og Hv3 Kaldbakstjarnir í grennd við Húsavík (kafla 24.3.18), Hv1 Klifatjörn og Hv2 Kotatjörn við Kópasker, Hv1 Höfðinn og Hv5 Kottjörn á Raufarhöfn.

Forsendur stefnunnar

Stefnan tekur m.a. mið af stefnu Norðurlands í æskulýðs-, velferðar- og lýðheilsuáttalunum sem m.a. birtist í stefnuskjalinu „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“ og samþykkt var af sveitarstjórn Norðurlands árið 2007.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefna um aðgengileg og áhugaverð útivistarsvæði hefur jákvæð áhrif á samfélag, minjar og landslag, einkenni og ásýnd byggðar og lýðheilsu.

15.2 Leiksvæði barna

Stefnan í hnotskurn

Tryggt verði að skólalóðir séu örugg og aðlaðandi leik- og útivistarsvæði og nýtist einnig utan skólatíma. Leiksvæði með leiktækjum séu í stuttu göngufæri frá hverju heimili í þéttbýli.

Forsendur stefnunnar

Stefnan tekur m.a. mið af stefnu Norðurlands í æskulýðs-, velferðar- og lýðheilsuáttalunum sem m.a. birtist í stefnuskjalinu „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“ og samþykkt var af sveitarstjórn Norðurlands árið 2007.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefnan hefur jákvæð áhrif á uppeldisaðstæður barna og þar með lýðheilsu.

15.3 Íþróttasvæði og íþróttamannvirki

Stefnan í hnotskurn

Stefnt er að því aðstæður til að stunda skíði verði sem bestar, bæði með núverandi skíðasvæði í Skálamel við Húsavík og með nýju skíðasvæði við Reyðarárhjúk suðaustan Húsavíkur. Aðstaða verði einnig til að stunda skauta á Höskuldsvatni og Svarðarmýrartjörn við Kaldbak. Þá er gert ráð fyrir að möguleikar til að stunda æfingar í sem flestum algengum keppnis- og almenningsíþróttum verði í öllum þéttbýliskjörnum en aðal íþróttamiðstöð sveitarfélagsins verði á Húsavík og er gert ráð fyrir mögulegri stækkun íþróttasvæðisins.

Gert er ráð fyrir að golfvöllurinn á Húsavík geti stækkað í 18 holu völl og að golfvöllurinn í Ásbyrgi verði fluttur upp á túnin í Ási. Á Kópakeri er gert ráð fyrir möguleika á 9 holu golfvelli við Klifatjörn og á Raufarhöfn er afmarkað svæði fyrr mögulegan lítinn golfvöll. Skotíþróttasvæði eru afmörkuð á Vallmóm norðaustan Húsavíkur og á gamla flugvöllinum á Kópakeri. Akstursíþróttasvæði er afmarkað sunnan Skjólbrekku við Húsavík.

Forsendur stefnunnar

Stefna um einstök svæði er að mestu leyti í samræmi við gildandi aðalskipulag þéttbýlisstaðanna, nema stækkun golfvallar á Húsavík og nýir golfvöllir í Ási og á Kópakeri. Golfvöllur á Raufarhöfn er í samræmi við gildandi aðalskipulag svo og skíðasvæði í og við Reyðarárhjúk. Skotíþróttasvæði og akstursíþróttasvæði eru afmörkuð þar sem þau eru í dag.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefnan hefur jákvæð áhrif á uppeldisaðstæður barna og möguleika allra aldurshópa til íþróttar og annarrar hreyfingar. Uppbygging nýs golfvallar í Ási er ólíkleg til að valda verulegum umhverfisáhrifum þar sem teigar munu verða á svæðum sem eru tún í dag. Á Húsavík mun stækkun golfvallarins að mestu verða inn á tún sem nýtt eru til beitar sem þýðir að finna þarf beitarhólf fyrir hestamenn annarsstaðar en ráðgert að byggð verði upp ný aðstaða fyrir hestamenn á svæði í grennd við Saltvík og þar er möguleiki til beitar, sjá nánar í næsta kafla að neðan.

Á skíðasvæðinu í og við Reyðarárhjúk er gert ráð fyrir lyftum í fjallinu, göngubrautum við Höskuldsvatn ásamt skautasvæði norðvestan til á vatninu. Aðkeyrsla verði frá Húsavík eftir Reykjaheiðavegi inn á Höskuldsvatnssand og þaðan eftir nýjum vegi upp undir Reyðarárhjúk. Skíðasvæðið er á grannsvæði vatnsbólís Húsavíkur, en talið er forsvaranlegt að staðsetja skíðasvæði með lyftum í útjaðri grannsvæðisins, rúmlega 6 km frá vatnsbólínu. Við framkvæmd og rekstur skíðalyftanna skal hinsvegar gætt fyllsta öryggis varðandi mögulega vatnsmengun og tryggt að vatn mengist ekki eftir því sem unnt er. Ekki má koma upp varanlegum byggingum á skíðasvæðinu fyrr en grunnvatnsaðstæður svæðisins hafa verið rannsakaðar nánar.

15.4 Tómstundabúskapur

Stefnan í hnotskurn

Gert er ráð fyrir svæðum fyrir hestaíþróttir í þéttbýli eða í næsta nágrenni þeirra. Gert er ráð fyrir nýju slíku svæði í Saltvík, sunnan við Húsavík, vestan Þjóðvegjar. Áfram verði heimilt að vera með tómstundabúskap í Lækjargili og Traðargili á Húsavík en gert er ráð fyrir að starfsemin flytjist til Saltvíkur innan loka skipulagstímabilsins þegar ný aðstaða hefur verið byggð upp þar. Aðalreiðleiðir framhjá eða um þéttbýli eru festar í aðalskipulaginu.

Forsendur stefnunnar

Stefna um svæði fyrir tómstundabúskap er í samræmi við stefnu gildandi í aðalskipulagi þéttbýlisstaðanna nema nýja svæðið sem gert er ráð fyrir í Saltvík sunnan Húsavíkur.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Tómstundabúskapur er ein tegund af frístundaiðju sem almennt eru óskir um að geta stundað í þéttbýli eða í grennd þess. Fyrir þá sem ekki stunda búskapinn getur svo verið áhugavert er aðra að geta komist í nánd við dýr, t.d. þau sem eru á beit í grennd útivistarsvæða. Stefnan er því almennt til þess fallin að bæta enn frekar möguleika íbúa til margskonar frístundaiðju og upplifana. Stefnan getur þannig stutt við búsetu og lýðheilsu.

15.5 Tómstundaveiðar

Stefnan í hnotskurn

Stefna um tómstundaveiðar miðar að því að mögulegt sé að stunda sjálfbærar tómstundaveiðar í sjó, ám og vötnum eða skotveiði. Gert er ráð fyrir að stök veiðihús séu heimil á landbúnaðarsvæðum að undangengu deiliskipulagi.

Forsendur stefnunnar

Góðar veiðiár og vötn eru víða í Norðurþingi og mikilvægt er að skaða ekki vistkerfi þessara auðlinda, sbr. stefnu í 19. kafla aðalskipulagsgreinargerðar um heilbrigð vistkerfi. Nokkur stök veiðihús eru á svæðinu og hafa þau talist í samræmi við landnotkun á landbúnaðarsvæðum líkt og önnur stök frístundahús.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Veiðar í ám og vötnum ættu almennt ekki að skaða vistkerfi þar sem með veiðileyfum er haldið utan um hvar og hve mikið er veitt. Ef vel er staðið staðsetningu veiðihúsa og vega- og stígagerð þannig háttáð að röskun umhverfis sé lágmarkað ættu áhrif stefnunnar að verða óveruleg.

15.6 Frístundabyggð

Stefnan í hnotskurn

Skipulagstillagan heimilar allt að 3 frístundahús á landbúnaðarsvæðum á hverri jörð en ef reisa á fleiri hús skulu þau reist á skilgreindu frístundabyggðarsvæði. Sett eru fram viðmið um umfang og útfærslur nýrra frístundabyggðarsvæði þannig að umfang þeirra og útfærsla skeri ekki sjónlínu að/frá svæðum eða kennileitum með sérstakt gildi, gangi ekki um og of á náttúrulega birkiskóga í sveitarfélaginu, raski ekki upplifun göngu- og reiðmanna og skerði ekki verðmætar náttúru- eða menningarminjar og sett fram stefna um að vandað verði til hönnunar húsa og stuðlað að því að þau skírskoti til einkenna svæðisins hvað varða form, liti og efni. Frístundabyggð er óheimil á svæðum sem skilgreind eru sem verðmæt svæði á heimsvísu, ef frá er talin strönd Melrakkaslétu og á hluta þeirra svæða sem eru í flokki verðmætra svæða á landsvísu, þ.e. Öskjureininni og Mývatnseldahrauni.

Alls er gert ráð fyrir 257 ha undir frístundabyggð, þ.m.t. núverandi byggð. Gert er ráð fyrir allt að 122 nýjum frístundahúsum á skilgreindum frístundabyggðarsvæðum, auk stakra bústaða á bújörðum. Einkenni þeirra svæða sem eru 10 ha eða stærri eða þar sem eru ráðgerð 10 hús eða fleiri eru eftirfarandi (sjá nánar kafla 24.3.12 í greinargerð aðalskipulagsins):

Svæði	Stærð í ha	Fjöldi frístundahúsa (þar af þegar byggð hús)	Einkenni lands
F3 Stekkjarhvamur	14	11 (6)	Grösugt mólendi með vallendi á bökkum Mýrarkvíslar og Þverár
F4 Heiðarbót og Stekkjarholt	13	15	Vel gróið mólendi ásamt vallendi á bökkum Þverár
F5 Fjöll	40	10 (2)	Að meiri hluta vaxið þéttum birkiskógi og kjarri (u.þ.b. 2/3) annað land vel gróið mólendi
F6 Stekkjarsult	20	20 (4)	Graslendi og ræktað land við bústaði, gróskumikið mólendi utan þess, bústaðir undir hamravegg er mynda 3 skeifur í hraunið
F7 Eyvandarstaðir	27	25 (1)	Gamalt ræktarland og gróskulegu mólendi
F8 Þverárdalur	20	25 (19)	Kjarr og skóglendi

F10 Þrastarlundur	29	23 (7)	Rúmlega helmingur svæðisins er vaxin kjarr- og skóglendi, (um 16 ha.) annað land er aðallega vel gróið mólendi, en þó eru rúmlega 2 ha. af túnum innan skipulagssvæðisins
F11 Dranghólar	18	15 (7)	Aðallega kjarr- og skóglendi með vel grónu mólendi inn á milli
F12 Brekka	61	5	Vel gróið mólendi í Kerlingahrauni, nokkuð votlendi í suðaustur og norðvesturhluta svæðisins. Minjar af eyðibýlinu Seli á suðvesturhluta svæðisins

Forsendur stefnunnar

Almennt er sótt í að reisa frístundahús á svæðum þar sem er sérstæð náttúra og fallett landslag. Í Norðurþingi er frístundabyggð þó ekki umfangsmikil enn sem komið er, en vænta má að eftirspurn eftir lóðum og svæðum fyrir frístundabyggð aukist eftir því sem samgöngur batna, t.d. með tilkomu Vaðlaheiðarganga. Mikilvægt er að sú þróun dragi ekki úr þeim jákvæðu upplifunum á náttúru og landslagi sem nú bjóðast. Samræma þarf frístundabyggð vel við aðra landnotkun og verndun náttúru, minja og landslags. Flest þau svæði sem afmörkuð eru í aðalskipulagstillögunni hafa þegar verið deiliskipulögð en gert er ráð fyrir lítilsháttar stækkun sumra þeirra. Fjögur svæði hafa ekki verið skilgreind áður í aðalskipulagi og/eða deiliskipulögð.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Frístundahús í sveitum gefa íbúum þéttbýlis kost á að komast í tengsl við náttúruna, stunda útvist, hvílast og endurnærast. Sala og útleiga á lóðum og frístundahúsum getur líka verið tekjulind fyrir bændur og aðra landeigendur. Þjónusta við húsin og þá sem dvelja í þeim getur einnig stutt við verslun og þjónustu í sveitum. Áhrif á atvinnulíf og búsetu í dreifbýlinu eru því líkleg til að verða jákvæð.

Helstu framkvæmdaþættir sem kunna að breyta á umhverfinu eða hafa áhrif á það, fyrir utan húsin sjálf, eru t.d. vegagerð, öflun heits og kalds vatns, frárennsli, sorpförgun, efnistaka, haugsetning efna, ruðningur á skógi, skógrækt og önnur ræktun, girðingar. Þessir þættir kunna að hafa áhrif á landslageinkenni, gróðurfar, fuglalíf, vatnsbúskap, náttúrulega birkiskóga, aðgengi almennings og/eða hljóðvist vegna aukinnar umferðar.

Fyrirhuguð frístundabyggð samkvæmt tillögunni er ekki talin vera það umfangsmikil að hún muni valda verulegum áhrifum á þessa þætti, sbr. töflu hér til hliðar. Gert er ráð fyrir að í deiliskipulagi hvers svæðis verði gerð grein fyrir ofangreindum þáttum og hvernig tekið er tillit til stefnu aðalskipulagsins um þá.

17 Traust velferðarþjónusta

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðar myndur	Lýðheilsa
Félagsþjónusta (17.1)	++	0	0	0	0	0	+	++
Heilbrigðisþjónusta (17.2)	++	0	0	0	0	0	+	++
Öryggi (17.3)	++	0	0	0	0	0	+	++
Skýringar: Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð. Flokkun áhrifa: ++ jákvæð + nokkuð jákvæð 0 hlutlaus ÷÷ neikvæð ÷ nokkuð neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu								

17.1 Félagsþjónusta

Stefnan í hnotskurn

þjónusta og framkvæmdir sveitarfélagsins miði að því að hver einstaklingur geti notið sín sem best í samfélaginu og lifað sjálfstæðu og eðlilegu lífi. Unnið verði að því að bæta vegi til að tryggja sem best aðgengi að þjónustu.

Forsendur stefnunnar

Stefna byggir á mikilvægi góðrar félagsþjónustu fyrir öryggi og vellíðan íbúa. Á Húsavík er öflug öldrunarþjónusta sem er samstarfsverkefni sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum. Þar er rekið dvalarheimili og íbúðir fyrir aldraða og á Kópaskeri er dagvist og íbúðarherbergi og á Raufarhöfn eru þjónustuíbúðir.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Góð félagsþjónusta styður við lýðheilsu og búsetu.

17.2 Heilbrigðisþjónusta

Stefnan í hnotskurn

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík verð eflid og heilsugæslustöðvar verði áfram á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

Forsendur stefnunnar

Stefna byggir á mikilvægi góðrar heilbrigðisþjónustu fyrir öryggi og vellíðan íbúa.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Góð heilbrigðisþjónusta styður við lýðheilsu og búsetu.

17.3 Öryggi

Stefnan í hnotskurn

Lögreglustöðvar og slökkvistöðvar verði áfram á Húsavík og Raufarhöfn og slökkvistöð á Kópaskeri. Tryggt verði viðunandi fyrirkomulag sjúkraflutninga.

Forsendur stefnunnar

Stefna byggir á mikilvægi góðra brunavarna, löggæslu og sjúkraþjónustu fyrir öryggi og vellíðan íbúa.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Góðar öryggisþjónusta styður við lýðheilsu og búsetu.

18 Vönduð stjórnýsla

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Mynstur og yfirbragð byggðar	Lýðheilsa
Miðstöð stjórnýslu (18.1)	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðgengi að upplýsingum (18.2)	++	0	0	0	0	0	0	++
Umhverfisstarf (18.3)	++	++	++	++	++	++	0	++
Skýringar: Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð. Flokkun áhrifa: ++ jákvæð + nokkuð jákvæð 0 hlutlaus ÷÷ neikvæð ÷ nokkuð neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu								

18.1 Miðstöð stjórnýslu

Stefnan í hnotskurn

Aðal stjórnýsla sveitarfélagsins verði á Húsavík en þjónusta á tilteknum sviðum verði á Kópaskeri og Raufarhöfn.

Forsendur stefnunnar

Stefnan byggir á núverandi fyrirkomulagi stjórnýslu og stærð og staðsetningu þéttbýlanna.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Þar sem ekki eru um breytingar á núverandi fyrirkomulagi að ræða eru áhrif á samfélag og umhverfi óveruleg.

18.2 Aðgengi að upplýsingum

Stefnan í hnotskurn

Áhersla verði á rafræna þjónustu sveitarfélagsins sem þátt í bættu aðgengi að stjórnýslunni. Vefur Norðurbings verði þróaður áfram til upplýsingamiðlunar og umræðna um málefni sveitarfélagsins.

Forsendur stefnunnar

Byggt er á þeirri þróun sem hefur verið og reiknað er með að verði í rafrænni stjórnýslu.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Reiknað er með að aukið aðgengi að upplýsingum og auðveldari samskipti við stjórnýslu styðji við búsetu, öryggi og vellíðan íbúa.

18.3 Umhverfisstarf

Stefnan í hnotskurn

Sveitarfélagið móti sér umhverfisstefnu, þ.m.t. stefnu um innkaup og bókhald og dregið verði markvisst úr áhrifum atvinnu- og þjónustustarfsemi í sveitarfélaginu á umhverfið.

Forsendur stefnunnar

Stefnan byggir á drögum að staðardagskrá 21 fyrir Norðurbing og mikilvægi þess að sveitarfélagið sé fyrirmynd um góða stjórnar- og rekstrarhætti.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Reiknað er með að stefnan geti haft óbein jákvæð áhrif á samfélag, umhverfi og lýðheilsu.

19 Heilbrigð vistkerfi

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðar mynstur	Lýðheilsa
Varnir gegn mengun vatns (19.1 og 23.19)	÷?	0	0	++	++	++	0	++
Loftgæði og loftslagsbreytingar (19.2)	0	0	++	+	+	0	0	++
Verndun líffræðilegrar fjölbreytni (19.3, 21.1.1 -21.1.5 og 23.18)	+÷	+	0	++	++	++	0	++
Umgengni, umhirða og vistvænn lífsstíll (19.4)	+	+	+	++	++	+	+	++
Skýringar: Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð. Flokkun áhrifa: ++ jákvæð + nokkuð jákvæð 0 hlutlaus ÷÷ neikvæð ÷ nokkuð neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu								

19.1 Varnir gegn mengun vatns

Stefnan í hnotskurn

Sett er fram stefna um flokkun yfirborðsvatns, verndun vistkerfa áa og vatna, lágmörkun áburðarnotkunar og áhrifa fiskeldis á strandsjó, úrbætur í fráveitumálum og frágang lífræns úrgangs. Afmörkuð eru eftirfarandi vatnsverndarsvæði:

Vv1 Verndarsvæði vegna verndunar Mývatns og Laxár.

Vv2-4 Verndarsvæði vatnsbóls Húsavíkur.

Vv5-8 Verndarsvæði vatnsbóla og lindasvæða í Kelduhverfi.

Vv9-11 Verndarsvæði vatnsbóls Kópaskers.

Vv11-13 Verndarsvæði vatnsbóls Raufarhafnar.

Forsendur stefnunnar

Aðalskipulagið tekur ekki til einstakra vatnsbóla sem nýtt eru fyrir einstök býli eða litlar samveitur í dreifbýli. Í flestum tilvikum á eftir skilgreina verndarsvæði fyrir þau vatnsból að undanskyldu vatnsbóli Lundarskóla, Húsavíkurflugvallar og íbúðarsvæða Hrístateigs og Heiðarbæjar í Reykjahverfi. Gert er ráð fyrir að tekið verði á vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra í deiliskipulagi hvers svæðis og í sérstakri samþykkt heilbrigðisnefnda, nema þau séu það umfangsmikil að ástæða sé til að festa þau í aðalskipulagi.

Laxá er eina vatnsfallið í Norðurþingi sem hefur verið metið og flokkað í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. skýrslu Háskólasetursins í Hveragerði 2006 fyrir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Þar er sett fram langtímamarkmið um náttúrulegt ástand (mengunarflokk A) Laxár fyrir öll flokkunatriði sem skilgreind eru. í skýrslunni. Laxá uppfyllir þegar öll atriðin nema fyrir fosfat (PO4-P). Vatnasvið Laxár í Aðaldal er að mestu leyti ósnortið og er því enn svigrúm til að stýra umsvifum, framkvæmdum og uppbyggingu innan vatnasviðanna á þann hátt að vistkerfi árinna skaðist ekki næstu áratugin eða árhundraðið.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefna um varnir gegn mengun vatns og verndun vistkerfa vatna og áa er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á vatnsgæði, vatnsbúskap, vistkerfi, náttúruminjar, landslag og lýðheilsu. Ákvæði um vatnsvernd takmarka landnotkun og framkvæmdir á tilteknum svæðum en þær takmarkanir eru ekki taldar vera verulegar.

19.2 Loftgæði og loftslagbreytingar

Stefnan í hnotskurn

Sett er fram stefna um að losun gróðurhúsalofttegunda verði lágmarkuð eins og kostur er m.a. með því að forðast að raska svæðum sem þegar binda umtalsvert magn af koltvísýringi, s.s. votlendi, svartjörð og birkiskógi. Votlendi við Öxarfjörð (Hv4) og Vatnasvæði Sléttu (Hv16) eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði m.a. vegna mikilvægis fyrir bindingu gróðurhúsalofttegunda. Sama á við skóglendi Öxarfjarðar og Kelduhverfis (Hv10) (sjá kafla 23.18 í aðalskipulagsgreinargerð). Þá er lagt til að ný íbúðarbyggð ótengd búskap verði fyrst og fremst í þéttbýli þannig að akstur milli staða og þar með útblástur koltvísýrings verði lágmarkaður. Innra skipulagi þéttbýlis verði hagað þannig að umhverfi hvetji til göngu frekar en aksturs.

Einnig er sett fram stefna um að binding gróðurhúsalofttegunda verði aukin með því að leitast við að endurheimta náttúrulega birkiskóga þar sem því verður viðkomið og auka skógrækt og landgræðslu í dreifbýli sem tekur mið af stefnu aðalskipulagsins um náttúruvernd, landslag og minjar. Trjárækt í þéttbýli verði einnig aukin m.a. til að auka upptöku mengunarefna frá akandi umferð.

Forsendur stefnunnar

Stefnan tekur mið af rammisamningi sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (1992), stefnu ríkisins um heilnæmi andrúmslofts sbr. Velferð til framtíðar (2002 og 2007), skýrslu umhverfisráðuneytisins (2007) um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga og lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni (2006), sjá nánar 4. kafla að framan um tengsl aðalskipulagsins við aðrar áætlanir og 5. kafla um umhverfisviðmið. Auk þess að miða að því að draga úr hnattrænum loftslagsbreytingum hefur stefnan einnig þýðingu fyrir heilnæmi loft og þar með lýðheilsu.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Varðveisla svæða sem þegar binda kolefni og aukin binding kolefnis með landgræðslu og skógrækt á svæðum sem ekki binda talsvert kolefni nú þegar, er til þess fallin að draga úr loftslagsbreytingum vegna gróðurhúsaáhrifa. Sama á viði um skipulag sem miðar að því að lágmarka akandi umferð sem auk þess dregur úr staðbundinni loftmengun. Stefna tillögunnar er því talin hafa jákvæð áhrif í þessu tilliti á loft, vatn, vistkerfi og lýðheilsu. Áhrif stefnunnar á einstaka umhverfisþætti eða umhverfið í heild eru þó hvorki talin verða verulega jákvæð né verulega neikvæð.

19.3 Verndun líffræðilegrar fjölbreytni

Stefnan í hnotskurn

Stefnt er að verndun og endurheimt lykilsterkerfa eins og votlendis og birkiskóga og að tillit verði tekið til mikilvægra fuglasvæða. Svæði sem eru talin sérstaklega mikilvæg vegna líffræðilegrar fjölbreytni eru sýnd á korti í kafla 19.3 í aðalskipulagsgreinargerð en þau eru: Laxá og nánasta umhverfi, votlendi Öxarfjarðar, Jökulsárgljúfur, birkiskógur í Öxarfirði, norðurströnd Melrakkaslétta, varpsvæði rjúpu á Melrakkaslétta og vatnasvæði Sléttunnar. Þau svæði sem eru jafnframt talin verðmæt á svæðis-, lands- eða heimsvísu, eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, sjá nánar svæði Hv4, Hv8, Hv10, Hv14 og Hv16 í kafla 23.18 um hverfisverndarsvæði. Fyrir þau gildir bæði almenn stefna um líffræðilega fjölbreytni auk ákvæða fyrir verðmæt svæði á svæðis-, lands- eða heimsvísu, eftir því í hvern af þeim flokkum viðkomandi svæði fellur (sjá kafla 21.1.1 -21.1.3 í aðalskipulagsgreinargerð). Í aðalskipulagstillögunni er einnig lagt til að við varnir gegn mink verði lögð sérstök áhersla á að verja lífrík votlendissvæði.

Forsendur stefnunnar

Hugtakið líffræðileg fjölbreytni „nær til allrar lífandi náttúru, eininganna sem hún er byggð úr og birtingarformanna sem hún tekur. Líffræðileg fjölbreytni spannar náttúrulegan og manngerðan breytileika á öllum skipulagsstigum lífsins, frá erfðavísu og tegundum til vist- og lífkerfa“ (úr Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni, 2008). Líffræðileg fjölbreytni er nauðsynleg tilveru mannsins og sameiginlegur arfur allra jarðarbúa. Fjölbreytninni á heimsvísu fer hnignandi og fjöldi tegunda er í útrýmingarhættu.

Á heimsvísu eru ógnir við líffræðilega fjölbreytni taldar vera loftslagsbreytingar af manna völdum, eyðing búsvæða, rányrkja og innflutningur ágengra framandi tegunda. Hér á landi hefur gróður- og jarðvegseyðing leitt til hnignunar lífríkis á stórum svæðum en á næstu áratugum er líklegt að vaxandi þéttbýlismyndun og mannvirkjagerð, breyting á búskaparháttum og landnýtingu, ásamt nýjum landnemum samfara hlýnandi loftslagi, séu þeir þættir sem mun hafa mest áhrif hafi á líffræðilega fjölbreytni landsins (Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni, 2008).

Í Norðurþingi er fjölbreytni náttúru mikil og þarf að gæta þess að ekki dragi úr fjölbreytninni. Einnig þarf að hafa í huga neikvæð áhrif útbreiðslu ágengra framandi tegunda, einkum lúpínu, á líffræðilega fjölbreytni. Á þetta hefur verið bent, einkum í grennd við Húsavík. Þá hefur verið bent á möguleg neikvæð áhrif aukinnar skógræktar á fjölbreytni lífríkis en aðrir hafa bent á að notkun fjölbreyttra tegunda við skógrækt kunni að auka fjölbreytni lífríkis frekar en hitt.

Auk ofangreinds tekur stefnan mið af alþjóðsamþykkt um fuglavernd (1950), samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (1971), samningi um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (1979), samnings um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins

(1995), Náttúruverndaráætlun 2004-2008, náttúruuminjaskrá (1996), stefnumörkun Íslands um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni (2008), Velferð til framtíðar (2002 og 2007) og skýrslu umhverfisráðuneytisins (2007) um vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga, sjá nánar 4. kafla að framan um tengsl aðalskipulagsins við aðrar áætlanir og 5. kafla um umhverfisviðmið.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Framfylgd stefnu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni er líkleg til að hafa veruleg jákvæð áhrif á vistkerfi, náttúruuminjar, náttúrulegt landslag og lýðheilsu. Til þess að tryggja framfylgd stefnunnar kann að vera þörf á að kortleggja útbreiðslu framandi ágengra tegunda (t.d. lúpína og skógarkerfill) og skilgreina hvaða aðgerða er þörf á að grípa til við að hefta útbreiðslu þeirra.

Stefna um verndun líffræðilegrar fjölbreytni kann að takmarka nokkuð möguleg umsvif manna á tilteknum svæðum en á flestum þeim svæðum sem skilgreind eru mikilvæg m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. kort í kafla 19.3 í aðalskipulagsgreinargerð, er ekki reiknað með miklum framkvæmdum eða breytingum á landnotkun.

19.4 Umgengni, umhirða og vistvænn lífsstíll

Stefnan í hnotskurn


Stefnt er að snyrtilegri ásýnd sveitarfélagsins og að dregið verði úr notkun eiturs við meindýravarnir og garðrækt. Íbúar verði hvattir til að taka upp vistvænan lífsstíll.

Forsendur stefnunnar

Stefnan tekur mið af drögum að umhverfisáætlun, staðardagskrá 21, fyrir Norðurþing, dags. 17.12.2007. Snyrtileg ásýnd hefur þýðingu fyrir ímynd sveitarfélagsins og vellíðan íbúa. Minni notkun eiturs og vistvænn lífsstíll getur dregið úr álagi á náttúruna.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefnan er einkum líkleg til að hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu og vistkerfi.



Mikilvæg búsvæði fugla

20 Sjálfbær auðlindanýting

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðar mynstur	Lýðheilsa
Neysluvatn (20.1)	++	0	0	0?	?	?	?	++
Nýting fallvatna (20.2)	+	÷	0	÷?	÷?	÷?	+	+
Jarðhiti og jarðgas (20.3)	++	÷	÷	÷?	÷?	÷?	+	+
Jarðefni (20.4, 23.14, 24.3.13 og 27.2.13)	+	÷	÷?	÷?	÷?	÷	+	+
Skýringar: Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð. Flokkun áhrifa: ++ jákvæð + nokkuð jákvæð 0 hlutlaus ÷÷ neikvæð ÷ nokkuð neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu								

20.1 Neysluvatn

Stefnan í hnotskurn

Skipulagstillagan miðar að því að neysluvatn sé hreint og ómengað, m.a. með varkárni við landnotkun og mannvirkjagerð, skilgreiningu vatnsverndarsvæða og með auknu eftirliti. Einnig að ferskvatnsauðlindir sem gætu nýst í framtíðinni skaðist ekki og möguleikar til að nýta þær auðlindir á sjálfbæran hátt til atvinnusköpunar verði kannaðar. Tilgreindar ferskvatnssuppsprettur njóti verndar og unnið verði að því að skilgreina verndarsvæði umhverfis uppspretturarnar með tilheyrandi ákvæðum.

Nýting grunnvatns á landbúnaðarsvæðum og frístundabyggðarsvæðum er heimil, án þess að vatnsból og vatnsverndarsvæði séu sérstaklega afmörkuð í aðalskipulagi, að því tilskyldu að nýtingin og mannvirki henni tengd séu minniháttar, hún stangist ekki á við stefnu aðalskipulagsins um náttúru, minjar og landslag og neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag eru óveruleg. Það getur t.d. átt við nýtingu fyrir nokkur frístundahús eða íbúðarhús. Sé nýtingin hinsvegar í tengslum við atvinnurekstur þarf að afmarka vatnsból og vatnsverndarsvæði umhverfis það og gera grein fyrir svæðunum og nýtingu vatnsins í aðalskipulagi.

Forsendur stefnunnar

Í Norðurþingi er víða mikið og gott grunnvatn sem hægt væri að nýta meira fyrir byggð og atvinnustarfsemi en gert er í dag. Mikilvægt er að vernda þessa auðlind ef þörf eða tækifæri skapast fyrir nýtingu í framtíðinni og til að tryggja heilbrigði vistkerfa. Standa þarf þannig að nýtingunni að hún ekki sé gengið óhóflega á auðlindina og að vatnsgæðum sé ekki spillt.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefna um verndun mögulegra framtíðarvatnsauðlinda er talin geta haft jákvæð áhrif á atvinnulíf og lýðheilsu til langs tíma lítið. Framkvæmdir sem fylgja nýtingu grunnvatns eru t.d. borholur, dælustöðvar, lagnir og vegir og geta slíkar framkvæmdir haft áhrif á landslag eða yfirbragð byggðar og e.t.v. á vatnsbúskap og vatnsgæði ef ekki er vel að verki staðið. Á þessu stigi er óvíst hvar nýting mun koma til og því er ekki hægt að segja til um áhrif á tilteknum svæðum. Að sama skapi er stefnan ekki talin hafa veruleg neikvæð áhrif á einstaka eða samanlagða umhverfisþætti þar sem með henni er ekki fest nýting á tileknu svæði eða svæðum heldur er gert ráð fyrir að hvert verkefni verði undirbúið og rannsakaða fyrir sig í samhengi við þá almennu stefnu sem kemur fram í þessari aðalskipulagstillögu.

Borun eftir neysluvatni miðað við 2 milljóna m³ ársnotkun eða meiri er tilkynningarskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

20.2 Nýting fallvatna

Stefnan í hnotskurn

Stefna aðalskipulagstillögunnar er að kannaðir verði möguleikar í virkjun fallvatna í sveitarfélaginu með sjálfbæra nýtingu til atvinnusköpunar í huga. Ekki er tekin afstaða til einstakra hugmynda á þessu stigi en komi fram tillögur að rannsóknnum og/eða nýtingu fallvatna þarf að gera grein fyrir áhrifum rannsókna/nýtingarinnar á umhverfi og samfélag og samræmi við stefnu aðalskipulagsins um heilbrigð vistkerfi og náttúru, landslag og minjar, áður en ákvörðun um setja framkvæmdina í aðalskipulag verður tekin. Framkvæmdirnar valdi lágmarks álagi á náttúruna. Í öllum tilvikum skal fara með ákvörðunina sem breytingu á aðalskipulagi og afmarka iðnaðarsvæði þar sem rannsóknir og/eða orkuvinnsla er fyrirhuguð. Framkvæmdirnar geta eftir atvikum verið háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Heimarafstöðvar og smávirkanir sem eru minni að afl en 200 kW eru þó heimilar á landbúnaðarsvæðum, að fengnu framkvæmdaleyfi, en stærri rafstöðvar kalla á afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi með tilheyrandi málsmeðferð.

Forsendur stefnunnar

Fallvötn eru mikilvægur hluti af landslagi og lífríki Norðurþings en í þeim felast líka möguleikar til orkuöflunar. Verndun og nýtingu þarf að vega og meta í hverju tilviki. Í Norðurþingi eru rúmlega 7 heimarafstöðvar með afl á bilinu 10-25 kW. Flestar þeirra eru komnar til ára sinna en á Íslandi og víðar hefur áhugi aukist á byggingu heimarafstöðva og smávirkjana. Ef til nýtingar fallvatna í Norðurþingi kemur er líklegast talið að það verði smávirkanir sbr. skilgreiningu að neðan. Smávirkanir eru almennt taldar hagstæðar með tilliti til umhverfismála og taldar styrkja byggðir. Framleiðslan getur ýmist verið til eigin nota eða til sölu til lítilla notenda á svæðinu eins og sumarbústaða- og hjólhýsaeigenda eða inn á dreifikerfi rafmagnsveitanna (VGK 2003: Litlar vatnsaflsvirkjanir. Kynning og leiðbeiningar um undirbúning. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.)

Stærðarmörk fyrir smávirkanir taka mið af því að virkjanir sem eru með 200kW afl eða meira eru tilkynningarskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Virkjanir eru gjarnan flokkaðar í þrjá flokka eftir uppsettu afl, þ.e.:

1. Örvirkjun; með uppsett afl undir 100 kW, þ.m.t. svokallaðar heimilisrafstöðvar til eigin nota, sem eru að jafnaði undir 30 kW
2. Smávirkun; með uppsett afl á bilinu 100 – 300 kW
3. Lítil virkun; með uppsett afl allt að 1.000 kW (VGK 2003).

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka raforkuver nema ef uppsett afl er undir 1 MW. Þó þarf í öllum tilvikum leyfi ef orkan er afhent inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið. Eigendur virkjana með uppsett afl 30–1.000 kW eiga að skila Orkustofnun tæknilegum upplýsingum um virkjun. Einnig er skylt að tilkynna Orkustofnun árlega um heildarraforkuvinnslu raforkuvera með uppsettu afl yfir 100 kW (Raforkulög 2003/65).

Áhrif á samfélag og umhverfi

Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvar virkjanir kunna að koma til og því er einungis hægt að segja hver áhrifin af virkjun almennt kunna að verða. Heimarafstöðvar geta verið einföld virkjun bæjarlækjar en smávirkanir eru oftast rennslisvirkjanir án miðlunarhlóns og í þeim felast í stórum dráttum sömu framkvæmdir og í stærri virkjun. Dæmigerð mannvirki virkjana eru: stífla, inntakslón, hjáveita, inntaksmannvirki, vatnsvegir, þrýstipípa, stöðvarhús, frárennsli og vegir (VGK 2003).

Áhrif stórrar virkjunar á samfélag og umhverfi geta verið mikil og óafturkræf, en smávirkanir eru yfirleitt ekki taldar hafa mikil áhrif á samfélag þó þau geti verið nokkur staðbundið, einkum ef samhliða byggingu virkjunar er gert ráð fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi. Umhverfisáhrif smávirkjana geta t.d. falist í jarðraski og tilheyrandi breytingum á útliti svæðis, gróðri og jarðmyndunum og lífríki viðkomandi vatnsfalls eða annarra, t.d. fiskgengd. Þegar virkjun hefur verið gangsett getur hávaði frá henni valdið ónæði (VGK 2003).

20.3 Jarðhiti og jarðgas

Stefnan í hnotskurn

Stefnt er að frekari könnun á jarðhita og jarðgasi í sveitarfélaginu með sjálfbæra nýtingu til atvinnusköpunar í huga. Komi fram tillögur um rannsóknir og/eða nýtingu jarðhita eða jarðgass fyrir byggð eða atvinnulíf þarf að gera grein fyrir áhrifum nýtingarinnar á umhverfi og samfélag og samræmi hennar við stefnu aðalskipulagsins um heilbrigð vistkerfi og náttúru, landslag og minjar, áður en ákvörðun um að setja framkvæmdina í aðalskipulag verður tekin, sbr. einnig lög um umhverfismat áætlaða. Í öllum tilvikum skal fara með ákvörðunina sem breytingu á aðalskipulagi og afmarka iðnaðarsvæði þar sem rannsóknir og/eða orkuvinnsla er fyrirhuguð. Framkvæmdirnar geta eftir atvikum verið háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Forsendur stefnunnar

Jarðhiti er mikilvæg auðlind, m.a. vegna húshitunar, ræktunar, fiskeldis eða annarrar atvinnustarfsemi og möguleika á rafmagnsframleiðslu. Einnig eru ónýttir möguleikar í tengslum við baðmenningu og heilsurækt og við lífræna ræktun og eimingu og þurrkun jurta. Jarðhitasvæði hafa einnig vísindagildi og eru verðmætur hluti af landslagi Norðurþings og þeim upplifunum sem það býður upp á.

Möguleikar til nýtingar jarðhita við Húsavík og í Öxarfirði fyrir heilsuþöð hafa verið skoðaðir nokkuð. Salt vatn af Húsavíkurhöfða hefur verið nýtt til heilsuþaða fyrir fólk með húðsjúkdóma með ágætum árangri. Í Kelduhverfi og Öxarfirði er mikið um salt jarðhitavatn, allt frá nánast fersku vatni og upp í vatn með rúmlega þriðjungsseltu sjávar. Húsavík er ágætlega staðsett með góða almenna þjónustu og mjög góða heilsugæslu, sem mögulega gæti verið í tengslum við heilsuferðarþjónustu. Einnig eru á svæðinu ágætis möguleikar til

fjölbreyttar afþreyingar og náttúruskoðunar. Einni eykur gildi svæðisins á þessu sviði aðgangur að fersku sjávarfangi, framleiðsla landbúnaðarvara auk góðra aðstæðna til ræktunar grænmetis í upphituðum gróðurhúsum (Hrefna Kristmundsdóttir 2008).

Áhrif á samfélag og umhverfi

Þar sem ekki eru forsendur til að festa tiltekin svæði sem virkjunarsvæði eða nýtingarsvæði í aðalskipulagstillögunni er nokkur óvissa um hver áhrif af stefnu tillögunnar kunna að verða. Það er þó ljóst að líkur á virkjun jarðhita eru mestar í Öxarfirði og þar kunna umhverfisáhrifin að verða mest. Miðað við núverandi tækni gæti virkjun jarðhita í Öxarfirði falist í uppbyggingu margra lítilla (1-4 MW) tvívökva eininga (t.d. Kalina og Ormat).

Að neðan er tilgreind helstu áhrif sem kunna almennt að verða af virkjun jarðhitasvæða en um áhrif einstakra framkvæmda sem kann að verða ráðist í Norðurþingi verður fjallað við breytingu á aðalskipulagi skv. lögum um umhverfismat áætlaða og við mat á umhverfiáhrifum framkvæmdanna skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Samkvæmt þeim lögum eru jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmafl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira háðar mati á umhverfisáhrifum og skylt er að tilkynna Skipulagsstofnun um eftirfarandi framkvæmdir sem þá metur hvort þær skulu háðar mati skv. lögnum: Djúpbörun, einkum börun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum, börun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni og jarðvarmavirkjanir ofan jarðar til að jarðgas.

Umhverfisáhrif jarðhitavirkjana eru mjög mismikil eftir eðli jarðhitasvæða og því um hverskonar virkjun er að ræða. Helstu áhrif sem almennt tengjast jarðhitavirkjunum eru eftirfarandi (byggt á Hrefna Kristmannsdóttir og Halldór Ármannsson 2001: Umhverfismál jarðhitavirkjana. Erindi á Orkuþingi 2001 og María J. Gunnarsdóttir 2002: Jarðhiti – mikilvæg auðlind. www.samorka.is) en ekki er víst að þau eigi öll við þá tegund af jarðhitasvæðum sem eru í Norðurþingi:

- Útliðsbreytingar á yfirborði: Hverir og laugar kunna að minnka eða hverfa, gufuúttreyrmi getur aukist og ný mannvirki, s.s. vegir, borholur og stöðvarhús, breyta ásýnd svæðis.
- Eðlisbreytingar umhverfis: Landsig, massabreytingar og breytingar á grunnvatnsstöðu geta orðið vegna vökvánáms. Truflun getur orðið á nálægum grunnvatnskerfum fari námið fram úr náttúrulegu aðstreyrmi. Til þess að halda vökvánámi og efnamengun í lágmarki er affallsvatni oft dælt niður í jarðhitakerfin.
- Hávaði getur verið við börun, frá blásandi háhitaborholum og frá stöðvarhúsi. Hægt er að deyfa hávaða tengdan rekstri.
- Varmi verður afgangur við vinnslu jarðhita. Hann er illa nýttur (10-15%) við vinnslu raforku úr jarðgufu og er best með afgangsvarmann farið með því að dæla affallsvatninu niður í jarðhitageyminn eða að nýta hann fyrir hitaveitu. Einnig þarf að huga vel að

varmamengun og finna lausnir sem koma í veg fyrir að vatni sé fleygt í sjó og vötn allt að 40°C heitt. Þar eru möguleikar á niðurdælingu.

- Efnalosun í vatn og loft getur fylgt vinnslu jarðhita. Í jarðhitagufu eru gös (koltvíoxíð, brennisteinsvetni, metan, köfnunarefni, argon) og í vatninu er bæði hærra styrkur flestra uppleystra efna en í köldu grunnvatni og stundum efni sem teljast mengandi jafnvel í háum styrk (m.a. arsen, bór, flúor, kadmíum og blý). Niðurstöður mælinga á brennisteinsgösum á og í grennd við jarðhitasvæði benda til þess að við íslenskar loftslagsaðstæður valdi þau ekki hnattrænni mengun. Íslenskt jarðhitavatn er í flestum tilvikum efnasnautt og því meilítið.
- Loftmengun: Losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðhita er fyrst og fremst CO₂ og aðeins hverfandi lítil hluti af CH₄. Losun brennisteinssambanda, sem eru loftmengunarefni en ekki gróðurhúsalofttegund er mun meiri en annarsstaðar í Evrópu pr. íbúa, vegna jarðhitanytingar. Brennisteinn oxast ekki í brennisteinsdíoxíð og veldur því ekki súru regni.
- Lífríki, gróður, dýralíf og örveruflóra í hverum: Möguleg áhrif á þessa þætti tengjast einkum eðlisbreytingum eða losun varma og efna og geta verið mjög breytileg milli svæða. Varmaukning getur haft afdrifarík áhrif á lífríki í ám og vötnum en óveruleg hætt er á efnamengun frá íslenskum jarðhitasvæðum. Hitakærar plöntur sem lifa í og við jarðhitasvæði missa búsvæði sín. Þessar plöntur eru oftast en ekki fágætar og hér á landi eru 10 af 52 íslenskum plöntum á válista yfir plöntur sem vaxa aðeins við jarðhitasvæði. Sjóðheitt frárennsli sem rennur í læki, vötn og sjó drepur fiska og plöntur við útfallið.

20.4 Jarðefni

Stefnan í hnotskurn

Sett er fram stefna um að nýting jarðefna verði með skynsamlegum og skipulögðum hætti og að leitast verði við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Efnisvinnsla fari einungis fram á skilgreindum efnistökusvæðum (sbr. lista í kafla 23.14 í aðalskipulagsgreinargerð) nema hvað efnistaka landeigenda til eigin nota er heimil utan þeirra ef hún stangast ekki á við aðra stefnu aðalskipulagsins. Sett eru almenn hámarksörk fyrir stærð svæðis og efnismagn (25.000 m² eða 50.000 m³ sbr. tilkynningarskyld efnistaka skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum) en þau verði nánar skilgreind í framkvæmdaleyfi fyrir hvert svæði á grundvelli gagna með framkvæmdaleyfisúmsókn og umsagna viðeigandi aðila, sjá nánar málsmeðferðarreglur í kafla 20.4 í aðalskipulagsgreinargerð. Efnistaka umfram ofangreint kallar á breytingu á aðalskipulagi.

Forsendur stefnunnar

Efnisnámur eru víða í Norðurþingi en nýtingu þeirra þarf að vega og meta gagnvart annarri landnotkun og öðrum hagsmunum sem hún getur stangast á við, s.s. náttúruvernd og frístundabygð. Skýr stefna um málsmeðferð efnistöku er því mikilvæg sem miðar að því að efnistöku sé hagað þannig að hún valdi sem minnstum spjöllum á landi.

Flestar námurnar í aðalskipulagstillögunni eru úr námuskrá Vegagerðarinnar og hafa verið og verða að öllum líkindum helst notaðar í vegaf framkvæmdir. Námur sem ekki koma úr skrá Vegagerðarinnar eru ný náma í Höfuðreiðarmúla í landi Einarstaða og Skarðaborgar í Reykjahverfi, námur við Króklág, Katla og í Skógargerðismel á Húsavík og náma í landi Eyvindarstaða í Kelduhverfi. Einnig eru skilgreindar námur sem áformað er að nýta í tengslum við lagningu háspennulína og virkjanavega frá Þeistareykjum.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð stærð og staðsetningu svæðis en almennt getur efnisnám haft áhrif á landslag, ásýnd, umferð, hljóðvist og ryk. Efnistaka í ám, vötnum og sjó getur að auki haft áhrif á lífríki og fiskgengd. Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri er háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri og efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m², er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. sömu lögum. Stefna sem er innan við þessi mörk er heimil á þeim svæðum sem afmörkuð eru sem efnistökusvæði í aðalskipulagstillögunni nema tilgreind séu önnur mörk. Í mörgum tilvikum verður líklega tekið minna efni en hámarksmörkin segja til um og því ólíklegt að um veruleg umhverfisáhrif verði að ræða.

Námurnar sem skilgreindar eru í aðalskipulagstillögunni eru flestar nærri vegum og í landi í einkaeign. Flestar innihalda ófrostnæm laus fyllingarefni en einnig eru skilgreindar nokkrar bergnámur.

Þau svæði sem reiknað er með talsvert umfangsmikilli efnistöku, þ.e. umfram almennu mörkin, eru í Höfuðreiðarmúla (allt að 30.000 m³) í Króklág (allt að 45.000 m³), í Kötlum (allt að 250.000 m³) og í Skógargerðismel (allt að 500.000 m³). Höfuðreiðarmúli er á Reykjaheiði þar sem er hraunmöl í heppilegum stærðarflokki og þar kann efnistakan að hafa nokkur áhrif á landslag. Efnistaka hófst á skilgreindu efnistökusvæði í Króklágarholti sunnan Húsavíkur sumarið 2008. Skógargerðismelur er innan þéttbýlis Húsavíkur og er skilgreint sem íbúðarsvæði í gildandi aðalskipulagi en fyrirhugað að nýta efni úr melnum og endurmóta landið áður en uppbygging hverfisins hefst. Efni í melnum hefur verið kannað og er reiknað með að efnismagn geti verið allt á milli 160-800.000 m³ (Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson 2007: Efniskönnun í Skógargerðismel á Húsavík. Náttúrufræðistofnun Íslands). Meðan á efnistöku úr svæðinu stendur má reikna með talsverðri umferð í gegnum íbúðarhverfi að og frá svæðinu með tilheyrandi áhrifum á hljóðvist og loft. Einnig má reikna með áhrifum á hljóðvist vegna efnisvinnslunnar sjálftrar.

Þess ber að gæta að flokkun svæða í verðmæt svæði á heims-, lands- eða svæðisvísu er að miklu leyti byggð á mati skipulagsráðgjafa út frá greiningu á landfræðilegum grunngögnum og rituðum heimildum um einstakra svæða, ásamt viðtölum við heimamenn og sérfræðinga um einkenni svæða. Flokkunin er því að talsverðu leyti byggð á huglægu mati en ekki formlegum flokkunaraðferðum og er því þeim takmörkunum háð.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Almenn stefna um viðhald fjölbreytileika landslags og skilgreining einstakra svæða sem verðmætra svæða á heims-, lands- eða svæðisvísu og hverfisverndarsvæða er talin líklegt til að hafa jákvæð áhrif á alla helstu umhverfispætti. Þær takmarkanir sem settar eru á einstökum svæðum eru ekki taldar hafa verulega neikvæð áhrif á núverandi landnotkun og möguleika til landnýtingar í framtíðinni.

21.2 Menningarlandslag og menningarminjar

Stefnan í hnotskurn

Stefna aðalskipulagstillögunnar er að menningararfur sem felst í fornleifum og gömlu verðmætu búsetulandslagi verði varðveittur eftir því sem tók eru á. Sem leið að því markmiði verði framkvæmdaaðilar hvattir til að nýta þær upplýsingar sem til eru um fornleifar og eyðibýli í fornleifaskýrslum og landfræðilegum gagnagrunni sveitarfélagsins til að meta möguleg áhrif skipulags og framkvæmda á minjar og taka tillit til þeirra við skipulagsgerð og framkvæmdir, þ.m.t. skógrækt, eftir því sem mat á verndargildi gefur tilefni til. Lokið verði við skráningu fornleifa í öllu sveitarfélaginu en þar til henni er lokið verði fornleifar skráðar við deiliskipulagsgerð eða á framkvæmdastigi.

Forsendur stefnunnar

Út frá fornminjum má rekja sögu búsetu og samfélags og þær styrkja sjálfsmynd samfélaga og einstaklinga. Varðveisla þeirra er því mikilvæg en stefna aðalskipulagstillögunnar byggir að öðru leyti á fyrirliggjandi fornleifaskýrslum en þær hafa verið unnar fyrir Reykjahverfi, Húsavík og Kelduhverfi og afmörkuð svæði tengd einstökum framkvæmdum eins og vegaðgerð sjá heimildaskrá og kafla 23.17 í aðalskipulagsgreinargerð). Eftir er að skrá aðra hluta sveitarfélagsins.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Almenn stefna um varðveislu fornminja er talin geta haft jákvæð áhrif á alla helstu umhverfispætti. Þær viðmiðunarreglur sem eru settar varðandi fornleifar eru ekki taldar hafa verulega neikvæð áhrif á núverandi landnotkun og möguleika til landnýtingar í framtíðinni.

21.3 Skógrækt

Stefnan í hnotskurn

Markmið skógræktar samkvæmt skipulagstillögunni eru einkum að græða land, hefta sandfok, bæta landgæði, binda kolefni, mynda skjól og bæta útivistaraðstöðu. Hvatt er til þess að við áætlanagerð og undirbúning skógræktar séu nýtt þau gögn sem til eru hjá Norðurþingi um einkenni náttúruufars, landslags og minja á viðkomandi svæði. Öll skógrækt skal vera í samræmi við stefnu sem kemur fram í aðalskipulaginu. Til þess að það verði og Norðurþing geti sinnt hlutverki sínu um samræmi skógræktar við skipulag er sett fram ákvæði um að öll áform um skógrækt skuli tilkynnt skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings sem veitir umsögn um hvort þau séu í samræmi við stefnu aðalskipulagsins. Settur er fram listi yfir upplýsingar skulu fylgja tilkynningunni en hann inniheldur þau gögn sem vænta má að séu til skoðunar við áætlanagerð um skógrækt.


Skógrækt er óheimil á svæðum sem eru verðmæt á heimsvísu, landsvísu og svæðisvísu nema á heiðum Kelduhverfis, sem hefur að geyma verðmætar fornleifar á landsvísu, en þar skal tryggt að garðar sem einkenna búsetulandslagið skemmist ekki og tekið skal tillit til varðveisluverðra fornleifa eftir því sem kostur er. Þá er gert ráð fyrir að svæði sem eru sérstaklega verðmæt landbúnaðarsvæði, s.s. til ræktunar túna eða korns, megi ekki taka undir, skógrækt, sem skerðir möguleika til að nýta þau fyrir landbúnaðarframleiðslu. Ef taka á þessi svæði undir annað en landbúnað þarf að gera grein fyrir áhrifum á landbúnaðarframleiðslu eða hvar hægt er að rækta eða beita í staðinn áður en ákvörðun um breytta landnotkun er tekin.

Settar eru fram almennar leiðbeiningar eða viðmiðunarreglur um hönnun skógar svo að hann falli sem best að náttúru og landslagi. Reglurnar snúast t.d. um aðlögun skógar að landi, skógarjaðra, stærð skógarteiga, fornminjar, fjarlægð frá vegum og raflinum og aðgengi almennings.

Gert er ráð fyrir að skógrækt umhverfis þéttbýli fari einkum fram á röskuðu landi (s.s. túnum), brekkum, hæðóttu eða vangrónu landi og að ekki verði plantað í votlendi.

Forsendur stefnunnar

Stefnan tekur mið af lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga. Skógrækt er ekki framkvæmdaleyfis skyld nema hún sé á verndarsvæði eða nái yfir 200 ha svæði eða stærra en hún þarf hins vegar að vera í samræmi við stefnu í aðalskipulagi. Stefnu aðalskipulagstillögunnar er einkum ætlað að stuðla að því að skógrækt verði með skipulegum hætti og við undirbúning hennar verði nýttar þær upplýsingar sem til eru um náttúru, minjar og landslag þannig líkur verði á því að skógræktin bæti umhverfið en raski ekki verðmætum.



Kjarr- og skóglendi og svæði sem hefur verið plantað í árið 2009

Áhrif á samfélag og umhverfi

Skógrækt er sennilega sú landnýting sem kann að hafa hvað verulegust áhrif á umhverfi Norðurlands í framtíðinni. Líklegast er að áhrifin verði aðallega við Húsavík, Reykjahverfi og Kelduhverfi og Öxarfirði. Skógrækt getur haft áhrif á fjölmarga þætti og geta þau ýmist talist jákvæð eða neikvæð eftir því með hvaða gleraugum er horft. Þau áhrif sem skógrækt er almennt talin geta haft eru (byggt á þróun Eysteinnsson 2001: Áhrif aukinnar skógræktar. Erindi á Ráðunautafundi):

- Samfélag: Auknar tekjur í dreifbýli en hugsanlega neikvæð áhrif á samgöngur eða útsýni.
- Jarðvegur: Breytingar á efnaferlum í jarðvegi.
- Jarðvegsrof: Skógrækt dregur almennt úr jarðvegsrofi.
- Nærveður: Aukið skjól, jöfnun á hitasveiflum.
- Landslag: Talsverð á einstökum stöðum en áhrif á heildina fer eftir umfangi og útfærslu skógarins.
- Vatnsmiðlun: Jafnari dreifing snjóalaga og jarðvegsraka verður í skógivöxnu landi.
- Grunnvatn: Lítil sem engin áhrif.
- Líffræðileg fjölbreytni: Talsverð í skógarreitunum sjálfum.
- Gróður: Ljóselskum plöntutegundum fækkar í skógarreitum, skuggþolnum tegundum fjölga.
- Dýralíf: Breytingar á tegundasamsetningu í skógarreitum.
- Hnattraen áhrif: Skógur bindur koltvísýring en hefur lítil áhrif sökum lítils umfangs.
- Fornleifar: Lítil ef þess er gætt að rækta ekki skóg á eða of nálægt fornleifum.


Þessi listi segir til um hvaða þætti þarf að skoða við undirbúning skógræktar þannig að áhrif hennar verði jákvæð fremur en neikvæð.

Á næstu blaðsíðu og á meðfylgjandi myndum er gerð nánari grein fyrir núverandi og þegar samþykktum skógræktarsvæðum sem kann að gefa til kynna hvers konar svæði eru líklegust til að verða tekin til skógræktar og hvaða áhrif áformin kunna að hafa á fornleifar í Kelduhverfi en það svæði er talið verðmætt á landsvísi m.t.t. búsetuminja. Á það er þó minnt að aðalskipulagstillagan setur fram stefnu um að tillit sé tekið til fornleifa forðast sé að raska þeim. Einnig er sett fram stefna um vernd og endurheimt votlendis og að ekki sé plantað slíkt land.

Núverandi (vorið 2009) skógræktarsvæði í Norðurþingi ná yfir 1640 ha. Samkvæmt grófri gróðurflokkun Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir Corine verkefni Landmælinga Íslands þá er mest af skógræktarsvæðunum á mólendi, en einnig talsvert á graslendi og lítið grónu landi. Með því að leggja skógræktarsvæðin ofan á loftmyndir þá virðist ekki vera mikið um að skógrækt sé stunduð í kjarri eða eldra skóglendi. Skógræktarsvæðin skiptast þannig eftir gróðurflokkum:

Graslendi	175 ha
Mólendi mosi kjarr	1371 ha
Ógróið	104 ha
Hálfgróið	1 ha
Mýrar	6 ha

Af skráðum fornminjum í Norðurþingi falla 118 innan skógræktarsvæða, þar af eru 6 sem hafa kynningar-, varðveisl- eða rannsóknargildi skv. fornleifaskrá, en þær eru allar í nágrenni Húsavíkur. Talsvert af fornminjum fellur innan þegar samþykkt/áformaðra skógræktarsvæða í Kelduverfi en engar þeirra teljast þó hafa kynningar-, varðveisl- eða rannsóknargildi skv. fornleifaskrá. Hinsvegar er svæðið í heild talið merkilegt vegna fornminja.



- Fornleifar
- Fornleifar með kynningar, varðveisl eða rannsóknargildi
- Svæði undir Norðurlandsskóga

Samningasvæði

■ Svæði undir Norðurlandsskóga



Svæði sem samningur er um á grundvelli Norðurlandsskóga 2009

21.4 Landgræðsla

Stefnan í hnotskurn


Landgræðsla miði að því að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu, fyrirbyggja frekari eyðingu, sand- og vikurfok og önnur landspjöll og byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf og til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda. Við uppgæðslu lands verði þess gætt að heildarsvipmóti lands og náttúru- og menningarminjum. Áhersla verði aukin á notkun íslenskra gróðurtegunda og lögð áhersla á að styrkja innlendan gróður og þar með endurheimt náttúrulegra vistkerfa. Gætt verði að því að ágengar framandi tegundir kaffæri ekki íslenskan gróðri. Sérstaklega verði þess gætt að framandi ágengar tegundir berist ekki inn í Vatnajökulsþjóðgarð og valdi skaða á fjölbreyttu gróðurfari hans. Norðurþing mun beita sér fyrir að unnar verði landgræðsluáætlanir fyrir hvert svæði þar sem gerð verður grein fyrir markmiðum og áherslum landgræðslu á viðkomandi svæði. Beitarstjórn verði komið á og bændur, félagasamtök og íbúar verði hvött til að græða land í samræmi við áætlun og áherslur á hverju svæði.

Forsendur stefnunnar

Landeyðing er víða mikil í Norðurþingi og landgræðsla hefur verið stunduð þar lengi. Árið 2009 eru í sveitarfélaginu 13 landgræðslusvæði sem samtals þekja 111.000 hektara. Stærstu landgræðslusvæðin eru á Hólsfjöllum, en einnig eru stór svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs auk svæða í nágrenni Húsavíkur og við Leirhafnarfjöll. Þá er ágangur sands vandamál á aurum Jökulsár í Öxarfirði, þar sem eru nokkrar aðskildar landgræðslugirðingar.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Með landgræðslu er jarðvegsrof og gróðureyðing stöðvuð, dregið er úr ágangi á viðkvæm gróðurlendi, vistkerfi byggð upp og stuðlað að bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi sem mótvægi við losun gróðurhúsalofttegunda. Landgræðsla getur því haft ýmis jákvæð umhverfisáhrif. Áburðargjöf og sáning getur hins vegar leitt til þess að tegundasamsetning á viðkomandi svæðum verði einsleitari. Grös geta orðið ríkjandi í gróðri ef áburðargjöf er of mikil og ofnotkun getur einnig leitt til útskolunar næringarefna í grunnvatn. Framandi ágengar tegundir geta breytt úr sér inn á núverandi gróðurlendi og breytt þeim eða rýrt fjölbreytni þeirra. Í landgræðslu innan eða í grennd við Vatnajökulsþjóðgarð þarf sérstaklega að huga að þessu þannig að verðmæt flóra svæðisins skaðist ekki. Með skýrum markmiðum og skipulagðri landgræðslu má leitast við draga úr líkum á neikvæðum áhrifum.



Landgræðslusvæði

22 Vandað skipulag og sterk bæjarmynd í þéttbýli

Stefna	Sam félag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðar mynstur	Lýðheilsa
Gönguvæn og aðlaðandi byggð (22.1)	++	0	++	++	++	++	++	++
Virðing fyrir náttúru og menningararfi (22.2)	++	++	++	++	++	++	++	++
Fjölbreytt og aðgengileg útivistarsvæði (22.3)	++	0	++	++	++	++	++	++
Skýringar: Tölur í sviga vísa í viðeigandi kafla í aðalskipulagsgreinargerð. Flokkun áhrifa: ++ verulega jákvæð + jákvæð 0 hlutlaus ÷÷ verulega neikvæð ÷ neikvæð ? Óvissa eða háð útfærslu								

22.1 Gönguvæn og aðlaðandi byggð

Stefnan í hnotskurn

Stefnt er að því að skipulag og uppbygging þéttbýlanna þriggja geri byggðina gönguvæna og aðlaðandi, m.a. með því að skapa skýrt afmörkuð, skjólsæl og aðlaðandi götu- og torgrými, útfæra gatna- og stígakerfi þannig að það þjóni vel bæði akandi, hjólandi og gangandi vegfarendum og móta greinilega og áhugaverða miðbæi.

Forsendur stefnunnar

Þéttbýli Norðurbings eru öll af þeirri stærðargráðu að þar geta flestir farið um gangandi eða hjólandi án erfiðleika ef vel er búið að stígum og götum.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Gönguvænt og aðlaðandi umhverfi eykur líkur á að fólk gangi til daglegra erinda og hreyfi sig þar með meira en hreyfingarleysi er vaxandi heilbrigðisvandamál. Minni akstur dregur úr loft- og hljóðmengun og bætir þannig líka lýðheilsu. Samþjöppun þjónustu í miðbæ gerir mögulegt að sinna öllum erindum á sama stað í stað þess að þurfa að fara á marga staði, sem aftur má ætla að ýti undir að fólk gangi frekar en aki. Aðlaðandi umhverfi hefur einnig almennt góð áhrif á vellíðan fólks.

22.2 Virðing fyrir náttúru og menningararfi

Stefnan í hnotskurn

Stefna aðalskipulagstillögunnar er að stuðlað verði að varðveislu bygginga og annarra mannvirkja sem bera vitni um sambúð manns og náttúru og einnig eldri húsa, götummynda og annarra mannvirkja sem hafa sögulegt, menningarlegt og/eða byggingarlistrænt gildi og þjóna sem fulltrúar síns tíma. Gömul hús verði ekki rifin nema þau séu í ónothæfu ástandi, ekki sé unnt að gera þau upp og fyrir liggi áform um nýbyggingu sem komi í staðinn. Tvö hverfisverndarsvæði til varðveislu eldri byggðar eru skilgreind á Húsavík (sjá svæði Hv1 Höfðavegur og Hv2 Ásgarðsvegur í kafla 24.20 í aðalskipulagsgreinargerð).

Öll skipulagsvinna og mannvirkjagerð taki mið af náttúrufari og landslagseinkennum, m.a. með því að varðveita og styrkja sjónlínur til helstu kennileita og fallegs útsýnis og leitast við að nota gróður og náttúruleg efni úr héraðinu við umhverfismótun í almenningsrýmum og á opnum svæðum. Skógrækt umhverfis þéttbýli fari einkum fram á röskuðu landi (s.s. túnum), brekkum, hæðóttu eða vangrónu landi og ekki verði plantað í votlendi. Nokkur svæði innan þéttbýlismarka eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði til verndar náttúru.

Helstu breytingar á landslagi í þéttbýli er ráðgerð landfylling í Suðurfjöru á Húsavík og efnistaka úr Skógargærðismel þar sem síðan er fyrirhugað að reisa íbúðarbyggð (sjá svæði A3 og í kafla 24.38 og Í12 kafla 24.3.4 í aðalskipulagstillögu) en gert er ráð fyrir hvorutveggja í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025.

Forsendur stefnunnar

Að geta lesið sögulega þróun út úr húsum og rýmum gerir bæi og þorp áhugaverð og hjálpar íbúum þeirra að tengjast rótum sínum og skerpa á sjálfsmyndina. Söguleg samfella í byggðinni er því mikilvæg. Virðing fyrir náttúru er bæði mikilvæg fyrir heilbrigði vistkerfa og fyrir vellíðan íbúa en rannsóknir hafa sýnt að tækifæri til að komast í tengsl við náttúruna hafa jákvæð áhrif á heilsu, þ.m.t. sjónræn tengsl.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefna um virðingu fyrir náttúru og menningararfi er talin geta haft jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti. Þær takmarkanir sem eru settar á einstök hverfisverndarsvæði eru ekki taldar hafa verulega neikvæð áhrif á núverandi landnotkun og möguleika til nýtingar í framtíðinni.

22.3 Fjölbreytt og aðgengileg útivistarsvæði

Stefnan í hnotskurn

Stefna aðalskipulagstillögunnar er að opin svæði innan þéttbýlis verði samtengd með grænum geirum, stígum eða gróðri í götum þannig að þau myndi eina samhangandi heild. Góðar tengingar verði einnig við útivistarsvæði umhverfis þéttbýli og aðgengi að fjöru verði tryggt sem víðast. Útivistarsvæði bjóði upp á fjölbreytta möguleika til hreyfingar eða slökunar.: Stíganet liggja um opin svæði innan þéttbýlis og í grennd við þéttbýli og komið verði fyrir bekkjum, borðum, leiktækjum og æfingataækjum á völdum stöðum á opnum svæðum, t.d. þar sem skjól er gott eða njóta má útsýnis. Búið verði vel að íþróttasvæðum þannig að þar sé hægt að stunda margvíslegar íþróttir. Í hverju þéttbýlanna þriggja í Norðurþingi eru afmörkuð íþróttasvæði og almenn útivistarsvæði og stíganet á milli þeirra skilgreint.

Forsendur stefnunnar

Góðar aðstæður til útivistar og hreyfingar eru mikilvægur grunnur að góðum lífsgæðum og lýðheilsu. Fjölbreytni tryggir að þörfum sem flestra er sinnt.

Áhrif á samfélag og umhverfi

Stefna um fjölbreytt og aðgengileg útivistarsvæði er talin geta haft jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti. Þeir skipulagsskilmálar sem eru settir fyrir einstök svæði eru ekki taldar hafa verulega neikvæð áhrif umhverfið.

23 Samræmi við gildandi skipulag

23.1 Skipulag á sveitarfélagamörkum

Landnotkun á sveitarfélagamörkum er í aðalskipulagstillögunni að stærstum hluta skilgreind sem óbyggð svæði en að hluta til sem landbúnaðarsvæði.

Landnotkun á mörkum Norðurlands og nágrennasveitarfélaga er eftirfarandi:

- Fljótsdalshérað: Óbyggð svæði sem er í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028.
- Langanesbyggð: Óbyggð svæði sem er í samræmi við Aðalskipulag Þórshafnarhrepps 2003-2023 og fyrirbyggjandi tillögu að Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027.
- Skútustaðahreppur: Óbyggð svæði, náttúruverndarsvæði og vatnsverndarsvæði, sem telst í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015 þar sem er óbyggð svæði.
- Svalbarðshreppur: Landbúnaðarsvæði að norðanverðu en óbyggð svæði að sunnanverðu en ekkert aðalskipulag er í gildi í hreppnum.
- Tjörneshreppur: Óbyggð svæði, landbúnaðarsvæði og þéttbýli (iðnaðarsvæði og þynningarsvæði) og liggja þeir landnotkunarflokkar allir að landbúnaðarsvæði skv. fyrirbyggjandi tillögu að Aðalskipulagi Tjörneshrepps 2008-2028.
- Vopnafjarðarhreppur: Óbyggð svæði sem er í samræmi við Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026
- Þingeyjarsveit: Óbyggð svæði að hluta og landbúnaðarsvæði að hluta og liggja þeir landnotkunar að sömu landnotkunarflokkum hinu megin við mörkin skv. fyrirbyggjandi tillögu að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár er einnig í báðum sveitarfélögunum. Hverfisverndarsvæði í Gjástykkj, Norðurlandsmegin, liggur að óbyggðu svæði í Þingeyjarsveit.

Sveitarfélögin fengu tillöguna til umsagnar og gerðu þau ekki athugasemdir við landnotkun á sveitarfélagamörkum.

Svæði Norðurlands sem liggur að Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 1995-2015 er skilgreint sem óbyggð svæði og/eða óbyggð svæði með verndartakmörkunum vegna náttúruverndar, vatnsverndar eða hverfisverndar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á landnotkun eða nýjum framkvæmdum á mörkum skipulagssvæðanna. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis hefur fengið aðalskipulagstillöguna til umsagnar en umsögn hefur ekki borist.

23.2 Breytingar frá gildandi aðalskipulagi í Norðurlandi

Tillaga að Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 tekur mið af gildandi aðalskipulagi, þ.e. Aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025, Aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007, Aðalskipulag Kópaskers 1990-2010 og Aðalskipulag Raufarhafnar 1996-2016. Í umfjöllun um hvert landnotkunarsvæði í köflum 23, 24, 26 og 27 er gerð grein fyrir gildandi skipulagi á viðkomandi svæði og hvort vikið er frá því að einhverju leyti.

24 Samantekt og niðurstaða

Stefna	Samfélag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Bygðarmynstur	Lýðheilsa
Stóriðja á Bakka	++	÷?	÷	÷	÷	÷	+	0
Athafnastarfsemi á Bakka	++	÷?	÷?	÷?	÷	÷	+	0
Ný höfn við Húsavíkurhöfða	++	÷?	÷?	÷?	÷	÷	+	0
Verðmæt landbún.svæði	++	0	0	0	÷?	++	++	++
Ylrækt	++	?	0	?	0	0	+	++
Fiskeldi	++	?	0	÷?	÷?	0	+	++
Berja- og grasalönd	+	0	+	0	++	++	0	++
Ferðaþjón. – lykilatvinnuv.	++	?	÷?	÷?	?	+	+	++
Fjölbreytt affreying	++	?	÷?	÷?	?	+	+	++
Sérsvið Norðurljósa	++	++	++	++	++	++	++	++
Möguleikar til fjarvinnslu	++	0	++	++	++	0	0	++
Vegakerfi	++	÷?	+	0	0	÷?	+	++
Almenningssamgöngur	++	0	+	0	0	0	0	++
Flugsamgöngur	++	0	÷	0	0	0	0	+÷
Hafnir	++	0	÷	0	0	0	0	+÷
Göngu- og reiðleiðir	++	+÷	++	0	+÷	0	0	++
Fjarskipti	++	0	0	0	?	++	++	++
Rafveita	++	0	0	?	0	0	?	++
Hitaveita	++	0	0	÷?	÷?	0	+	++
Vatnsveita	+	+	0	0	++	++	+	++
Fráveita	0	+	0	+	+	0	0	+
Sorphirða og sorpförgun	+	÷?	0	÷?	+	0	0	+
Búsetukostir	++	0	0	0	?	++	++	++
Hönnun og bygging íbúðarhúsnæðis	++	0	0	?	0	0	++	0
Skólar	++	0	0	0	0	0	+	++
Háskólanám og símenntun	++	0	0	0	0	0	+	++

Skýringar:

++ jákvæð	+ nokkuð jákvæð	0 hlutlaus
+÷ neikvæð	÷ nokkuð neikvæð	? Óvissa eða háð útfærslu

24.1 Samanlögð áhrif á einstaka umhverfisþætti

Umhverfismati er m.a. ætlað að draga fram hvaða áhrif tillögunnar gætu orðið *verulega neikvæð* og hvernig hægt er að draga úr þeim. Áhrif teljast veruleg ef þau hafa veruleg bein eða óbein áhrif á náttúrufar, samfélag, efnahag eða náttúruauðlindir; vara lengi; ná yfir stór svæði, yfir landamæri eða til fjölda fólks; hafa áhrif á heilsu fólks; leggjast saman með öðrum stefnumiðum, aðgerðum eða umhverfisbreytingum og/eða eru í ósamræmi við samþykktu stefnu á heims-, lands- eða svæðisvísu (Skipulagsstofnun 2007).

Þegar litið er til samanlagðra áhrifa allra stefnumiða á einstaka umhverfisþætti gætu helstu áhrifin orðið eftirfarandi:

Samfélag

Flest stefnumið aðalskipulagstillögunnar eru talin geta haft jákvæð áhrif á atvinnulíf, íbúðarþróun þjónustu og samgöngur, ýmist með því að styðja beint við þróun atvinnulífs en einnig óbeint með því að stuðla almennt að góðum búsetuaðstæðum í sveitarfélaginu, s.s. með því að vernda og nýta með sjálfbærum hætti þá kosti sem felast í auðlindum og umhverfi sveitarfélagsins og stuðla að áframhaldandi góðum aðstæðum til tómstundaiðju, menntunar og menningarlífs. Ekki eru talin verða veruleg neikvæð áhrif á samfélag af einstökum eða samanlögðum stefnumiðum.

Land

Allflest stefnumið aðalskipulagstillögunnar eru talin hafa lítil sem engin áhrif á jarðmyndanir, jarðveg og jarðhitasvæði. Þau stefnumið sem einkum gætu haft áhrif á þessa þætti eru uppbygging stóriðju á Bakka með tilheyrandi framkvæmdum, nýir vegir, urðun úrgangs og nýting fallvatna, jarðhita, jarðgass og jarðefna. Áhrif af uppbyggingu stóriðju á Bakka verða nánar metin skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000. Áhrif stefnumiða um nýtingu fallvatna og jarðhita eru háð óvissu þar sem ekki er ljóst á þessu stigi nákvæmlega hvar eða af hvaða umfangi nýtingin verður. Um áhrif slíkra framkvæmda verður nánar fjallað skv. skipulags- og byggingarlögum við breytingu á aðalskipulagi og í mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Loft

Þau stefnumið sem hugsanlega gætu ýtt undir gróðurhúsaáhrif og/eða aukið svifryk eru þau sem kunna að hafa í för með sér aukna akandi umferð, annað hvort tímabundið eða til langframa. Það getur átt við um stefnu um stóriðju á Bakka, athafnastarfsemi á Bakka, nýja höfn við Húsavíkurhöfða, efnistöku og aukna ferðaþjónustu. Nýting jarðhita kann að auka koldíoxíð og brennistein í andrúmslofti en það síðarnefnda er ekki gróðurhúsalofttegund. Ekki er talið að ofangreind stefnumið ein og sér eða samanlagt muni valda verulegum gróðurhúsaáhrifum eða verulegri aukinni svifryksmengun. Stefna aðalskipulagstillögunnar um skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlenda mun vega upp á móti þeim gróðurhúsaáhrifum og loftmengun sem kann að verða.

Vatn

Áhrif aðalskipulagstillögunnar á vatnsgæði og vatnsbúskap yfirborðsvatns, grunnvatns og strandsjávar er að miklu leyti háð útfærslu á deiliskipulags- og framkvæmdastigi og því erfitt að segja til um þau á þessu stigi. Líklegt er að þó talið að þau verði ekki verulega neikvæð þar sem með stefnu tillögunnar um varnir gegn mengun vatns, líffræðilega fjölbreytni, umgengni og lífstíl og verndun verðmætra svæða er stuðlað að heilbrigðum vatnsbúskap.

Vistkerfi

Þau stefnumið sem hugsanlega gætu breytt gróðurfari og/eða dýralíf að einhverju leyti og haft áhrif á vistgerðir, búsvæði og líffræðilega fjölbreytni er uppbyggingu stóriðju á Bakka með tilheyrandi framkvæmdum, nýting fallvatna, jarðhita, jarðgass og jarðefna, auk skógræktar og landgræðslu. Umfang áhrifa er þó háð útfærslu á deiliskipulags- og framkvæmdastigi sem ekki er hægt að segja til um á þessu stigi. Líklegt er að þó talið að þau verði ekki verulega neikvæð m.a. vegna stefnu tillögunnar um varnir gegn mengun vatns, líffræðilega fjölbreytni, umgengni og lífstíl og verndun verðmætra svæða er stuðlað að heilbrigði vistkerfa.

Minjar og landslag

Aðalskipulagstillagan er almennt talin hafa jákvæð eða lítil sem engin áhrif á náttúruminjar, menningarminjar og landslag. Neikvæð áhrif gætu orðið einhver af stóriðju á Bakka og tilheyrandi framkvæmdum og nýtingu auðlinda eins og jarðhita og jarðefna en umfang áhrifa er háð útfærslu á deiliskipulags- og framkvæmdastigi. Með stefnu tillögunnar um verndun víðerna og svæða sem teljast verðmæt vegna náttúru, minja, landslags eða landbúnaðar er stuðlað að því að neikvæð áhrif af framkvæmdum sem kunna að koma til verði sem minnst.

Byggðarmynstur

Áhrif stefnu aðalskipulagstillögunnar á einkenni byggðar, s.s. þéttleika og ásýnd eða yfirbragð, eru almennt talin verða jákvæð með því að styðja við atvinnulíf í dreifbýli og þar með að viðhalda og styrkja byggð þar. Stefna um byggðarmynstur í þéttbýli tekur einnig mið af einkennum þeirrar byggðar sem fyrir er.

Lýðheilsa

Stefnumið aðalskipulagstillögunnar eru almennt talin hafa góð áhrif á lýðheilsu með því að stuðla að atvinnuöryggi, matvælaöryggi, umferðaröryggi og öryggi gegn náttúruvá. Einnig er í tillögunni leitast við að lágmarka líkur á vatns- og loftmengun og bæta aðstæður til hreyfingar og tómstundaiðu bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Stefna	Samfélag	Land	Loft	Vatn	Vistkerfi	Minjar og landslag	Byggðarmynstur	Lýðheilsa
Almenn útivistarsvæði	++	0	0	0	0	++	++	++
Leiksvæði barna	++	0	0	0	0	0	+	++
Íþróttasvæði og íþr.mannv.	++	0	0	0	0	0	+	++
Tómstundabúskapur	++	0	0	0	0	0	+	++
Tómstundaveiðar	++	0	0	0	?	0	+	++
Frístundabyggð	++	0	0	÷?	÷?	÷?	+?	++
Menningarlíf	++	0	0	0	0	0	++	++
Menningararfur	++	0	0	0	0	++	0	++
Félagsþjónusta	++	0	0	0	0	0	+	++
Heilbrigðisþjónusta	++	0	0	0	0	0	+	++
Öryggi	++	0	0	0	0	0	+	++
Miðstöð stjórnsýslu	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðgengi að upplýsingum	++	0	0	0	0	0	0	++
Umhverfisstarf	++	++	++	++	++	++	0	++
Varnir gegn mengun vatns	÷?	0	0	++	++	++	0	++
Loftgæði og loftsl.br.ingar	0	0	++	+	+	0	0	++
Verndun líffr.l. fjölbreytni	+÷	+	0	++	++	++	0	++
Umgengni og lífstíll	+	+	+	++	++	+	+	++
Neysluvatn	++	0	0	0?	?	?	?	++
Nýting fallvatna	+	÷	0	÷?	÷?	÷?	+	?
Jarðhiti og jarðgass	++	÷	÷	÷?	÷?	÷?	+	?
Jarðefni	+	÷	÷?	÷?	÷?	÷	+	?
Fjölbreytni landslags og verðmæt svæði	++	++	++	++	++	++	++	++
Menningarlandslag og menningarminjar	++	++	++	++	++	++	++	++
Skógrækt	++	÷+	++	?	÷+	÷?	0	++
Landgræðsla	0	++	++	++	÷+	÷+	0	++
Gönguvæn og aðlaðandi byggð	++	0	++	++	++	++	++	++
Virðing fyrir náttúru og menningararfi	++	++	++	++	++	++	++	++
Fjölbr. aðg.l. útivistarsvæði	++	0	++	++	++	++	++	++

24.2 Niðurstaða

Heilt yfir litið er aðalskipulagstillagan talin líkleg til að hafa jákvæð áhrif fremur en neikvæð. Jákvæð áhrif eru líkleg til að verða á samfélag og lýðheilsu, minjar, landslag, vistkerfi og byggðarmynstur, sbr. umfjöllun um einstök stefnumið og samantektina að framan. Neikvæð áhrif kunna helst að verða á land, loft, vatn og vistkerfi vegna uppbyggingar stóriðju og tilheyrandi framkvæmda, nýtingar auðlinda s.s. vatns, jarðhita og jarðefna eða skógræktar og landgræðslu. Ekki er þó talið að þessi stefnumið ein og sér eða samanlögð muni hafa veruleg neikvæð áhrif á einstaka umhverfisþætti eða umhverfið í heild. Því er ekki talin þörf á vöktun vegna framfylgdar tillögunnar.

Heimildaskrá

Sjá viðauka 2 með Aðalskipulagi Norðurljóss 2010-2030.